

# FRÉTTABLAÐIÐ

13. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR

— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\* —

LAUGARDAGUR 16. JANÚAR 2016

1972 Sverrir Kristinsson

1974 Bjarni Matthías Sigurðsson

1974 Guðmundur Einarsson

1974 Geirfinnur Einarsson

1987 Guðmundur Fjallakrakur

1994 Júlíus Karlsson

1994 Óskar Hallgrímsson

1994 Valgeir Vilhjálmsson

2010 Matthías Þórðarson

2013 Friðrik Kristjánsson

2015 Hörður Björnsson

# 43

## mannshvörf á 46 árum

Á fimmta tug mannshvarfa eru enn óupplýst á borði lögreglu. Í öllum tilvikum er um karlmenn að ræða. ➔30



**Trúarlegt yfirskin DAISH ➔38**



**Hausinn í lagi fyrir EM ➔34**



**Í heimsókn á settið til Balta ➔36**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • ATVINNA • FÓLK

\*Samkvæmt prentmiðlökunum Gallup apríl-júní 2015

**NORSKIR BRJÓSTDROPAR**  
RÓAR HÓSTA, DREGUR ÚR  
SÁRSAUKA OG LOSAR UM  
Í ENNIS- OG KINNHOLOM.

**DANSKIR BRJÓSTDROPAR**  
MÝKIR HÁLS OG STILLIR  
ÞRÁLÁTAN HÓSTA.  
FÁST Í NÆSTA APÓTEKI



**Gaman**  
Ferðir




**Útsalan**  
er í fullum gangi

Opið til 18 í dag

SMÁRALIND

## Veður



Fremur hæg suðaustlæg átt og slydda eða rigning af og til suðaustanlands, skýjað en yfirleitt þurr annars staðar. Víða frostlaust við sjóinn um tíma, en síðan léttir til og kólnar um kvöldið, einkum í innsveitum norðaustanlands.  **SJÁ SÍÐU 52**



Útlókar ekki framboð síðar. MYND/STÖÐ 2

## Jón Gnarr býður sig ekki fram

**STJÓRNMÁL** Jón Gnarr, framkvæmdastjóri dagskrársviðs 365, býður sig ekki fram til embættis forseta Íslands. Þetta sagði Jón í nýjum sjónvarpsþætti sínum, Ísland Today, á Stöð 2 í gærkvöldi. Hann sagðist þó ekki útlóka að bjóða sig fram síðar en að sinni væri hugur hans í leik og þáttagerð.

„Ég hlakka gríðarlega til að fá að leika og búa til íslenskt sjónvarpsþætti á nýjan leik. Þannig að ég vona að ég hafi svarað þessari spurningar í eitt skipti fyrir öll,“ sagði Jón.

Þá tilkynnti gestur Jóns í þættinum, Sigurjón Kjartansson, að hann útlókaði einnig forsetaframboð. – srs

## Mögulega fyrsti kvenforsetinn

**TAÍVAN** Íbúar í Taívan ganga að kjörborðinu á morgun til að kjósa forseta og nýtt þing.

Allt stefnir í sigur hins miðvinstriinnnaða DPP í bæði þing- og forsetakosningum.

Forsetaframjöhðandi DPP, Tsai Ing-wen, yrði fyrsta konan til að gegna embætti forseta í landinu.

Ma Ying-jeou, forseti Taívans, úr hægri flokknum Kuomintang hefur þjónað sem forseti frá árinu 2008. Hann gefur ekki kost á sér aftur sem forseti sökum þess að seta forseta er takmörkuð við tvö kjörtímabil.

Ying-jeou hefur í tíð sinni sem forseti eftt tengsl Taívans og Kína en nú gæti orðið breyting þar á þar sem DPP hefur ætíð hallast að auknu sjálfstæði og fullveldi Taívans.

Kuomintang hefur stjórnað landinu frá árinu 2008 en valdatíð hans virðist að lokum komin. – srs

## Leiðir skilur



Varðskipið Þór kemur með gámaflutningaskipið Hoffell til Reykjavíkurhafnar eftir að það varð vélarvana í upphafi vikunnar 160 sjómílum suðvestur af Færeyjum. Togið til Reykjavíkur var 425 sjómíllur sem er lengsta ferð Þórs með skip í togi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Hollendingur í vanda eftir víg

**HOLLAND** Tæplega fimmtugur Hollendingur, Jitse Akse að nafni, hefur verið handtekinn þar í landi fyrir að drepa vígamenn Íslamska ríkisins svonefnda, DAISH-samtakanna, í Sýrlandi.

Maðurinn er fyrrverandi hermaður, en sagði frá því stuttu fyrir áramót í viðtali og á Facebook að hann hefði drepit menn í átökum í Sýrlandi.

Hann segist hafa barist þar með sveitum Kúrda gegn DAISH-mönnum og orðið nokkrum að bana, fleiri en hann vildi þó segja frá.

Samkvæmt fréttatilkynningu frá stjórnvöldum í Hollandi hefur hann verið látinn laus gegn tryggingu, en þurfti að afhenda vegabréf sitt, má ekki ferðast úr landi og verður að mæta vikulega til lögreglu.

Samkvæmt hollenskum lögum er hollenskum ríkisborgurum bannað að beita ofbeldi, segir í fréttatilkynningunni. – gb

# Biður um tímatak mörk vegna listamannalauna

Stefán Máni rithöfundur vill takmörk á hve lengi sé hægt að vera á listamannalaunum með sama verkefni. Þá eigi að auðvelda ungum rithöfundum að komast að. Unnið er að endurskoðun reglna um val í valnefndir listamannalauna.

**STJÓRNSÝSLA** „Mér finnst að það eigi að fara betur með þessa peninga og nota þá til að gefa fleirum kraft,“ segir Stefán Máni rithöfundur um úthlutun listamannalauna.

Spennusagnahöfundurinn vill takmörk á hve lengi sé hægt að vera á listamannalaunum með sama verkefni. Oeðlilegt sé að rithöfundar geti verið á launum í mörg ár við að skrifa sömu bókina.

„Tvö ár eiga alveg að vera nægur tími til að skrifa bók,“ segir Stefán Máni. „Ég átta mig alveg á því að af og til er fólk að vinna að flóknum bókum og einhverjum ægilegum meistaraverkum. Mér finnst að það eigi ekki að vera hægt að ætlast til þess að ríkið bakki þig bara upp alla leið.“

Bryndís Loftsdóttir, formaður stjórnar listamannalauna, bendir aftur á móti á að listamannalaun séu verkefnistengdir styrkir og allir rithöfundar verði að skila framvindskýrslu á meðan verkefnið er í vinnslu og eftir að því lýkur til að sýna fram á hvernig því miði.

Stefán Máni kveðst telja að það geti verið óhollt að vera alltaf á listamannalaunum. „Sjálfur myndi ég ekki kæra mig um það,“ segir hann.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að ellefu rithöfundar hefðu verið á listamannalaunum í níu ár eða lengur síðasta áratug.

Stefán Máni bendir á að hann eigi tuttugu ára útgáfuafmæli í ár en hafi aldrei fengið meira en sex mánuði úr launasjóði rithöfunda. Mjög erfitt sé að lifa á launum til skemmri tíma en hálfs árs.

„Það er að myndast þessi pressa. Ef ég gef ekki út bók á hverju ári þá verð ég bara gjaldþrota,“ segir Stefán Máni.



Stefán Máni hefur aldrei fengið meira en sex mánuði í listamannalaun. Síðustu tvö ár hefur hann fengið þrjá mánuði úthlutaða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Ef ég gef ekki út bók á hverju ári þá verð ég bara gjaldþrota.**

Stefán Máni rithöfundur

Þá ætti að gera yngri listamönnum auðveldara fyrir að komast að.

„Þeir eru að fá mjög lítið. Það þarf að vera meiri endurnýjun. Það þarf að hlúa að ungu höfundunum því annars gefast þeir bara upp og þá verður þetta bara búið,“ segir Stefán Máni

Bryndís segir að gerðar hafi verið ákveðnar breytingar á úthlutunarreglum listamannalauna í ár til að reyna að auðvelda ungu fólk að komast að. Það séu hins vegar takmörk fyrir því hvað hægt sé að líta til margra þátta annarra en verkefnisins sjálfs við úthlutun listamannalauna.

Þá bendir Bryndís á að meðalaldur umsækjenda sé nokkuð hár. Meðalaldur rithöfunda sem sóttu um listamannalaun árið 2015 var 47 ár en meðalaldur þeirra sem fengu úthlutun var 50 ár. [ingvar@frettabladid.is](mailto:ingvar@frettabladid.is)

Sólin bíður eftir þér í janúar á

# Tenerife og Kanarí

Verð frá: **59.900 kr.\***

og 12.500 Vildarpunktur

á mann m.v. 2 í herbergi í 7 nætur á

Las Camélias 26. janúar.

\*Verð án Vildarpunkta 69.900 kr.



Flogið með Icelandair



VITA er lífið

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | VITA.IS



HÚSASMÍÐJAN



blómaval

# ÚTSALA



## HÚSASMÍÐJUNNAR

### ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR EIN STÆRSTA ÚTSALA OKKAR FRÁ UPPHAFI

BÚSÁHÖLD 25-50% • SMÁRAFTÆKI 20-40% • JÓLAVÖRUR 50% • FLÍSAM 30% • LJÓS 25-50%  
POTTAR OG PÖNNUR 25-50% • RAFMAGNSVERKFÆRI 20-40% • BLÖNDUNARTÆKI 25-35%  
HANDVERKFÆRI 20-40% • VERKFÆRATÖSKUR 20-40% • HEIMILISTÆKI VALDAR VÖRUR 15-35%  
PARKET VALDAR VÖRUR 30-40% • ÚTIVISTARFATNAÐUR 25% • VEGGPILJUR 30-40%  
INNIMÁLNING 20-30% • BARNABÍLSTÓLAR 25% • GJAFAVÖRUR 25% ...OG ÓTAL MARGT FLEIRA!



22%  
AFSLÁTTUR

Electrolux  
Pvottavél  
7 kg, 1200 sn. Orkunýting A+++  
1805690

**59.990kr**  
~~76.900kr~~



29%  
AFSLÁTTUR

Electrolux  
Hraðsuðukanna Eloise  
Electrolux 1.5 ltr  
1829123

**4.590kr**  
~~6.490kr~~



25%  
AFSLÁTTUR

Litaðir eldhúshnifar  
5 stk í standi  
2007431

**7.493kr**  
~~9.990kr~~



30%  
AFSLÁTTUR

Plastbox  
Box með loki, 29 ltr  
2005424

**1.819kr**  
~~2.599kr~~



35%  
AFSLÁTTUR

Hleðsluborvél ASL 188KB  
Black & Decker  
18V, högg, 2 stk 1.3 Ah Li-ion rafhlöður  
5245557

**18.955kr**  
~~28.995kr~~

### POTTAPLÖNTU ÚTSALA BLÓMAVALS 25-50% afsláttur



Orkidea  
**1.990kr**  
~~2.690kr~~



Aloe Vera  
**1.299kr**  
~~1.790kr~~

TÚLIPANA ÚTSALA  
Í BLÓMAVALI

Túlipanar 10 stk  
**1.490kr**  
~~1.990kr~~



TÖLUR VIKUNNAR 11.01. 2016 TIL 17.01.2016

**89**

**MILLJÓNIR**

halaði kvikmyndin Everest inn árið 2015 – og var vinsælasta kvikmyndin.



**37** einstaklingar greindust með lekanda á síðasta ári.

**40%**

fleiri stunduðu líkamsrækt fyrstu vikuna í janúar en í sömu viku í fyrra.



**070687-2759**

**15**

**mál**

sendi ríkisskattstjóri frá sér nýlega, að virði tveggja milljarða, vegna kennitölulakks.

**8 milljarða**

lán eru í hendi fyrir smíði þriggja ísfisktogara HB Granda.



**4,8 milljónir**

króna kostaði skýrsla um rekstur og starfsemi RÚV.

### Þrjú í fréttum Dómskerfi, húsnæði og máltíðir

**Jón Steinar Gunnlaugsson** lögmaður og fyrrverandi dómari við Hæstarétt

sagði í viðtali við Fréttablaðið að öllum væri ljóst að málaálagið á Hæstarétti væri of mikið. Hann vill nýtt millidómstig. Hann telur að dómstólar hafi í öllum sínum og írafári gerst sekir um að kveða upp dóma sem ekki hefðu átt að vera kveðnir upp.



**Eygló Harðardóttir**

félags- og húsnæðismálaráðherra

sagðist undrast þau orð Áslaugar Örnú Sigurbjörnsdóttur, ritara Sjálfstæðisflokksins, um að hún efaðist um að sjálfstæðismenn gætu samþykkt húsnæðisfrumvörp Eyglóar. Ráðherrann sagði ríkisstjórnina standa við loford um frumvörpin. Áslaug sagði hækklun bóta ekki í takt við stefnu Sjálfstæðisflokksins.



**Jón Gunnar Ásgeirsson**

tónskáld og íbúi í Eirborgum

þar sem eru öryggisbúdir fyrir aldraða, sagði það stjórnunar- og félagsráðgjafi að hætta framreiðslu á heitum mat í hádeginu og hlusta ekki á mótmæli íbúa. Breytingin varð um áramótin og eiga íbúar nú kost á því að fá senda matarbakka heim til sín um helgar. Íbúar segja sameiginlega hádegismáltíð rjúfa einangrun þeirra.



# Lykillinn er að huga að upphafi starfsferils kvenna jafnt og karla

Karlar fá forskot í sínum fyrstu skrefum á vinnumarkaði. Þannig eru konur alltaf skrefi á eftir og eiga erfiðara með að verða æðstu stjórnendur, samkvæmt nýrri rannsókn. Fyrirtæki þurfa að sjá hag sinn í að koma konum áfram.

**JAFNRÉTTISMÁL** Konur í æðstu stjórnunarstöðum landsins eru vel upplýstar um stöðu kynjanna, styðja að mestu leyti kynjaskvóta í stjórnnum og taka stefnumiðaðar ákvarðanir á vegferð sinni til árangurs. Margar telja sig hafa lagt meira á sig en karlmenn í sömu stöðu. Karlmenn komast fyrr út á atvinnumarkaðinn og fá eitthvert forskot strax í sínum fyrstu skrefum. Þetta eru niðurstöður Lisbetar Hannesdóttur, en hún varði í vikunni lokaverkefni í meistaranámi í forystu og stjórnun, Íslenskir kvenstjórnendur – vegferð og viðhorf, við Háskólann á Bifröst.

Lisbet segir að kveikjan að ritgerðinni hafi verið eigin reynsla að grunnnámi loknu. „Ég fann svolítið fyrir þessu að karlar komust áfram og konurnar sátu svolítið eftir. Þannig að ég fór að leiða hugann að því hvað konurnar sem höfðu náð hvað lengst höfðu gert, hvort einhver leið væri betri en önnur, eða einhver forskrift væri að árangri.“ segir Lisbet og bætir við að einnig hafi verið hvatning hve lítið af upplýsingum lægi fyrir um kvenstjórnendur.

Ritgerðin byggir á könnun sem 101 kona af lista Frjálsrar verslunar yfir 100 áhrifamestu konur landsins og lista FKA yfir konur í stjórnnum tók þátt í, auk viðtala við fimm konur úr hverja úr sínum geiranum.

Hlutfall kvenkyns framkvæmdastjóra er aðeins 20 prósent að meðaltali á Íslandi. Lisbet segir óbilibandi jákvæðni einkenna konurnar sem hún ræddi við. Kvenstjórnendur eru fleiri í minni fyrirtækjum. Lisbet telur það geta spilað inn í að stærstu fyrirtæki landsins starfi í karllægum heimi. „Þar eru menntunar- kröfur raunvísindagreinar, til dæmis verkfræði, og þar eru konur færri.“

Konurnar í rannsókninni áttu margt sameiginlegt, meðal annars átti stór

**Fyrirtæki verða að sjá hag sinn í því að koma konum áfram, leita í háskólana og huga að kynjaskiptingu þegar þau gera það.**

Lisbet Hannesdóttir




hluti þeirra foreldri eða fjölskyldu-meðlim sem er stjórnandi. „Þær hafa þá bæði sterkari fyrirmyndir og hugsanlega tengsl inn í atvinnulífið,“ segir Lisbet. Kvenstjórnendur voru hins vegar líklegri til að hafa lítið upp til feðra sinna í æsku en móður.

Allar konurnar tóku stefnumiðaðar ákvarðanir varðandi nám og barn-eignir. „Þeim fannst tími barneigna skipta meira máli. Margar töluðu um að barneignir væru betri fyrir en síðar. Það sem stakk mig þínu var að margar sögðu að það væri gott að geta sagst vera hætta barneignum í atvinnuvíð-tölum,“ segir Lisbet.

„Það sem mér fannst mikilvægast í þessu er sú niðurstaða að konur vilja vera jafnar körlum. Ég held að nú sé mjög kritískur tími til að jafna stöðu kynjanna. Ef konur eru alltaf skrefi á eftir, þá er ekki hagkvæmt fyrir fyrirtæki að fá kvenmann inn. Þarna verða fyrirtæki að sjá hag sinn í því að koma konum áfram, leita í háskólana og huga að kynjaskiptingu þegar þau gera það. Ef verið er að huga að upphafi starfsferils kvenna jafnt sem karla, þá tel ég að þetta muni breytast. Því reynslan skiptir svo gríðarlegu máli þegar sótt er um æðstu stjórnunarstöður.“


saeunn@frettabladid.is

### Hlutfall forystukvenna eftir stærð fyrirtækja 2012




Credit Info 300 stærstu fyrirtæki landsins

### Aldur við upphaf barneigna



### Árafjöldi sem stjórnandi



## Hundrað þúsund örnefni í gagnagrunni

**MENNING** Sá áfangi náðist hjá Landmælingum Íslands í desember að yfir 100.000 örnefni höfðu verið staðsett og skráð í örnefnagrunn stofnunarinnar. Mikið átak hefur verið í skráningu örnefna á undanförmum áratug og hafa um 10.000 örnefni bæst í grunninn á hverju ári. Tveir starfsmenn sinna þessari skráningu eingöngu.

Þetta kemur fram í Kvarðanum, fréttabréfi LMÍ.

Þar segir að stór hluti skráningarinnar sé unninn af áhugasömum utan stofnunarinnar. Þar er um að ræða einstaklinga og félög sem hafa sérþekkingu á ákveðnu svæði og skrá, staðsetja eða hjálpa til við skráningu og staðsetningu örnefna beint ofan í grunn Landmælinga Íslands í gegnum netið.

Til að tryggja rétta staðsetningu örnefna er þörf fyrir nákvæm myndgögn og undanfarin ár hefur stofnunin notað loftmyndir frá Samsýn og ýmis gervitunglagögn í



Um 10.000 örnefni hafa bæst í grunninn á hverju ári. MYND/LMÍ

eigu stofnunarinnar. Í byrjun vetrar bættust við loftmyndir frá Loftmyndum ehf. sem bakgrunnsgögn við skráningu og opnar sú viðbót á nákvæma skráningu örnefna á öllu landinu.

Samstarf við heimildarmenn víða um land við skráningu örnefna eru Landmælingum mikilvæg, og er

nokkurra þeirra sérstaklega getið í Kvarðanum. Félags aldraðra í Borgarfirði er sérstaklega getið auk tveggja einstaklinga; Gunnþóru Gunnarsdóttur frá Hnappavöllum sem skráði og staðsetti um 600 örnefni og Sigurgeirs Jónssonar á Fagurhólsmýri sem skráði og staðsetti um 800 örnefni. – **shá**



## Landvarðanámsskeið

Skemmtileg störf í náttúru Íslands

11. febrúar til 6. mars

**Kennt er um helgar og á kvöldin á virkum dögum, sjá nánar á umhverfisstofnun.is**

- Námskeiðið spannar tæpar 100 klist og megin umfjöllunarefni er
- Landverðir, helstu störf
- Náttúruvernd og stjórnsýsla náttúruverndarmála
- Verðmæti fríðlystra svæða, náttúra, menning og saga
- Gestir fríðlystra svæða, þjónusta, samskipti og hagsmunabílar
- Náttúrutúkun, fræðsla á fríðlystum svæðum
- Vinnustaður landvarða
- Öryggisfræðsla
- Verndaraðaltnir, mat á gildi verndarsvæða

Þátttaka í námskeiðinu veitir landvarðaréttindi. Námskeiðsgjald er kr. 155.000. Námskeiðið hefst 11. febrúar og lýkur 6. mars. Hluti námskeiðsins verður kenndur í fjarkennslu. Námskeiðið er háð því að næg þátttaka fái.

Umsóknnum skal skilað bréflaga til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24 eða í tölvupósti á netfangið ust@ust.is fyrir 30. janúar. Í umsókn komi fram nafn, kennitala, heimilisfang, stutt ferilskrá, sími og netfang. Skilyrði er að umsækjendur séu fæddir 1996 eða fyrr. Dagskrá námskeiðsins má finna á umhverfisstofnun.is.

Nánari upplýsingar veitir Jón Björnsson, jonb@ust.is.

Albír - Almería - Benidorm - Kanarí - Mallorca - Tenerife



# Komdu í sólina með Sumarferðum

TILBOÐ  
á völdum  
brottförum  
í sumar

FLEIRI VERÐDÆMI OG DAGSETINGAR  
Á SUMARFERÐIR.IS

## MALLORCA - ALCUDIA



Sol Alcudia Center

Netverð:

FRÁ 69.900 KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 75.800 kr. á mann m.v. tvo fullorðna í íbúð með einu svefnherbergi.  
Brottför: 17. maí — 1 vika.

## KANARÍ - NÝTT



Barbacan Sol

Netverð:

FRÁ 79.900 KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 97.800 kr. á mann m.v. tvo fullorðna í íbúð með einu svefnherbergi.  
Brottför: 22. júní — 1 vika.

## ALMERÍA - ROQUETAS DE MAR



Arena Center

Netverð:

FRÁ 89.900 KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 105.800 kr. á mann m.v. tvo fullorðna í íbúð með einu svefnherbergi.  
Brottför: 23. júní — 1 vika.

Innifalið í verði: flug, gisting, íslensk fararstjórn, taska, handfarangur og flugvallaskattar.

SUMAR  FERÐIR  
...eru betri en aðrar



Leitarsveitir frá Indónesíu kempa hafið árið 2014 eftir hvarf MH370.  
NORDICPHOTOS/AFP

## Finna allt mögulegt nema flakið af flugvél MH370

**SLYS** Skip sem sinna leit að flugi MH370 í Indlandshafi hafa rambað á allt á milli himins og jarðar á leit sinni að týndu flugvélinni sem hvarf sporlaust árið 2014.

Ómannaður kaþbátur tók mynd af fyrirbæri á hafsbotni sem sérfræðingar telja að sé skipsflak frá 19. öld.

Þetta er í annað sinn sem könnunarsveitir hafa fundið gamalt skipsflak í leit sinni að MH370.

Þá hafa leitarsveitir einnig rambað á þó nokkur neðansjávareldfjöll sem aldrei hafa verið kortlögð.

Leitin að MH370 er talin vera ein sú umfangsmesta frá upphafi. – **sr**

## Funduðu um samskiptin við Sigríði Lögreglustjóra

**LÖGREGLUMÁL** Ólöf Nordal innanríkisráðherra og Aldís Hilmarsdóttir, yfirmaður fikniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, áttu fund í gær.

Ekki náðist í innanríkisráðherra og Aldís vildi ekki tjá sig við fréttastofu 365 í gær um fundinn en samkvæmt RÚV var rætt um samskipti Aldísar og Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur, lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu.

Samkvæmt heimildum fréttastofu hefur Sigríður Björk viðráð þá skoðun að hliðra Aldísi til í starfi sem yfirmanni fikniefnadeildarinnar.

Sigríður Björk segist ekki vita hvað fór fram á fundi Aldísar og Ólafar.



Aldís  
Hilmarsdóttir

„Það liggur hins vegar í hlutarins eðli að verið er að fara yfir stöðu fikniefnadeildarinnar og skoða skipulag innan lögreglunnar,“ segir hún.

Undanfarið hefur fréttastofa sagt frá máli tveggja starfsmanna fikniefnadeildar sem eru til skoðunar vegna meintra óeðlilegr samskipta við einstaklinga í rannsókn. – **jóe**

## Húðsjúkdómar

Gísli Ingvarsson húðsjúkdómalæknir hefur opnað móttöku í Lækningu Lág múla 5.



Tímamantanir í síma 590 9200 kl. 09 - 16 alla virka daga.



HAFRÉTTARSTOFNUN  
ÍSLANDS

# Styrkir til náms í hafrétti

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa Háskóli Íslands, utanríkisráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Hafréttarstofnun auglýsir hér með eftirfarandi styrki til náms í hafrétti til umsóknar:

1. Styrk til framhaldsnáms í hafrétti á háskólaárinu 2016 - 2017.
2. Styrki til þátttöku í sumarnámskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti 3.-22. júlí 2016.

Umsóknir sendist Tómasi H. Heiðar, forstöðumanni stofnunarinnar, með tölvupósti, [tomas.heidar@utn.stjr.is](mailto:tomas.heidar@utn.stjr.is) fyrir 29. janúar 2016.

## Flóttamaður í eigin landi



Afgönsk stúlka er fönguð á mynd utan við flóttamannabúðir í Kabúl í Afganistan. Flóttamannastofnun Sam-einuðu þjóðanna telur fjölda Afgana í flóttamannabúðum innanlands vera yfir 900 þúsund. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Telja einkaréttinn kvöð

Í undirbúningi er frumvarp til að afnema einkarétt Íslandspósts á sendingum undir 50 grömmum. Forstjóri Íslandspósts segir að fyrirtækið vilji frelsi til að ráða hvar þjónustan sé. Tekjur dugi ekki fyrir kostnaði á „óarðbærum stöðum“.

**STJÓRNSÝSLA** Afnám einkaréttar Íslandspósts að fullu mun væntanlega hafa þau áhrif að fyrirtækið geti ákveðið hvar það sinnir dreifingarþjónustu. Þetta er mat Ingimundar Sigurpálssonar, forstjóra póstsins.

Innanríkisráðuneytið undirbýr nú frumvarp um afnám einkaréttar Íslandspósts á póstdreifingu bréfa undir 50 grömmum. Íslandspóstur hefur lengi kallað eftir afnáminu og telur einkaréttinn ekki þjóna hagsmunum fyrirtækisins.

„Það eru ýmsar takmarkanir sem einkarétturinn setur á okkar rekstur sem eru mjög íþyngjandi í því rekstrarumhverfi sem pósturinn er í,“ segir Ingimundur.

„Stóra spurningin sem maður bíður spenntur eftir að fá svar við er hvernig ríkið hyggst greiða fyrir þá þjónustu sem lögin gera ráð fyrir.“

Í lögum um pósthjónustu er meðal annars gert ráð fyrir að virk pósthjónusta sé tryggð um allt land og að allir landsmenn hafi aðgang að ákveðnum þáttum pósthjónustu.

Á síðastliðnum níu mánuðum

**Stóra málið er að kostnaðurinn við dreifingu einkaréttarins hefur ekki staðið undir sér síðustu ár. Hvað þá að hún dugi til að standa undir kostnaði við dreifingu á óarðbærum stöðum sem enginn vill sinna.**

Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts



hefur verið á þjónustu póstsins, sem heyrir undir einkaréttarhlutann, hækkað um allt að 26,4 prósent. Því munaði 30 krónum á sendingarkostnaði á hverju jóla-korti milli 2014 og 2015.

Ingimundur segir að hækkinun stafi af almennri hækkun á kostnaði, fækkun bréfa og meiri launa-kostnaði.

„Á móti stendur gjaldamegin niðurnjörvað dreifikerfi sem stækkar með fjölgun íbúða og þar

með póstlúga. Stóra málið er að kostnaðurinn við dreifingu einkaréttarinnar hefur ekki staðið undir sér síðustu ár. Hvað þá að hún dugi til að standa undir kostnaði við dreifingu á óarðbærum stöðum sem enginn vill sinna.“

Ingimundur segir að mörgu að hyggja við afnám einkaréttarinnar

„Þá gengur ekki að markaðsráðandi aðili, sem Íslandspóstur er í dreifingu bréfa, sé að undirverðleggja þjónustuna. Við þurfum að passa upp á það að verðskráin fyrir einkaréttinn skili meiri tekjum en kostnaður er vegna einkaréttarinnar. Annars væri það hugsanlega brot á samkeppnislögum varðandi undirverðlagningu.“

Ólöf Nordal innanríkisráðherra segir ekki eðlilegt að opinbert fyrirtæki hafi einkarétt á slíkri þjónustu. Hún telur að bjóða þurfi upp á aukna samkeppni.

„Ríkið hefur hins vegar ákveðnu hlutverki að gegna við að tryggja lágmarkspósthjónustu og því þarf að búa þannig um hnúta að því verkefni verði áfram sinnt í samræmi við þarfir og eftirspurn eftir þjónustu,“ segir Ólöf.

[snaeros@frettabladid.is](mailto:snaeros@frettabladid.is)

# LANDSINS MESTA ÚRVAL

fyrir heilsuna



Ragnhildur Guðmundsdóttir  
Höfundur uppskriftar

## Spínat Matcha Smoothie

- Ein lúka Spínat
- 1 tsk Teatox Energy Matcha
- Kókosmjólk
- Smá kanil
- 1/2 Banani

Má setja smá hunang ef þið viljið hafa smá auka.



**TEATOX Energy Matcha** gefur þér mikla orku, eykur einbeitingu og róar taugarar.

Matcha er japanskt grænt te í púðurformi sem er margfalt orkuríkara en hefðbundið grænt te. Það er stúfult af andoxunarefnum en virku efnin í þeim eru flavoníð sem ver frumur líkamans og vinnur gegn öldrun og catechin sem talið er hefta útbreiðslu krabbameinsfruma, lækka blóðþrýsting, halda blóðsykurmagni stöðugu og draga úr líkum á blóðtappa.

TEATOX vörurnar fást í Hagkaup Garðabæ, Eiðistorgi, Kringlunni og Smáralind.

Nýjar bragðtegundir

Gott verð  
2.989 kr/stk



## Amino Energy

Nýjar tegundir hafa bæst við fjölskylduna, kaffi og súkkulaði, kaffi og vanillu.



TILBOÐ  
30%  
afsláttur á kassa

## Quest prótein

Quest Prótein duft! Enginn viðbættur sykur, ekkert glúten, ekkert soja. Frábært í drykki og bakstur. Enn ein snilldarvaran frá Quest!



Gott verð  
999 kr/stk

## Turmeric drykkirnir með eða án kókos

Túrmerikrötin hefur verið notuð öldum saman til að vinna á ýmis konar kvillum eins og bólgu, gigt, meltingarvandamálum, ofnæmi og jafnvel blóðsjúkdómum.

**COLLAGEN & CLA**  
Styður við heilbrigða húð og liði ásamt því að auka brennslu.



TILBOÐ  
20%  
afsláttur á kassa

## USN

COLLAGEN & CLA styður við heilbrigða húð og liði ásamt því að auka brennslu.

## MIKIÐ ÚRVAL AF VÍTAMÍNUM Á 20% AFSLÆTTI



Gildir til 24. janúar á meðan birgðir endast.



# Reglur vegna ofbeldismála óskrifaðar

Samræmdar vinnu- eða verklagsreglur fyrir lögreglu í ofbeldismálum gegn fötluðu fólki fyrirfinnst ekki. Eitt lögregluembætti hefur sett sínar eigin reglur. Fræðsla til dómara virðist engin vera. Fatlaðar konur og fötluð börn fyrst og síðast þolendur ofbeldis.

Svavar  
Hávarðsson  
svavar@frettabladid.is



Engar samræmdar verklagsreglur eru til hjá lögreglunni í landinu um viðbrögð þegar grunur kemur upp um ofbeldi gegn fötluðu fólki. Eitt lögregluembætti hefur sett sínar eigin reglur við rannsókn kynferðisbrota þar sem brotþoli er með þroskahömlun.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í svari Ólafar Nordal innanríkisráðherra við fyrirspurn Steinunnar Þóru Árnadóttur, þingmanns Vinstri grænna, um ofbeldi gegn fötluðu fólki og viðbrögð við því.

## Vekur upp fleiri spurningar

„Svarið við fyrirspurn minni vekur kannski fyrst og fremst spurningar um það hvort þekking þeirra sem rannsaka og dæma í málum er varða ofbeldi gegn fötluðu fólki sé nægjanlega góð. Þar sem ekki eru neinar samræmdar verklagsreglur af hálfu ríkislögreglustjóra getur það verið mjög mismunandi eftir lögregluumdæmum hvernig tekið er á málum einstaklinga,“ segir Steinunn Þóra um svar ráðherra.

Áð því er best verður séð byggist svarið á ítarlegri skoðun enda vitnað til umsagna nokkurra embætta, þar á meðal ríkislögreglustjóra, sem segir að unnið sé eftir almennum verklagsreglum um meðferð þessara mála. Samkvæmt þeim skal kalla til réttindagæslumann fatlaðs fólks í heimilisofbeldismálum. Eins að kalla skal til „kunnáttumann“ til aðstoðar ef þeir sem málinu tengjast geta ekki tjáð sig, og skiptir þá ekki máli hvort um geranda eða þolanda ræðir.

Sérstaklega er þess getið í svarinu að embætti lögreglustjórans á Suðurlandi hefur að eigin frumkvæði sett sínar reglur, sem virðist byggja undir þá skoðun allmargra viðmælenda Fréttablaðsins að þörfin á sérstökum vinnu- eða verklagsreglum sé mikil.

Embætti ríkissaksóknara segir að til standi að gefa út „almenn fyrirmæli til allra lögreglustjóra um tilhögun skýrslutöku af viðkvæmum vitnum og sakborningum“.

## Jákvæðir punktar

Þetta segir Steinunn Þóra að sé jákvætt. „Þá kemur fram í svarinu að komið sé inn á málefnið í nokkrum námskeiðum í grunnnámi lögreglunema. Mér finnst orðalagið þó gefa til kynna að það sé ekki mjög miklum tíma varið í þetta.“

Hér vísar Steinunn Þóra til þess hluta fyrirspurnarinnar sem lýtur að því hvort fræðsla um ofbeldisbrot gagnvart fötluðu fólki almennt, og fötluðum stúlkum og konum sérstaklega, sé þáttur í fagmenntun lögreglumanna og dómara. Upplýsingar um námið koma frá Lögregluskóla ríkisins þar sem einnig er greint frá námskeiðahaldi „þar sem fjallað var um rannsóknir kynferðisbrota með sérstaka áherslu á brot gegn börnum en jafnframt vegna annarra þolenda, þar á meðal fatlaðs fólks“. Ríkissaksóknari nefnir að á fræðslufundi embættisins í fyrra hafi verið fjallað um skýrslutökur af viðkvæmum vitnum og sakborningum og farið yfir hverjir teljast til þessa hóps með sérstakri áherslu á fólk með þroskahömlun.

Til skýringar skal þess getið, og með vísan í þennan hluta fyrirspurnar Steinunnar Þóru, að þá staðfestir Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður þroskahjálpar, að áhersla á konur og börn er engin tilviljun. „Ég held að það sé óhætt að fullyrða að konur með þroskahömlun og fötluð börn séu í mestri hættu á að verða fyrir ofbeldi, auk þeirra sem eru háðir mikilli aðstoð í daglegu lífi.“

## Fræðsla til dómara engin

Í umsögn dómstólaráðs segir að ákvæði dómstólalaga geri ráð fyrir að þeir einir geti verið skipaðir dómara sem teljast til þess hæfir í ljósi starfsferils og lögfærðilegrar þekkingar. Þá sé gerð krafa um að dómara haldi við þekkingu sinni í lögum, haldin séu endurmenntunarnámskeið í því skyni og að dómurum standi til boða að sækja um leyfi frá störfum til endurmenntunar.

„Á hinn bóginn sé ekki mælt fyrir um það í lögum í einstökum atriðum hvernig dómara skuli sinna endurmenntunarskyldu sinni og það er því á ábyrgð hvers dómara hvernig hann sinnir þeirri skyldu. Í umsögninni segir að þar af leiðandi sé ekki mögulegt að svara því til hvort einhverjir dómara hafi sótt sér fræðslu um ofbeldisbrot gegn fötluðu fólki en fagræði um endurmenntun dómara hefur ekki haldið sérstök námskeið þar um.“

Þetta svar dómstólaráðs veldur Steinunni Þóru áhyggjum. „Það veldur mér áhyggjum og vonbrigðum að fræðsla til dómara um ofbeldi gegn fötluðu fólki er engin. Þar sem ekki hafa verið haldin námskeið um þetta efni hjá fagræði um endurmenntun dómara verður að teljast harla ólíklegt að einhverjir dómara hafi sótt sér fræðslu um ofbeldi gegn fötluðu fólki.“



Ofbeldi gagnvart fötluðum beinist helst gegn konum og börnum, en heilt yfir gegn þeim sem mesta þurfa hjálpinu.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Það veldur mér áhyggjum og vonbrigðum að fræðsla til dómara um ofbeldi gegn fötluðu fólki er engin. Þar sem ekki hafa verið haldin námskeið um þetta efni hjá fagræði um endurmenntun dómara verður að teljast harla ólíklegt að einhverjir dómara hafi sótt sér fræðslu um ofbeldi gegn fötluðu fólki.

Steinunn Þóra  
Árnadóttir,  
þingmaður Vinstri  
grænna



## Almenn viðmið um réttláta málsmeðferð

- Eru formlegar kvörtunarleiðir til staðar fyrir fatlaðar konur sem hafa mátt þola ofbeldi?
- Hafa lögregla, lögmenn, saksóknarar og dómara fengið þjálfun á sviði fötlunar og ofbeldis gegn fötluðum konum í því skyni að styrkja stöðu fatlaðra kvenna sem kæra ofbeldi og til að tryggja að lítið sé á þær sem trúverðuga einstaklinga þegar þær tilkynna glæp eða koma fyrir dóm?
- Eru óhefðbundnar tjáskiptaleiðir viðurkenndar (t.d. af lögreglu og dómstólum) og njóta þær jafnræðis á við hefðbundnari samskiptaleiðir þegar fatlaðar konur tilkynna ofbeldi?
- Eiga fatlaðar konur rétt á ókeypis lögfærðiaðstoð fyrir og við réttarhöld?
- Er aðgangur fatlaðra kvenna að lögfærðiaðstoð tryggður?
- Eiga fatlaðar konur rétt á ókeypis sálfélaglegri aðstoð við réttarhöld?
- Er til staðar löggjöf um ofbeldi gegn konum (t.d. sérstök lög um heimilisofbeldi) og er henni beitt þegar um er að ræða fatlaðar konur sem búa á stofnunum eða njóta umönnunar á heimilum sínum?
- Eru til staðar formlegar samskiptaleiðir milli lögreglu og þjónustuveitanda ef ofbeldi gegn fötluðum konum er tilkynnt til lögreglu?

Heimild: Hrafnhildur Snæfriðar- og Gunnarsdóttir og Rannveig Traustadóttir: Ofbeldi gegn fötluðum konum og aðgengi þeirra að stuðningsúrræðum

# 2016

## Tekju- og greiðsluáætlun fyrir árið 2016

Hægt er að skoða tillögu að tekjuáætlun og greiðsluáætlun fyrir árið 2016 á Mínum síðum á tr.is.

Það er einfalt og fljótlegt að breyta tekjuáætlun á Mínum síðum.

Þeir sem vilja fá tekju- og greiðsluáætlun senda í bréfpósti geta pantað það á tr.is, komið í þjónustumiðstöð TR eða hringt. Ópið mánudaga–föstudaga frá kl. 9–15.

Einnig er hægt að hafa samband við umboð TR um land allt.

Tryggingastofnun

Laugavegi 114 | 105 Reykjavík  
Sími 560 4400 | tr@tr.is | tr.is





Fjór hjóladrífur, sjálfskiptir, dísil

# VETRARDAGUR HYUNDAI Í DAG



## KAUPAUKAR Í JANÚAR



Vetrardekk og dráttarbeisli fylgja Tucson og Santa Fe.



Vetrardekk fylgja öllum fólksbílum.



## OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

Í dag heilsum við nýju ári með sérstökum Vetrardegi. Af því tilefni bjóðum við þér að koma í heimsókn, gæða þér á heitu kakói og vöfflum og reynsluaka bílunum okkar. Þá kynnum við til leiks veglegan kaupauka með öllum Hyundai bílum í janúar. Verið velkomin.



NEW THINKING.  
NEW POSSIBILITIES.



Hyundai Santa Fe – dísilvél 2,2 lítrar, 200 hestöfl, eldsneytisnotkun 8,9 l/100 km\*. Hyundai Tucson – dísilvél 2,0 lítrar, 136 hestöfl, eldsneytisnotkun 6,1 l/100 km\* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,6 l/100 km\*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð. \*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kaupúni 1 / Sími 575 1200 / [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)





Verið velkomin á stórsýningu HEKLU í dag milli kl. 12 og 16 í nýjum og glæsilegum salarkynnum við Laugaveg. Við frumsýnum nýjan **Skoda Superb**. Ofurbíllinn **Audi RS7** verður einnig á staðnum auk allra stórsýningargripanna úr bílaflota HEKLU. Komdu og fagnaðu nýja árinu og nýju bílunum með okkur í dag. Hlökkum til að sjá þig!





Lyfjapróunarfyrirtækið Biotrial hefur starfað í aldarfjórðung í Rennes. NORDICPHOTOS/AFP

## Pungt haldnir eftir lyfjatilraun

**FRANKLAND** Einn maður hlaut alvarlegar heilaskemmdir og fimm aðrir liggja illa haldnir á sjúkrahúsi í borginni Rennes eftir að hafa tekið þátt í lyfjatilraun.

Mennirnir eru á aldrinum 28 til 49 ára, allir sjálfboðaliðar í tilrauninni sem enn var á frumstigi þegar svo illa fór. Tilrauninni hefur verið hætt.

Tilraunin snerist um nýtt lyf, sem fjölmiðlar fullyrtu að ætti að vera verkjalyf unnið úr kannabiseftum. Heilbrigðisráðherra Frakklands segir það hins vegar ekki rétt, heldur hafi lyfið átt að hafa áhrif á skynnema í heilafrumum, sem stundum eru nefndir kannabisnemar vegna þess að kannabiseftni hafa áhrif á þessa nema.

Nú verði allt kapp lagt á að komast að því hvað fór úrskeiðis, segir ráðherrann.

Ekki er vitað hve margir sjálfboðaliðar tóku þátt í tilrauninni, en það var fyrirtæki að nafni Biotrial sem stóð að henni. Fyrirtækið hefur starfað í rúman áratug og gert fjölmargar tilraunir með ýmiss konar lyf. –gb

# Yfir hundrað flóttamenn urðu að láta fjármuni af hendi í Sviss

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna gagnrýnir Sviss fyrir að hirða fé af flóttafólki, rétt eins og danska þingið áformar að gera. Í Sviss taka yfirvöld allt sem flóttamenn eigi yfir 130 þúsund krónum í verðmætum.

**SVISS** Síðastliðið ár þurftu samtals 112 flóttamenn, sem komu til Sviss á árinu, að láta af hendi til stjórnvalda fjármuni samkvæmt lögum þar um.

Lögin eru sambærileg því frumvarpi, sem nú er til umræðu á danska þinginu og virðist njóta þar meirihlutastuðnings.

Í Sviss þurfa flóttamenn að láta af hendi fémeti, sem þeir eiga umfram þúsund Bandaríkjadali, en það samsvarar nærri 130 þúsund krónum.

Á síðasta ári skilaði þetta samtals nærri 30 milljónum króna til ríkissjóðsins í Sviss, eða að meðaltali 250 þúsund krónum frá hverjum hinna 112 flóttamanna sem reyndust eiga fé umfram lágmarkið.

Þetta er örlítið hlutfall af þeim nærri 30 þúsund flóttamönnum sem sóttu um hæli í Sviss á árinu 2015. Hinir hafa ekki haft í förum sínum meira en 130 þúsund krónur.

Danska frumvarpið snýst um að einstaklingar, sem hafa í förum sínum verðmæti sem nema meira en 10 þúsund dönskum krónum, þurfi að láta umframverðmætin af hendi til ríkisins. Þessi fjárhæð samsvarar tæplega 200 þúsund íslenskum krónum.

Danir segja þó að persónulegir munir sem hafa mikið tilfinningagildi, eins og til dæmis giftingarhringar, verði ekki teknir af fólki.

Flóttamannastofnun Sameinuðu



Danska lögreglan fylgist með ferðum fólks yfir landamærin frá Þýskalandi, samkvæmt nýjum reglum um landamæraeftirlit vegna vaxandi straums flóttamanna inn í landið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

●● **Þeir virðast hafa rétt á því að taka þetta af okkur. Þeir gáfu okkur kvittun.**

Sýrlenskur flóttamaður í Sviss

þjóðanna hefur harðlega gagnrýnt svissnesku lögin og hún hefur einnig gagnrýnt áform Dana um að grípa til sams konar aðgerða.

Stjórnin í Sviss segir reglurnar hins vegar endurspeгла vilja almennings.

# 30

milljónir króna þurftu 112 flóttamenn að greiða samtals til svissneska ríkisins á síðasta ári.

„Í svissneskum lögum stendur að flóttamenn, sem óska eftir hæli og eiga peninga, eigi að leggja sitt af mörkum til að hafa upp í kostnaðinn sem dvöl þeirra hér hefur í för með sér,“ hefur BBC eftir Leu Wertheimer, talsmanni svissnesku stjórnarinnar, og vísar í viðtal svissneska sjónvarpsins við hana.

BBC vitnar einnig í sýrlenskan flóttamann, sem einnig var rætt við í svissneska sjónvarpinu.

Hann segist hafa þurft að selja húsið sitt í Sýrlandi til að greiða fyrir ferðalagið til Evrópu, fyrir sjálfan sig og fjölskyldu sína. Allt sem hann átti afgang var síðan tekið af honum við komuna til Sviss: „Þeir virðast hafa rétt á því að taka þetta af okkur. Þeir gáfu okkur kvittun,“ sagði hann, en sagðist jafnframt hafa fengið loford um að peningunum yrði skilað síðar. Það hafi samt ekki gerst.

gudsteinn@frettabladid.is

# Frítt í Bláfjöll

fyrir börn (fædd 2000 og síðar) sunnudaginn 17. janúar í tilefni World snow day

Heitt kakó og KitKat í boði fyrir alla

Arnar Leó  
beytir skífum kl. 14–16

20% afsláttur  
af skíðaleigu

Skíðaganga  
frí leiðsögn í boði Ullunga

Tilboð  
á Mountain Dew

Frábær  
brettagarður

Opið

Virka daga: kl. 14–21  
Helgar: kl. 10–17



Upplýsingasími: 530 3000  
skidasvaedi.is





Way of Life!

# FRUMSÝNUM NYJAN VITARA S

LAUGARDAGINN 16. JANÚAR FRÁ KL. 12-16.

ÞENNA  
ÞARFTU  
AÐ SJÁ!



DYNAMO REYKAVÍK



## VITARA S

Suzuki einsetti sér að búa til bíl sem væri fremstur í sínum flokki. Bíl sem fólk gæti notið að eiga og aka. Það er óhætt að fullyrða að vel hafi tekist til.

Vitara S er flaggskipið í hópnum. Einstaklega fallettri hönnun bæði að innan og utan er fylgt eftir með mögnuðum aksturseiginleikum.

Vitara S er ákaflega tæknilega fullkominn bíll. Hann er með hemlunaraðstoð sem aðvarar ökumann þegar hætta er á árekstri, einnig er bíllinn með hraðastillir með fjarlægðar skynjara sem gerir aksturinn þægilegri. Í bílnum er upplýsinga- og afþreyingarkerfi með Apple CarPlay og MirrorLink, auk fleiri tækninýjunga.

Vitara S kemur með nýrri og spennandi 1,4 lítra túrbóvél sem er mjög sparneytin og hefur fengið frábæra dóma. Bæði krafturinn og togíð koma á óvart, hvort sem þú velur sjálfskiptan eða beinskíptan bíl.

## ALLGRIP

ALLGRIP 4WD skapar aksturseiginleika í sérflokki og gerir Suzuki Vitara S að alvöru jeppa þegar á reynir. Þú kemst alla leið!



SUZUKI

Fáðu nánari upplýsingar á [suzuki.is](http://suzuki.is)

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

## NORÐURLÖNDIN



## Fangar lesa helst um sjálfa sig

**1 SVÍPÞJÓÐ** Sænskir fangar vilja helst lesa um sjálfa sig. Bækur um sænsku mafíuna, harðsoðnar glæpasögur og sjálfsævisögur glæpamanna eru þær bækur sem helst eru fengnar að láni í öryggisfangelsunum Kumla og Hall í Svíþjóð, samkvæmt könnun fréttastofunnar Siren. Auk fagbóka um skipulagða glæpastarfsemi og krimma eru bækur um líkamsrækt og bók um herkænsku Su Zí vinsælar.



## Vanhæfir dómara í eftirlaunamáli

**2 NOREGUR** Fimmtán dómara í Hæstarétti Noregs eru vanhæfir til að fjalla um mál Carls I. Hagen, fyrrverandi formanns Framfaraflokksins, í máli hans gegn ríkinu vegna eftirlauna. Dómara skipaðir fyrir 2011 verða að vikja sæti. Þeir eru með svipuð lífeyrisréttindi og Hagen vill halda. Hann varð eftirlaunaþegi 2011 og höfðaði mál sama ár þegar lífeyri fyrrverandi þingmanna var breytt.



## Framleiða of mikla vindorku

**3 DANMÖRK** Rúmlega 40 prósent rafmagnsnotkunar Dana koma frá orku sem framleidd er með vindmyllum. Framkvæmdastjóri vindmyllusamtakanna, Asbjörn Bjerre, segir vindmyllurnar nú framleiða of mikla orku. Þetta sé vandamál því Danir geti ekki selt orkuna. Nágrannalöndin framleiði sjálf mikla vindorku. Bjerre segir stjórnvaldum þurfa að semja um leiðir fyrir orkuflutning.

## Bréf Tonga barst til forseta

**STJÓRNMÁL** „Bréfið er komið hingað frá forsetaskrifstofunni, þau skilaboð fylgdu að ráða megi af bréfinu að það sé til forsætisráðherra. Það er póstlagt á Þorláksmessu,“ segir Jóhannes Þór Skúlason, aðstoðarmaður Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra, um bréf til ráðherrans frá Anote Tong, forseta Kíríbatí.

Forseti Kíríbatí skrifaði bréf til allra þjóðarleiðtoga heims í haust og bað þá um að styðja alþjóðlegt bann við nýjum kolanámum í heiminum í ljósi áhrifa loftslagsbreytinga.

Bréfið hefur verið lengi á leiðinni og áður en það barst lagði Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, fram fyrirspurn til forsætisráðherra um afstöðu hans til kröfu Kíríbatí og spyr hvort krafa Kíríbatí verði studd af Íslands hálfu.

Sigmundur Davíð hefur svarað fyrirspurn Katrínar. Hann segir það almenna afstöðu íslenskra stjórnvalda að ríki eigi rétt til að nýta sínar auðlindir.

„Ísland telur vænlegast til árangurs í baráttu gegn loftslagsbreytingum



Bréfið frá Tong er loksins komið í réttar hendur, Sigmundur Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra. MYND/EPA

**Þau skilaboð fylgdu að ráða megi af bréfinu að það sé til forsætisráðherra.**

Jóhannes Þór Skúlason, aðstoðarmaður forsætisráðherra

að efla veg endurnýjanlegrar orku og loftslagsvænnar tækni og lausna,“ segir í svari forsætisráðherra. – **lbg**



## OPINN FUNDUR Á GRAND HÓTEL

Miðvikudagur 20. janúar kl. 8:30–10:00  
Morgunkaffi frá kl. 08:00

## Fiskar og vatnsaflsvirkjanir

Verið velkomin á opinn morgunverðarfund Landsvirkjunar sem er haldinn í samstarfi við **Veiðimálastofnun** um áhrif vatnsaflsvirkjana á fiskistofna. Kynntar verða rannsóknir Veiðimálastofnunar og rætt um þann lærdóm sem við getum dregið af reynslunni. Fundinum verður streymt beint á [landsvirkjun.is](http://landsvirkjun.is).

## Ábyrgð Landsvirkjunar

Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar og fundarstjóri

## Virkjanir og áhrif þeirra í Sogi og Laxá

Magnús Jóhannsson, fiskifræðingur og sviðsstjóri á Veiðimálastofnun

## Virkjun og fiskistofnar Blöndu

Sigurður Guðjónsson, fiskifræðingur og forstjóri Veiðimálastofnunar

## Áhrif Kárahnjúkavirkjunar á fiskistofna Lagarfljóts og Jökulsár á Dal

Ingí Rúnar Jónsson, fiskifræðingur á Veiðimálastofnun

## Þjórsár- og Tungnaársvæði, fiskistofnar og virkjanir

Benóný Jónsson, líffræðingur á Veiðimálastofnun

Að loknum erindum stýrir **Guðni Guðbergsson**, fiskifræðingur og sviðsstjóri á Veiðimálastofnun, umræðum.

[Skráning á fundinn fer fram á landsvirkjun.is](http://landsvirkjun.is)



Nú fáanlegur **sjálfskiptur** með  
margverðlaunuðu EcoBoost vélinni  
frá aðeins **3.390.000 kr.**



## NÝR FORD FOCUS

› Ford Focus er Íslendingum kunnur fyrir framúrskarandi gæði, frábæra aksturseiginleika og hagkvæmni í rekstri.

Nú er kominn nýr Ford Focus sem hefur verið endurhannaður bæði að innan og utan. Fjöðrunin er jafnframt ný, staðalbúnaðurinn mikill og hann er fáanlegur með margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins (e. International Engine of the Year), þrjú ár í röð.

**Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Focus, mest selda bíls heims - komdu og prófaðu**

### FORD FOCUS

BEINSKIPTUR

FRÁ **3.190.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR

FRÁ **3.390.000** KR.

FORD FOCUS ER EINNIG FÁANLEGUR  
STATION FRÁ 3.350.000 KR.



[ford.is](http://ford.is)



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.  
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ný kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína. Eins má nefna endurbætta Bílastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Að auki er nú fáanlegt GPS leiðsögukerfi með Íslandskorti. Ford Focus er jafnframt eini bíllinn sem hefur hlotið fjögur öryggisverðlaun frá Euro NCAP. Nýi Ford Focus hlaut einnig titilinn „Besti bíllinn“ í flokki meðalstórra fjölskyldubíla eftir að hafa fengið fullt hús stiga í öryggis- og árekstraprófunum Euro NCAP. ♦ Ford Focus, EcoBoost bensín 125 hð. 6 gíra beinskiptur/sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/5,5 l/100 km. CO<sub>2</sub> losun 108/125 g/km. ♦ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



### FRIDAY

Tungusófi, hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt eða brúnt áklæði. Stærð: 260 x 170 x 87 cm

**143.992 kr.** ~~179.990 kr.~~

**20%**  
AFSLÁTTUR



### MANCHESTER

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 245 x 163 x 70 cm

**124.995 kr.** ~~249.990 kr.~~

**50%**  
AFSLÁTTUR



### TWIST

2,5 sæta sófi. Margir litir. Viðarfætur. Stærð: 157 x 92 x 95 cm

**76.993 kr.** ~~109.990 kr.~~

**30%**  
AFSLÁTTUR



### DC 5000

Þriggja sæta sófi. Grátt slitsterkt áklæði. Fáanlegur tveggja sæta. Stærð: 3ja 203 x 79 H: 81 cm.

**153.993 kr.** ~~219.990 kr.~~

**30%**  
AFSLÁTTUR

**Fjölbreytt  
úrval  
smávöru**

Allt að

**70%**  
afsláttur



### TWIST

Hægindastóll. Margir litir. Einnig fáanlegur skemill við stól.

**48.993 kr.** ~~69.990 kr.~~

**30%**  
AFSLÁTTUR



### HAVANA

Nettir og þægilegir stólar með snúningi. Svart leður.

**95.992 kr.** ~~119.990 kr.~~

**20%**  
AFSLÁTTUR



### TIANA

Borðstofustóll. Svartur.

**9.793 kr.** ~~13.990 kr.~~

**30%**  
AFSLÁTTUR

## Gott úrval af borðstofu- borðum á útsölnunni



**20%**  
AFSLÁTTUR

### BELINA

Borðstofuborð, eik/hvítt. Stærð: 100 x 170/270 H: 74 cm

**95.992 kr.** ~~119.990 kr.~~



### GRAND PINNACLE XL

Klæddur leðri á slitflötum. Fáanlegur í brúnum, svörtum og vínráuðum lit. 92 x 97 x 116 cm

**139.993 kr.** ~~199.990 kr.~~

**30%**  
AFSLÁTTUR

Reykjavík 10 – 18 virka daga  
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga  
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is  
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.



Risa

# ÚTSALA

í fullu fjöri

Allt að

# 60%

afsláttur

## LEVANTO

Hægindastóll með skemli.  
Svart leður.

**33%**  
AFSLÁTTUR



Leðurstóll með skemli.

**99.990 kr.** ~~149.800 kr.~~

## PINNACLE RAFDRIFINN

Klæddur leðri á slitflötum.  
Fáanlegur brúnn,  
hvítur og svartur.



**20%**  
AFSLÁTTUR

**191.992 kr.**

~~239.990 kr.~~

## ASTRO

Slitsterkt áklæði  
margir litir.



**30%**  
AFSLÁTTUR

**41.993 kr.**

~~59.990 kr.~~



## KLINT SÓFASETT

Priggja og tveggja sæta leðursófasett  
Svart leður og viðargrind (Br.: 193 & 138 cm)

**40%**  
AFSLÁTTUR

**227.988 kr.** ~~379.980 kr.~~



## ELLY

Priggja sæta. Margir litir.  
Slitsterkt áklæði  
Stærð: 183 x 82 x 85 cm

**40%**  
AFSLÁTTUR

**59.994 kr.** ~~99.990 kr.~~



## CLEVELAND

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt  
slitsterkt áklæði. Aukahlutur á mynd  
höfuðpúði. Stærð: 231 x 140 x 81 cm.

**20%**  
AFSLÁTTUR

**95.992 kr.** ~~119.990 kr.~~



## FRIDAY

Fjölskyldusófinn, hægri eða vinstri tunga.  
Brúnt áklæði.

Stærð: 330 x 230/170 x 90 cm

**30%**  
AFSLÁTTUR

**209.993 kr.** ~~299.990 kr.~~

## WILMA

Borðstofustóll,  
slitsterkt  
grátt áklæði.



**38%**  
AFSLÁTTUR

**9.990 kr.**

~~15.990 kr.~~



HÚSGAGNA  
HÖLLIN

# Stóra samsærið



Kristín Þorsteinsdóttir  
kristin@frettabladid.is

**F**réttamaður Stöðvar 2 fór á dögnum að Kviabryggju og tók viðtal við þrjá menn sem allir eru í afplánun vegna Al Thani-málsins.

Fréttamaðurinn hefur síðan þurft að heyra að greinilegt sé að nú sé í gangi „þaulskipulögð fjölmiðlaherferð fyrrum útrásarvíkinga“ þar sem miðlar 365 séu þungamiðjan.

Starfsbróðir hans á öðrum fjölmiðli telur að viðtalið hafi verið liður í mikilli herferð þeirra sem hafa verið til rannsókna í hrunmálum. Þessi herferð birtist skipulega í tveimur af stærstu einkareknu fjölmiðlum landsins. Þessum fjölmiðlum stýri fólk sem hafi lýst því yfir að rannsóknir á efnahagsbrotum séu óþarfar. Vangaveltur á sama grunni mátti svo heyra í morgunútarpi Ríkisútvarpsins í gær.

Það eru alvarlegar ásakanir að ætla fjölmiðlum að standa í einhvers konar herferð. Sú er svo sannarlega ekki raunin á okkar fréttastofu, þótt á þessum vettvangi hafi stundum birst greinar þar sem varað er við stemningu sem ríkir gagnvart ákveðnum þjóðfélagshópi. Í því felst ekki sú skoðun að ekki skuli rannsaka lögbrot, heldur ábendingar um að stigið skuli varlega til jarðar og hvergi gefinn afsláttur af reglum réttarríkisins. Væntanlega getum við verið sammála um að það sé nauðsynlegt í öllum sakamálum, sem geta haft víðtækar og alvarlegar afleiðingar fyrir frelsi þeirra sem í hlut eiga, fjöl-skyldur þeirra og vini.

Ásakanir um herferð gera lítið úr fréttamanninum sem tók viðtalið. Hann er raunar þeirrar gerðar að hann tekur slíkt ekki inn á sig – enda standa verk hans fyrir sínu. Engu að síður er rétt að undirstrika, að hvorki hann, né aðrir fréttamenn 365, leggja svo lágt að gerast það í herferð manna utan úr bæ. Fréttastofa 365 sannar það á hverjum einasta degi, þótt fólk sjái náttúrulega draug ef það vill sjá draug. Það er gömul saga og ný að fólk ætli þeim á annað hundrad blaðamönnum sem starfa hér á landi að vera viljalaus verkfæri þessa eða hins.

Einhverjir hafa nefnt að aðrir fangar séu ekki í þeirri stöðu að geta kallað til fjölmiðla til að koma boðskap sínum á framfæri. Það er ekki rétt. Alla jafna hefur það þótt afar áhugavert fréttaefni að taka viðtöl til að gefa innsýn í daglegt líf fanga. Dæmin eru mýmörg. Fyrir stuttu birti Stöð 2 viðtal við konu sem hlotið hafði dóm í fikniefnamáli. Þá, líkt og nú, var það okkar mat að viðtalið væri fréttnæmt. Þá, líkt og nú, réð eðlilegt fréttnæmt ferðinni. Nú var tilefnið raunar stærra, því umboðsmaður Alþingis hafði brugðist við kvörtunum fanganna þriggja, sem töldu að brotið hefði verið á rétti sínum í fangelsinu.

Ætlar einhver annars að halda því fram að viðtal innan úr fangelsi við menn sem eru vanir allt annars konar umhverfi sé ekki áhugavert?

Nú er spurningin, hver sér samsæri í hverju horni? Ljóst er að minnsta kosti að kenningin um stóra samsærið veitir hentugt skjól til að loka augum og eyrum fyrir öllu sem ekki hentar fyrirframgefni afstöðu til stórra og flókinna mála.

Ljóst er að minnsta kosti að kenningin um stóra samsærið veitir hentugt skjól til að loka augum og eyrum fyrir öllu sem ekki hentar fyrirframgefni afstöðu til stórra og flókinna mála.

## Gunnar



## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir

### Okkar eigin Goldfinger



**Þ**etta er ákall til Arnaldar Indriðasonar. Hei, Arnaldur, ertu að lesa? Ó, ekki. Ókei, nennir einhver að pikka í Arnald og koma eftirfarandi skilaboðum á framfæri: Nafn þorparans í næstu bók þinni er fundið. Það er óhjákvæmilegt. Epískt. Það mun lifa með komandi kynslóðum hvort sem þeim líkar betur eða verr. Þorparinn heitir Gísli. Hann verður að heita Gísli.

#### Gráðugur marxisti

Einn þekktasti þorpari bókmennta- og kvikmyndasögunnar er Goldfinger, erkiþjafi James Bond í sjöundu bók Ian Fleming um leyniþjónustumanninn ósigrandi. Goldfinger, marxisti sem hyggst stela gullforða Bandaríkjanna, er hins vegar ekki gegnheil skáldskapur.

Á fjórða áratug síðustu aldar fékk ungverskur arkitekt búsettur í London, Ernö Goldfinger að nafni, leyfi til að rífa nokkur gömul einbýlishús í Hampstead hverfi og byggja þar tilraunakennt raðhús í anda módernismans. Fleming blöskraði breytingin og var hann einn margra sem börðust hatramlega gegn áformunum. En nútíminn lætur ekki að sér hæða. Í gamalgrönu hverfinu fékk að rísa brútaliskur múrsteinsgámur sem litur út eins og heimili Svarthöfða væri hann tveggja barna úthverfa faðir á Range Rover sem borðaði hummus og linsubaunasalat í hádegismat.

Ian Fleming varð undir í fyrstu lotu bardagans. En hann hugði á hefndir.

#### Steinsteyptar martraðir

Eftirspurn eftir byggingum Ernö Goldfinger jukust hratt. Flestar voru þær himinháar, grámóskulegar blokkir, steinsteyptar martraðir sem gnæfðu yfir krúttlega skökkum smáhúsum frá Viktoriutímabilinu og hefðu sómt sér vel í viti.

Fleming þótti brútalismi Ernö svo ljótur að hann nefndi vonða karlinn í Goldfinger eftir arkitektinum.

En Ernö Goldfinger var þekktur fyrir að vera reidur maður og með eindæmum húmorslaus. Hann hringdi beint í lögfræðinginn sinn. Útgefandi James Bond bók-

anna og Ernö sömdu um málið áður en það kom til kasta dómstóla. Útgefandinn skuldbatt sig til að prenta í allar Goldfinger bækurnar fyrirvara þess efnis að persónurnar væru skáldskapur.

Fleming var ekki sáttur. Hann krafðist þess að fá að breyta nafni þorparans í Goldprick, Gullskíthælinn. Útgefandinn neitaði.

James Bond vann bug á Goldfinger. En Goldfinger hafði Fleming undir.

#### Esjan er á internetinu

Nú liggja fyrir teikningar að húsabyrpingu sem reisa á í hjarta Reykjavíkur og kallast Hafnartorg. Hafa teikningarnar verið gagnrýndar fyrir að samræmast ekki umhverfinu og sögulegu gildi miðbæjarinnar. Sagði forsætisráðherra þær „skipulagsslys“.

Gísli Steinar Gíslason, stjórnarformaður Landstóla sem vinnur að byggingu húsanna, keppist nú við að svara gagnrýninni. Í samtali við Morgunblaðið segir hann byggingarnar víst í „sögulegu samhengi“.

Ég hef ekkert á móti glergámum eins og Gísli ætlar að reisa. Ég bý í nákvæmlega svona glergámi. Hann er í London og hann var byggður árið 2007. En þar liggur einmitt vandamálið.

Vissulega eru byggingar Gísla í „sögulegu samhengi“. Eigi þær að vísa til ársins 2007 eru þær súper sögulegar.

Við virðumst hvorki fær um að virða söguna né læra af henni. Flestir eru sammála um að margar þeirra geldu glerhalla, marghæða sardinudósir í alþjóðlegum stíl, sem risu á góðærisárunum og múra Reykjavíkinga inni svo þeir sjá varla til himins, hvað þá í Esjuna eða til sjávar, hafi verið mistök. En nei, við skulum bara endurtaka leikinn. Fokk timbur. Fokk bárujárn. Hús eiga að vera stór. Við getum hvort eð er séð Esjuna í Google Images. Og vídjó af sjónum er aðgengilegt á Youtube.

En hvað er hægt að gera? Ekkert. Fólkid sem byggir borgina stendur ráðalaust gagnvart óskapnaðinum eins og Fleming gagnvart Goldfinger. Það eina sem við getum gert er að biðja Arnald Indriða um að nefna næsta skúr sinn Gísli í von um að það verði öðrum víti til varnaðar.

**Sumarið 2016 er komið**

Allt að **20.000 kr.** bók.afsl. á mann til 31. janúar

**Heimsferðir**



# Útsala

Kingston city-sófi m/legubekk

Nú **109.900** kr.

SPARAÐU  
**110.000**



SPARAÐU  
**50%**

**F** furninova

Kingston city-sófi. 1 1/2 sæti með legubekk. Sandlitað áklæði. 205 x 161 cm. 219.900 kr. Nú 109.900 kr. Sparaðu 110.000 kr.

Bora-hornsófi

Nú **139.900** kr.

SPARAÐU  
**60.000**



SPARAÐU  
**30%**

Bora-hornsófi. Einstaklega fallegur hornsófi með legubekk. 100% pólýester. L 295 x D 200 cm. 199.900 kr. Nú 139.900 kr. Sparaðu 60.000 kr.



Saloon flowers-loftljós með 5 skermum. 24.995 kr. Nú 14.995 kr.



Hook-loftljós með krók. 16.995 kr. Nú 9.995 kr.



Cool-loftljós. 25 cm. 29.995 kr. Nú 22.495 kr.



Raw-loftljós. Svart. 20 cm. 19.995 kr. Nú 14.995 kr.



Ball-loftljós. Ýmsir litir. 18 cm. 14.995 kr. Nú 9.995 kr.

**25-50%**  
AF ÖLLUM  
LJÓSUM

**25%**  
AF ÖLLUM  
RÚMFÖTUM



Black tree-rúmföt. 140x200/60x63 cm. 6.995 kr. Nú 4.995 kr.

**40%**  
AF VÖLDUM  
SÆNGUM  
OG KODDUM

Dream-sæng. 90% hvítur andardúnn. 650g 135 x 200 cm. 22.995 kr. Nú 12.995 kr.

Dream-koddi. 100% pólýester koddi. 60 x 63 cm. 3.995 kr. Nú 2.995 kr.

Dream-sæng. 100% pólýester sæng. 135 x 200 cm. 7.995 kr. Nú 4.795 kr.

**30%**  
AF ÖLLUM  
PÚÐUM



Matteo-púði. 50 x 50 cm. Svartur/natur. 4.995 kr. Nú 3.495 kr.

**30-50%**  
AF ÖLLUM  
MOTTUM



Nordic-motta. Dökkgrá eða svört og hvít. 140 x 200 cm. 54.900 kr. Nú 26.900 kr. 160 x 230 cm. 69.900 kr. Nú 34.900 kr.



SPARAÐU  
**40%**

Wood-arinn. Antíkbaesaður arinn. 113 x 137 cm. 24.900 kr. Nú 14.900 kr.

TILBOÐ Í JANÚAR

Beygla með reyktum lax, eggj, salati, papriku og graflaxsósu. Verð 995 kr.

Nú **795** kr.



Frítt

WiFi

\*Gildir ekki um vörur á áður lækkuðu verði og merktum Everyday low price.

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ilva.is  
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

VISA

MasterCard

Netgíró

shop

online



# Íslenskan á að njóta vafans



**Eiríkur Rögnvaldsson**  
prófessor í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands

Því er oft haldið fram að íslenskan standi vel um þessar mundir, og hafi jafnvel aldrei staðið sterkar. Sem betur fer er mikið til í þessu – íslenska er notuð á öllum sviðum þjóðlífsins; í stjórnkerfinu,

í menntakerfinu, í verslun og viðskiptum, í fjölmiðlum, í menningarlífinu, og í öllum daglegum samskiptum fólks.

En þótt staðan virðist þannig sterk á yfirborðinu er hún brothætt – það þarf ekki mikið til að fari að molna úr undirstöðunum. Álag á íslenskuna hefur nefnilega vaxið mjög mikið á undanförunum fimm árum eða svo og mun fjárfingalega aukast enn á næstunni. Fyrir því eru ýmsar ástæður en þær helstu eru:

Snjalltækjabyltingin. Flestir Íslendingar, a.m.k. yngra fólk, eiga

snjallsíma eða spjalddölvur nema hvort tveggja sé. Í gegnum þau tæki er fólk sítegt við alþjóðlegan menningarheim sem er að verulegu leyti á ensku, þar er fólk að spila leiki á ensku, horfa á myndefni á ensku o.s.frv. Notendur þessara tækja eru sífellt með þau á lofti og þannig hefur áreiti frá hinum enskumælandi heimi stóraukist.

YouTube- og Netflix-væðingin. Nær allir Íslendingar eru nettengdir og hafa þannig aðgang að ótakmörkuðu myndefni á YouTube, Netflix og öðrum efnisveitum. Búast



**Til að verða öruggir málnotendur þurfa börn og unglingar að hafa mikla íslensku í öllu málumhverfi sínu. Sá tími sem varið er í afþreyingu, samskipti og störf á ensku er að mestu leyti tekinn frá íslenskunni.**

má við að notendum Netflix fjölgi verulega nú þegar það er opinberlega í boði á Íslandi. Líklegt er að börn og unglingar séu stór hluti neytenda þessa efnis sem vitaskuld er allt ótæxtað.

## Ferðamannastraumurinn

Fjölgun ferðamanna hefur haft mikil áhrif bæði í viðskiptalífinu og menningarlífinu. Verslanir leggja sífellt meiri áherslu á að höfða til útlendinga með auglýsingum og vörumerkingum á ensku, og sleppa jafnvel íslenskunni. Menningarviðburðir af ýmsu tagi fara einnig í auknum mæli fram á ensku til að ná til ferðamanna.

Fjölgun innflytjenda. Búast má við að fólk með annað móðurmál en íslensku fjölgi verulega á næstu árum. Þar er annars vegar um að ræða hælisleitendur og flóttamenn, og hins vegar fólk í atvinnuleit. Nýlega kom fram í fréttum að þörf væri á stórfelldum innflutningi vinnuafis á næstu árum, þannig að búast mætti við því að 15% íbúa landsins yrðu af erlendum uppruna árið 2030.

Alþjóðavæðingin. Breytt heimsmynd hefur leitt til þess að fólk er hreyfanlegra en áður og íslenskir unglingar sjá ekki framtíð sína endilega á Íslandi. Í nýlegri könnun kom fram að helmingur 15-16 ára unglunga á Íslandi vill búa erlendis í framtíðinni (var þriðjungur fyrir hrún). Ekki er ótrúlegt að þetta hafi áhrif á viðhorf unglunga til íslensku sem þeir vita að gagnast þeim lítið erlendis.

Allt er þetta mjög jákvætt, út af fyrir sig. Það er gott að fólk eigi kost á fjölbreyttri afþreyingu og samskiptum, ferðamannastraumurinn er kærkomin innspýting í efnahagslífið, fjölgun innflytjenda vinnur gegn lækkanði fæðingartíðni og eykur fjölbreytni þjóðlífsins, og vitanlega er frábært að æska landsins skuli eiga kost á því að sækja sér menntun og atvinnu hvert sem hana lystir og búa erlendis um skemmri tíma eða til langframa. Það er heldur ekki nema gott um það að segja að Íslendingar læri ensku sem yngstir og sem best því að hún er vitanlega lykill að svo mörgu.

## Álag og þrýstingur á íslenskuna

En þetta skapar mikið álag og þrýsting á íslenskuna. Til að verða öruggir málnotendur þurfa börn og unglingar að hafa mikla íslensku í öllu málumhverfi sínu. Sá tími sem varið er í afþreyingu, samskipti og störf á ensku er að mestu leyti tekinn frá íslenskunni. Við það bætist að bóklestur á íslensku, sem er ein mikilvægasta aðferðin til að efla kunnáttu í málinu og tilfinningu fyrir því, hefur minnkað verulega á undanförunum árum, a.m.k. meðal ungs fólks.

Rasmus Rask spáði því árið 1813 að íslenskan yrði liðin undir lok í Reykjavík að 100 árum liðnum, og á öllu landinu eftir 200 ár þar frá – „ef ekki verða rammar skorður við reistar“, sagði hann. Það var einmitt það sem hann og aðrir gerðu næstu árin, reistu rammar skorður, þannig að íslenskan er enn notuð í Reykjavík eins og annars staðar á landinu. Enn er þó ekki útséð um að seinni hluti spádómsins rætist, þ.e. að íslenska verði horfin af landinu öllu árið 2113.

Íslenska deyr ekki út á næstu fimm eða tíu árum – og ekki á næstu áratugum, heldur ég. Hún hefur góða möguleika á að standast þann þrýsting sem hún verður nú fyrir og lifa fram yfir 2113, og vonandi gerir hún það. En til þess þarf hún stuðning, og fyrsta skrefið er að málnotendur – og stjórnvöld – átti sig á þeim gifurlegu breytingum sem hafa orðið á umhverfi og aðstæðum íslensku á örfáum árum, og til hvers þær gætu leitt. Það er vissulega útilokað að segja til um langtímaáhrif þessara breytinga, en íslenskan á að njóta vafans.

## Framtíðin er full af möguleikum

Öllum þykir gaman að velta fyrir sér hvað framtíðin muni færa þeim af spennandi viðfangsefnum og áskorunum.

Okkar hlutverk er að auðvelda þér að leggja grunn að farsælli framtíð með traustri fjármálaráðgjöf.

Kynntu þér það sem við höfum að bjóða á arionbanki.is eða komdu við hjá okkur til að ræða þína framtíð.

 **Arion banki**  
– fyrir framtíðina

# „Unga fólkið hafnar sköpunarsögunni“



**Gunnar Jóhannesson**  
fv. sóknarprestur

O fangreind fyrrsögn blasti við á Vísi 14. janúar síðastliðinn. Tilefnið var könnun Síðmenntar á ýmsum viðhorfum fólks, m.a. varðandi tilurð alheimsins. Af 821 svaranda telja 18% að Guð hafi skapað alheiminn en 62% að hann hafi orðið til með Miklahvelli. Enginn undir 25 ára taldi Guð hafa komið nærri tilkomu alheimsins.

Hvað segir þetta okkur? Af þessu mætti ætla að kenningin um Miklahvelli og trúin á Guð sem skapara alheimsins séu andstæður. Svo virðist sem gengið sé út frá því í könnuninni og rýrir það mjög gildi hennar. Það er umhugsunarvert og vekur ýmsar spurningar. Miklihvelli er sú viðtekna kenning að alheimurinn eigi sér upphaf. Samkvæmt henni er alheimurinn ekki eilífur heldur varð hann til á tilgreindu augnabliki í fortíðinni. Með öðrum orðum er hugtakið Miklihvelli notað um þann atburð sem markaði upphaf tíma og rúms, efnis og orku. Samkvæmt því var alheimurinn ekki til fyrir Miklahvelli.

Miklahvelliskenningin hefur verið svo ríkulega staðfest að „í dag trúna nánast allir að alheimurinn varð til í Miklahvelli“, svo vitnað sé til eðlisfræðingsins Stephens Hawking.

En útilokar það trúna á Guð sem skapara alheimsins? Segjum að þú sért í gönguferð með vini þínum og heyrir allt í einu háværan hvell. Þú lítur skelfingu lostinn á vin þinn og spyrð hvað hafi gerst. Vinurinn horfir undrandi á þig og segir af stillingu: „Hafðu ekki áhyggjur. Ekkert orsakaði þennan hvell. Hann kom af engu.“

Þú mundir ekki fallast á jafnfráleitt svar. Í krafti skynsemi þinnar, reynslu og þekkingar veist þú vel að af engu kemur ekkert, og að allt sem verður til á sér orsök.

Og það sem gildir um lítinn hvell á líka við um mikinn hvell. Að alheimurinn eigi sér upphaf merkir að hann á sér orsök. Sú orsök er eðli málsins samkvæmt utan og ofan við alheiminn sjálfan því hún orsakaði alheiminn. Hún er handan tíma, rúms, efnis og orku. Orsökkin er utan og ofan við hinn náttúrulega veruleika sem alheimurinn er og því er hún í réttum skilningi yfirnáttúruleg. Sem orsök tíma, rúms og efnis er hún óbundin af tíma, rúmi og efnis og því eilíf, rýmislaus og óefnisleg. Og ekki þarf að fjölþróa um hversu máttug hún er.

## Í hæsta máta skynsamlegt

Hvað svo sem slík orsök er kölluð er síður en svo óviðeigandi að kalla hana Guð. Raunar er það í hæsta máta skynsamlegt.

Ummæli breska eðlisfræðingsins Arthurs Eddington koma til hugar: „Upphaf alheimsins felur í sér slíka erfiðleika að þeir eru óyfirstiganlegir nema við séum tilbúin til að líta á það sem hreint og beint yfirnáttúrulegt.“ Margir vísindamenn hafa tekið undir það, meðal annars eðlisfræðingurinn Robert Jastrow, sem gekk enn lengra í ummælum sínum: „Stjörnufræðingar hafa málað sig út í horn. Með eigin aðferðum hafa þeir sýnt að alheimurinn varð til fyrir sköpun sem leiddi til

alls sem fyrir augu ber ... Að hér sé eitt-hvað að verki sem ég og aðrir myndum kalla yfirnáttúrulegt tel ég vísindalega sannaða staðreynd.“

En hvers vegna gera sumir jafn skarp-an greinarmun á sköpun alheimsins og Miklahvelli og áður nefnd könnun ber vitni um? Sjálfsgagt vegna sköpunarfrásögu Bibliunnar. Miklihvelli kemur þar hvergi beint við sögu – svo sem von er.

Sköpunarfrásaga Bibliunnar er margslungin frásaga sem of sjaldan er lesin á eigin forsendum og í viðeigandi samhengi. Þegar það er gert blasir við að



**Það er ekki nýtt að nálgun margra guðleysingja og efahyggjumanna til sköpunarfrásögunnar rúmi ekki aðra túlkun en þá sem bókstafurinn leyfir. Slík nálgun er afar fátækleg og horfir vitanlega framhjá því að textinn er rýmri en svo.**

ekki er um að ræða tilraun til að útskýra tilurð alheimsins í vísindalegum skilningi. Markmið sköpunarfrásögunnar er fyrst og síðast að bera fram með sínum hætti þá játningu að Guð er skaparinn og ennfremur að miðla þeirri sannfæringu að ástæða þess að alheimurinn er til er sú að Guð ákvað að skapa hann.

Það er ekki nýtt að nálgun margra guðleysingja og efahyggjumanna til sköpunarfrásögunnar rúmi ekki aðra túlkun en þá sem bókstafurinn leyfir. Slík nálgun er afar fátækleg og horfir vitanlega framhjá því að textinn er rýmri en svo.

En hvað sem því liður er hér engin mótsögn á ferð! Í stað þess að grafa undan biblíulegri sköpunartrú skýtur kenningin um Miklahvelli mjög svo sterkum stöðum undir þá skynsamlegu sannfæringu kristins fólks frá öndverðu að „Í upphafi skapaði Guð himin og jörð [alheiminn]“.

Það er umhugsunarvert. Burtséð frá því veit ég um margt ungt fólk sem trúir á persónulegan skapara alheimsins og hefur jafnframt rúm fyrir hina vísindalegu útskýringu á tilurð hans. Enda útilokar annað ekki hitt eða er í mótsögn við það.

## Skil á upplýsingum vegna skattframtals 2016

Skila skal eftirtöldum upplýsingum vegna framtalsgerðar 2016 á rafrænu formi á þjónustusíðunni **skattur.is**.

**Skilafrestur er til 20. janúar.**

### ► Launa- og verktaka-upplýsingar o.fl.

Skilaskyldir eru allir þeir sem innt hafa af hendi launagreiðslur, hlunnindi (þ.m.t. kaup- og söluréttarsamningar), lífeyri, bætur, styrki, happdrættis- og talnavinninga (skattskylda sem óskattskylda), greiðslur til verktaka fyrir þjónustu (efni og vinnu) eða aðrar greiðslur sem framtalskyldar eru og/eða skattskyldar.

### ► Bifreiðahlunnindamiðar

Skilaskyldir eru allir þeir sem í rekstri sínum eða annarri starfsemi hafa látið launamönnum eða öðrum vélknúin ökutæki í té til afnota.

### ► Hlutfjármíðar

Skilaskyld eru öll hlutfélög, einkahlutfélög, samlagshlutfélög og sparisjóðir.

### ► Stofnsjóðsmiðar

Skilaskyld eru öll samlagsfélög, sameignarfélög og samvinnufélög, þ.m.t. kaupfélög.

### ► Viðskipti með hlutabréf/afleiður og önnur verðbréf

Skilaskyldir eru bankar, verðbréfafyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem annast kaup og sölu, umboðsviðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf/afleiður og öll önnur verðbréf.

### ► Innstæður

Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir og aðrir aðilar sem taka við fjármunum til ávöxtunar, eða hafa milligöngu um ávöxtun eða aðra ráðstöfun fjármuna.

### ► Hlutabréfakaup skv. kaupréttarsamningi

Skilaskyld eru öll hlutfélög sem gert hafa kaupréttarsamninga við starfsmenn sína samkvæmt staðfestri kaupréttaráætlun. Sama á við um söluréttarsamninga.

### ► Takmörkuð skattskylda - greiðslufirlit

Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur til erlendra aðila og annarra, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi.

### ► Lánaupplýsingar

Bankalán, fasteignaveðlán, bílalán og önnur lán. Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir (bankar, sparisjóðir, lífeyrissjóðir, tryggingafélög, fjármögnunarleigur o.s.frv.) sem hafa lánað fé til einstaklinga og lögaðila.

### ► Greiðslur fyrir leigu eða afnot

Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum eða öðrum réttindum.

### ► Fjármagnstekjur

Þeir aðilar sem innheimt hafa vexti skulu skila upplýsingum um slíkar fjármagnstekjur og tilgreina sundurliðun á móttakendum og þá staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts sem haldið hefur verið eftir. Hér er einkum um að ræða innheimtuaðila, t.d. lögfræðistofur.

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



**RSK** RÍKISSKATTSTJÓRI



rsk@rsk.is

442 1000

Þjónustuver 9:30-15:30



# GLÆSILEG BÍL



**RENAULT CLIO**

VERÐ FRÁ: **2.290.000 KR.**



**BMW X5**

VERÐ FRÁ: **9.990.000 KR.**



**NISSAN X-TRAIL**

VERÐ FRÁ: **5.390.000 KR.**



**RENAULT CAPTUR**

VERÐ FRÁ: **3.390.000 KR.**



**NISSAN QASHQAI**

VERÐ FRÁ: **3.990.000 KR.**



**DISCOVERY SPORT**

VERÐ FRÁ: **7.190.000 KR.**



## VIÐ BJÓÐUM MESTA ÚRVALIÐ OG LOFUM FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTU

Við kaup á nýjum bíl er nauðsynlegt að geta treyst á fagleg vinnubrögð og áreiðanlega þjónustu. Söluþeildir BL eru skipaðar glæðilegum, vel þjálfuðum starfsmönnum með áratuga reynslu. BL býður landsins mesta úrval bíla í öllum stærðar- og verðflokkum.

Við bjóðum ykkur velkomin í sístækkandi hóp ánægðra viðskiptavina og lofum ykkur framúrskarandi þjónustu við val á nýjum bíl 2016.

Komið á bílasýningu hjá BL í dag og kynnið ykkur fjölbreytt úrval lánamöguleika sem hægt er að aðlaga að greiðslugetu hvers og eins. Hægt er að fá allt að 90% bílverðsins að láni með hefðbundnu bíláláni og fyrir þá einstaklinga og þau fyrirtæki sem ekki vilja eiga bílinn er hægt að vera með nýjan bíl á rekstrarleigu. Þeir sem vilja greiða hluta kaupverðsins með eldri bíl geta fengið hann ástandsskoðaðan og verðmetinn samdægurs.

# ASÝNING Í DAG!

NÚ ER KOMIÐ AÐ ÞÉR AÐ EIGNAST NÝJAN BÍL!

2016

KOMDU Í HEIMSÓKN Í DAG KL. 12–16  
BL, SÆVARHÖFÐA 2



SUBARU XV

VERÐ FRÁ: **4.990.000 KR.**



NISSAN JUKE

VERÐ FRÁ: **3.490.000 KR.**



NISSAN PULSAR

VERÐ FRÁ: **3.190.000 KR.**



RENAULT KADJAR

VERÐ FRÁ: **3.890.000 KR.**



SUBARU OUTBACK

VERÐ FRÁ: **6.090.000 KR.**



BMW X1

VERÐ FRÁ: **5.790.000 KR.**



**100.000 KR.  
INNEIGNARKORT**

FYLGIR ÖLLUM NÝJUM  
BÍLUM SEM KEYPTIR ERU  
Á SÝNINGUNNI OG FRAM  
TIL MÁNAÐAMÓTA.



KOMDU OG KYNNTU  
ÞÉR ÚRVALIÐ. LÉTTAR  
VEITINGAR Í BODI.

**EM 2016 Póllandi**



Íslensku strákarnir hlaupa til Björgvin Páls Gústavssonar eftir að hann hafði varið lokaskot Norðmanna og tryggt Íslandi sigurinn í fyrsta leiknum á EM. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vissi að ég myndi verja skotið

Draumabyrjun hjá íslenska landsliðinu á EM. Björgvin Páll Gústavsson varði lokaskotið í háspennuleik gegn Noregi og sá til þess að Ísland vann með einu marki, 26-25. Aron Pálmarsson fór hamförum í leiknum.

Henry B. Gunnarsson  
henry@frettabladid.is  
Valgarður Gíslason  
valli@frettabladid.is  
frá Katowice



**HANDBOLTI** Svona á að byrja stórmót. Háspennuleikur og eins marks sigur á Noregi gefur strákunum okkar byr í seglin fyrir svaðilför þeirra í Póllandi á næstu misserum. Þessi magnaði sigur hlýtur að gefa liðinu styrk og kraft. Þetta var ekki alltaf fallett en það skiptir ekki máli þegar stigin fara til Íslands.

Eftir ótrúlega spennu undir lokin var Björgvin Páll Gústavsson hetjan er hann varði lokaskot leiksins frá Sander Sagosen. „Ég var rosalega viss um að verja þetta lokaskot,“ sagði Björgvin Páll og brosti allan hringinn eftir leikinn. Hann mátti sannarlega við því. Varði vel í

leiknum og þegar mest á reyndi. „Það var voða lítið að fara í gegnum hausinn á mér þarna í restina. Mér fannst að strákarnir ættu skilið að ég myndi verja þennan bolta miðað við vörnina sem þeir voru að spila í leiknum. Ég átti að verja skotin úr hornunum. Það gekk ekki neitt og því tók ég bara síðasta boltann í staðinn,“ sagði Björgvin glottandi og enn hátt uppi. Láí honum hver sem vill.

**Lifir fyrir svona leiki**

„Tilfinningin er ótrúlega góð og þetta er fullkomin byrjun á mótinu. Maður lifir fyrir svona leiki og ég tala nú ekki um gegn frændþjóð. Þetta var bara yndislegt og gefur vonandi góð fyrirheit fyrir framhaldið.“

Þó að Björgvin Páll hafi verið hetjan í lokin þá var Aron Pálmarsson stjarnan í Spodek-höllinni í

kvöld og stjarna hans skein skært. Hann dró íslenska liðið áfram og því virtist fyrirmunað að skora á löngum tíma nema hann skoraði eða byggi til mark. Aron er orðinn hreint út sagt ótrúlega góður handboltamaður og búinn að stimpla sig inn sem einn besti handboltamaður heims.

**Eitt hraðauppplausmark**

Ísland fékk aðeins eitt mark úr hraðauppplausi og hornaspilið var ekkert. Strákarnir komu sér einnig í góðar stöður í leiknum. Hefðu átt að drepa leikinn fyrr og voru sjálfum sér verstir er þeir komust loksins í góða stöðu. Það var einnig mjög áhugavert að íslenska liðið var betra manni færra en manni fleiri.

Þó að sigurinn hafi verið góður þá á liðið mun meira inni. Það er alltaf gott að vinna og eiga meira

inni. Það var aftur á móti mjög jákvætt að Aron landsliðsþjálfari skyldi keyra á öllu liðinu og það með góðum árangri.

Þrír línur komu við sögu og allir lögðu lóð sín á vogarskálarnar. Guðmundur Hólmar þreytti frumraun sína á stórmóti og var magnaður lengstum. Reynsluleysið varð honum þó að falli á mikilvægum tímupunkti undir lokin en hann lærir af því. Þarna er að fæðast framtíðarmaður í vörn Íslands.

**Koma jafnvel einhverjum á óvart**

Eins og Björgvin Páll sagði þá var þetta fullkomin byrjun á mótinu. Strákarnir fengu þann byr sem þeir vildu fá í seglin og haldi þeir rétt á spilunum er ekkert því til fyrirstöðu að liðið nái virkilega góðum árangri á þessu móti og komi jafnvel einhverjum á óvart.

**Nýjast af EM í Póllandi**

**A-riðill**

**Frakkland - Makedónía 30-23**

**Markahæstir:** Cédric Sorhaindo 6, Valentin Porte 5, Kentin Mahé 4, Michaël Guigou 4 - Kiril Lazarov 9, Dejan Manaskov 5, Goce Georgievski 4.

**Pólland - Serbía 29-28**

**Markahæstir:** Michal Jurecki 7, Krzysztof Lijewski 4, Przemyslaw Krajewski 3, Karol Bielecki 3, Bartosz Jurecki 3, Michal Daszek 3 - Petar Nenadić 7, Ivan Nikcevic 7.

**B-riðill**

**Ísland- Noregur 26-25**

**Mörk Íslands (Skot):** Aron Pálmarsson 8 (12), Guðjón Valur Sigurðsson 6/4 (6/4), Alexander Petersson 3 (5), Arnór Atlason 3 (5), Röbert Gunnarsson 2 (2), Vignir Svavarsson 2 (2), Ásgeir Örn Hallgrímsson 1 (1), Kári Kristján Kristjánsson 1 (1), Arnór Þór Gunnarsson (1),  
**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 16/2 (41/4, 39%),

**Mörk Noregs (Skot):** Kristian Bjørnsen 7 (9/1), Magnus Jøndal 3 (3), Harald Reinkind 3 (5), Espen Lie Hansen 3 (6), Kent Robin Tønnesen 3/1 (6/1), Sander Sagosen 3 (8), Christian O'Sullivan 2 (2), Andre Lindboe 1/1 (2/2).

**Varin skot:** Espen Christensen 8 (21/2, 38%), Ole Erevik 2 (15/2, 13%),

**Króatía - Hv. Rússland 27-21**

**Markahæstir:** Manuel Strlek 9, Marko Kopljar 5, Ivan Cupic 5 - Sjarhei Rutenka 8, Sjarhei Shylovich 7.

YES! YES! YES! YES!

#komaso #áfram #island #strákarnirokkar.

Rúnar Kárason  
@runarkarason

**ALEXANDER STOPPAÐI NORÐMENN NÍU SINNUM**


Alexander Petersson átti flottan leik í vörn íslenska liðsins og var sá sem náði flestum löglegum stoppum eða 9 talsins. Lögleg stopp eru meðal þess sem er tekið saman í handboltatölfræðinni hjá Hbstatz.is sem er nýtt tölfræðiforrit í íslenskum handbolta. Löglegt stopp er þegar leikmaður fær á sig aukakast en sleppur við spjald eða að það sé dæmt á hann víti. Guðmundur Hólmar Helgason kom næstur Alexander með 6 stopp og þeir Ásgeir Örn Hallgrímsson og Bjarki Már Gunnarsson náðu 4 stoppum hvor.



**Bestu menn Íslands**

**BJÖRGVIN PÁLL**

Varði 39 prósent skota sem á hann komu og þar á meðal var lokaskot Norðmanna. Varði 11 skot í seinni hálfleiknum eða 44 prósent skotanna.




**ARON PÁLMASSON**

Besti leikmaður liðsins. Skoraði 8 mörk úr aðeins 14 skotum og átti síðan einnig þátt í 9 öðrum mörkum íslenska liðsins.




**Skotnýtingin á móti Noregi eftir leikstöðum**

● Íslenska liðið nýtti 68 prósent skota sinna í leiknum (38/26) en 11 af 26 mörkum íslenska liðsins í leiknum komu með langskotum.



**Gangur leiksins**

Markatala íslenska liðsins eftir tíu mínútna leikkjöflum í leiknum.



- Norðmenn skoruðu 7 fleiri mörk úr hornunum en eina hornamark Guðjóns Vals Sigurðssonar tryggði íslenska liðinu sigurinn.
- Alexander Petersson fékk hina fullkomnu brottvísun í leiknum en hann var rekinn útaf í tvær mín. þegar 0 sekúndur voru eftir.

**Dagur 2 á EM í Póllandi**

- Laugardagur 16. janúar**  
**C-riðill**  
**17.30** Spánn - Þýskaland RÚV  
**19.45** Svíþjóð - Slóvenía  
**D-riðill**  
**17.00** Ungverjal. - Svarfjallal.  
**19.15** Danmörk - Rússland RÚV 2

**Dagur 3 á EM í Póllandi**

- Sunnudagur 17. janúar**  
**A-riðill**  
**17.15** Serbía - Frakkland  
**19.30** Makedónía - Pólland  
**B-riðill**  
**15.00** Ísland - Hv. Rússland RÚV  
**17.15** Noregur - Króatía RÚV 2



# Sautján ár síðan fótballtalandsliðið vann tvo fyrstu leiki ársins

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í fótballi mætir liði Sameinuðu arabísku furstadæmanna í vináttulandsleik í Dúbæ í dag.


Þetta verður annar leikur íslenska liðsins á fjórum dögum og einn af þremur sem liðið spilar í janúar en íslenska hópinn skipa leikmenn á Norðurlöndum og leikmenn sem eru að leita sér að liðum. Íslensku strákarnir unnu 1-0 sigur á Finnum á miðvikudaginn var og skoraði Arnór Ingvi Traustason þá eina mark leiksins strax á sextánda mínútu.

Það eru nú liðin sautján ár síðan að íslenska fótballtalandsliðið vann tvo fyrstu leiki sína á árinu en það varíð árið 1999 þegar liðið vann vináttulandsleik við Lúxemborg (2-1) og leik við Andorra (2-0) í undankeppni EM.

Þjálfari íslenska liðsins var þá Guðjón Þórðarson. Ísland hefur tvisvar áður mætt Sameinuðu arabísku furstadæmunum, Atli Helgason tryggði Íslandi 1-0 sigur í Dúbæ í mars 1992 og Guðmundur Benediktsson skoraði eina markið, í sínum

fyrsta landsleik, þegar Þjóðirnar mættust síðast í ágúst 1994. Nú er að sjá hvort íslensku strákarnir nái að vinna sinn annan leik í röð en landsliðsþjálfarnir nota þessa þrjá leiki í janúar til að skoða leikmenn sem hafa verið að banka á dyrnar, bæði hjá byrjunarliðinu sem og hjá hópnum.

Framundan er Evrópukeppnin í Frakklandi þar sem allir íslenskir knattspyrnumenn vilja fá að spila. Það er því mikið undir hjá mörgum leikmönnum íslenska liðsins í leiknum í dag. – óóó



Arnór Ingvi Traustason skoraði fyrsta og eina mark landsliðsins á árinu þegar hann tryggði liðinu sigur á Finnum. Hér fagnar hann marki. FRÉTTABLAÐIÐ/JASTRZEBOWSKI

## Nýjast

### Domino's-deild karla í körfubolta

#### Stjarnan - Tindastóll 81-76

**Stigahæstir:** Justin Shouse 23/6 frá. /10 stoðs., Al'lonzo Coleman 19, Tómas Heiðar Tómasson 15, Marvín Valdimarsson 11 - Darrel Keith Lewis 20/12 frá. /8 stoðs., Helgi Rafn Viggósson 17, Jerome Hill 11.

#### Haukar - Keflavík 85-88

**Stigahæstir:** Brandon Mobley 25/11 frá., Haukur Óskarsson 19, Finnur Atli Magnússon 14/14 frá. köst, Kári Jónsson 14 - Earl Brown Jr. 32/11 frá. köst /3 varin, Guðmundur Jónsson 17, Reggie Dupree 11. **Finnur Atli Magnússon** hélt að hann hefði tryggt Haukum sigur í lokin en karfa hans kom eftir að tíminn rann út og Keflavík tryggði sér sigur í framlengingu. Haukar hafa því tapað þremur fyrstu leikjum ársins.

#### Þór Þorl. - KR 73-81

**Stigahæstir:** Vance Hall 30, Grétar Ingi Erlendsson 13/12 frá., Ragnar Ágúst Nat-hanaelsson 10/12 frá. - Michael Craion 25, Brynjar Þór Björnsson 14, Helgi Már Magnússon 10, Pavel Ermolinskij 10.

Efst	Neðst
Keflavík 22	Tindastóll 14
KR 20	Grindavík 10
Stjarnan 18	ÍR 10
Njarðvík 16	Snæfell 10
Haukar 14	FSU 10
Þór Þorl. 14	Höttur 2

### Olís deild kvenna í handbolta

#### Stjarnan - Gróttá 23-18

**Markahæstar:** Helena Rut Örvarsdóttir 6, Esther Viktoría ragnarsdóttir 4, Sólveig Lára Kjærnested 3, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 3, Nataly Sæunn Valencia 3 - Eva Björk Davíðsdóttir 6, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 4, Anett Köbli 3. **Stjórnukonur** eru búnar að vinna alla 9 heimaleiki sína.

#### FH - Fylkir 22-28

**Markahæstar:** Sigrún Jóhannsdóttir 5, Jóhanna Helga Jensdóttir 5, Elin Anna Baldursdóttir 5 - Patricia Szölösi 11, Vera Pálsdóttir 6, Þuríður Guðjónsdóttir 5.

## Í dag

12.45 Tottenham - Sunderland	Sport 2
14.00 Atalanta - Internazionale	Sport
15.00 Bournemouth - Norwich	Sport 6
15.00 Chelsea - Everton	Sport 2
15.00 Newcastle - West Ham	Sport 4
15.00 Southampton - West Brom	Sport 5
15.00 Man. City - Crystal Palace	Sport 3
16.30 Valur - Grindavík	Sport 2
17.30 Aston Villa - Leicester	Sport 2
19.45 Napoli - Sassuolo	Sport 3
21.30 NFL: Patriots - Chiefs	Sport
01.15 NFL: Cardinals - Packers	Sport

### Olís deild kvenna

13.30 ÍR - Valur	Austurberg
14.00 Fram - HK	Framhús
15.00 KA/Þór - Selfoss	KA-hús
15.00 Fjölnir - Haukar	Dalhús
<b>Domino's-deild kvenna</b>	
13.00 Hamar - Keflavík	Hveragerði
16.30 Valur - Grindavík	Valshöllin
16.30 Stjarnan - Snæfell	Ásgarður

## Á morgun

14.00 Udinese - Juventus	Sport 3
14.00 Liverpool - Man. United	Sport 2
15.00 Real Madrid - Sporting	Sport
16.15 Stoke City - Arsenal	Sport 2
18.00 NFL: Panthers - Seahawks	Sport
19.30 Barcelona - Athletic Bilbao	Sport 3
19.45 AC Milan - Fiorentina	Sport 4
21.30 NFL: Broncos - Steelers	Sport

# Veldu hreint loft, aukna orku og vellíðan

Loftgæðin innandyrna hafa áhrif á heilsu okkar. Þau minnka á veturna á Íslandi og ekki hjálpar að opna glugga því að útiloft, sem er við frostmark, getur aðeins innihaldið um fjögur grömm af vatni á rúmmetra.

**Stadler Form** rakamælar, rakatæki, lofthreinsitæki og ilmtæki á **20% afslætti** í janúar.

**Selina rakamælar**  
Sýnir hitastig og rakaprósentu. Nákvæm mæling.

**Anton rakatæki**  
Náttúrulegur rakagjafi. Afköst mest 120 g/klst. Herbergisstærð allt að 25 m².

**Oskar rakatæki**  
Öflugt, hjóðlátt og stílhreint. Afköst mest 300 g/klst. Herbergisstærð allt að 40 m².

**Jack rakatæki**  
Öflugt og glæsilegt. Afköst mest 480 g/klst. Herbergisstærð allt að 65 m².

**Viktor lofthreinsitæki**  
Hreinsar loftið með þremur síum. Eyðir ólykt, ryki, svífryki, bakteríum, veirum, frjókornum og öðrum örverum í hóbýlum okkar. Herbergisstærð: 50 m²

**Jasmin ilmtæki**  
Skapar róandi stemningu og dreifir ilmi um herbergið.

# BOSCH

## BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090  
www.bosch.is

# SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
www.sminor.is



Tilgangur hátíðarinnar er að skíðasvæði um allan heim sameinist um að fá byrjendur til að mæta ásamt fjölskyldum á skíðasvæði og upplifa og njóta þess sem þau bjóða upp á. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Skemmtun fyrir alla fjölskylduna

Hátíðin Snjótt um víða veröld verður haldin á tíu skíðasvæðum sem staðsett eru víðsvegar um landið á morgun.

Guðrún Jóna Stefánsdóttir  
gudrunjona@frettabladid.is

Tilgangurinn með viðburði sem þessum er að skíðasvæði um allan heim sameinist um að fá byrjendur til að mæta ásamt fjölskyldum sínum í fjallið, til þess að njóta og upplifa það

sem fjöllin hafa upp á að bjóða,“ segir Jón Viðar Þorvaldsson, framkvæmdastjóri Skíðasambands Íslands. Snjótt um víða veröld eða World Snow Day er alþjóðlegur skíðadagur sem haldinn er víðsvegar um allan heim á morgun, sunnudaginn 17. janúar.

„Við erum aðallega að reyna að höfða til barna, á aldrinum 4-14 ára. Skíðasamband Íslands vill búa

til heimsviðburð um snjó og kynna öryggisreglur fyrir börnum. Þetta er í fimmta sinn sem dagurinn er haldinn hátíðlegur víðsvegar um heiminn, og jafnframt fimmta sinn sem Ísland tekur þátt í viðburðinum,“ segir Jón Viðar ánægður með þátttöku Íslands.

Níu skíðasvæði víðsvegar um landið bjóða upp á alls konar afþreyingu og fríðindi fyrir þá sem

mæta á morgun.

„Helsta ástæðan fyrir því að farið var af stað með World Snow Day var að fá fleiri til þess að fara á skíði en sú tala fór lækkandi frá aldamótum fram til 2010. Fyrir utan að kynna skíðaiþróttina fyrir alheiminum með svona viðburði eins og World Snow Day er verið að reyna að fá börn, og aðra, til þess að njóta úti- og innviðar í óspilltri náttúru og sjá hag


sinn í að huga að heilsunni með hollri hreyfingu,“ segir Jón Viðar fullur tilhlökkunar fyrir komandi helgi.

Þau skíðasvæði sem taka þátt í ár eru Bláfjöll Reykjavík, Hlíðarfjall Akureyri, Ólafsfjörður, Dalvík, Siglufjörður, Tindastóll Sauðárkróki, Oddskað, Stafdalur og Ísafjörður og verða öll þessi svæði með skemmtilega dagskrá á morgun.

## Hvað á að gera um helgina?

### FARÐU

Á leiksýninguna Njálu í Borgarleikhúsinu sem frumsýnd var milli jóla og nýárs.



Karen Lind Tómasdóttir bloggari

### HJÓLAR UM NEW YORK

Ég fer til New York yfir helgina og kem heim í næstu viku. Planið er að hitta frænkur mínar sem búa í New York ásamt því að leigja mér citibike og hjóla um borgina.



Bergsteinn Sigurðsson fjölmiðlamaður

### LEIKHÚS OG AFMÆLI

Ég ætla að sjá Hver er hræddur við Virginíu Woolf? í Borgarleikhúsinu, barnleikritið Hvítt í Hafnarborg, reka nefið inn í eins og eina afmælisveislu og hafa það náðugt með fjölskyldunni.



### LESTU

Konan í blokkinni eftir Jónínu Leósdóttur. Þetta er fyrsta glæpasaga Jónínu en hún hefur gefið út fjölmargar skáldsögur.



Anita Eldjárn Kristjánsdóttir ljósmyndari

### KATTAMYNDBÖND OG SUKK

Um helgina ætla ég að vera með myndatöku í spennandi persónulegu verkefni og eyða tíma með vinum mínum. Ætli ég sukki ekki smá að vanda og skoði kattamyndbönd.



### HLUSTADU

Á lög Davids Bowie sem kvaddi þennan heim á mánu-daginn.

# CITROËN C4



umtalaði

## HVER ER ÞESSI CACTUS?

Hugmyndafræðin að baki Citroën C4 Cactus er bylting í hönnun bíla. Ekkert þrjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag. Hagnýt og djörf hönnun, einfaldleiki og lágt verð. C4 Cactus er líka sérstaklega sparneytinn en hann eyðir einungis frá 3,4 l/100 km og losar aðeins 89 g/km.

C4 Cactus hefur aldeilis slegið í gegn. Nú þegar hefur hann hlotið 25 verðlaun viðsvegar um heiminn. Þar á meðal hlaut hann titilinn Bíll ársins 2016 á Íslandi í sínum flokki.

VERÐ FRÁ EINUNGIS **2.690.000** KR.

Velkomin í reynsluakstur

 Frá **3,4** l/100 km

 Frá **89** g/km

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

  
Öruggur staður til að vera á

[citroen.is](http://citroen.is)

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16  
Brimborg Reykjavík: Bildshófa 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

  
CITROËN



**298**

kr. 1 l

**Dream**

Rísmjólk, möndlumjólk, hnetumjólk



**1.598**

kr. 500 g

**Bláber, fersk, 500 g**



**249**

kr. stk.

**Bio-Bú Grísk Jógúrt**  
Lífraen, 250 g



**109**

kr. stk.

**Bio-Bú Jógúrt**  
Lífraen, 170 g, 2 teg



**498**

kr. 2 l

**200kr.**  
Verðlækkun

**Emmessís Skafís**

3 tegundir, 2 l - Verð áður 698 kr.

**NÝBAKAÐ!**



**259**

kr. 2 stk.

**Bónus Kleinuhringir**  
2 stk. í boxi, 2 teg.



**LÍFSKORN**  
ER BAKAÐ ÚR  
HEILU HVEITIKORNI  
OG RÚGI!

**319**

kr. stk.

**Myllan Lífskornabrauð**  
450 g, 3 tegundir



**PRÓTEIN  
BOMBA**

**1.398**

kr. 200 g

**Harðfiskur**  
Porskur, 200 g

**HEILBRIGÐI  
HOLLUSTA - FÆÐUBÓT**



**32**  
SKAMMTAR

**798**

kr. pk.

**Lýsi Heilsutvenna**  
32 skammtar



**115**

kr. pk.

**HP Flatkökur**  
4 stk.



**198**

kr. pk.

**Bónus Sólkjarnarúgbrauð**  
310 g



**GÓÐUR ORKUGJAFI**

**298**

kr. stk.

**fróosh**  
fruit: bottled

**Froosh safar**  
8 tegundir, 250 ml



Í LAUSU



**198**  
kr. kg

Bökunarkartöflur  
Bretland

FERSKIR  
MEÐ FLUGI



**259**  
kr. 250 g

Sveppir  
250 g, Holland

Í LAUSU



**198**  
kr. kg

Appelsínur  
Beint frá Spáni

## SPARAÐU MEÐ BÓNUS



ÍSLENSKT  
UNGNAUTAKJÖT

**300kr.**  
Verðlækkun pr. kg

**1.598**  
kr. kg

Íslandsnaut Ungnautahakk  
Verð áður 1898 kr. kg



**2.998**  
kr. kg

Íslandsnaut Piparsteik  
Ungnautasteik, fersk



**3.998**  
kr. kg

Íslandsnaut  
Ungnauta Ribeye, ferskt



**1.379**  
kr. kg

Bónus Beikon



**598**  
kr. kg

Ali Grísabógur  
Ferskur

BRÚN OG VISTVÆN  
STJÖRNUEGG



**598**  
kr. 816 g

Stjörnu Brúnegg  
12 stór egg, 816 g  
Verð áður 698 kr.

**12**  
egg



**1.098**  
kr. kg

Bónus Grísakótilettur  
Ferskar

ÍSLENSKT  
GRÍSAKJÖT



**400kr.**  
Verðlækkun pr. kg

**1.498**  
kr. kg

Ali Grísalundir, ferskar  
Verð áður 1898 kr. kg





 **ISL 10 - 11 NOR**   
HÁLFLEIKSTÖLUR

**-10 KR.**

**OG 5 KR. AÐ AUKI TIL** 

Jibbí! Strákarnir okkar unnu Norðmenn í gær og skoruðu 10 mörk í fyrri hálfleik. Þess vegna er 10 króna afsláttur af lítranum í dag með lyklum og kortum hjá ÓB og Olís. Að auki styrkjum við Handknattleikssamband Íslands með 5 krónum af hverjum lítra.



**TAKTU ÞÁTT Í  
EINFÖLDUM LEIK Á ÓB.IS**

# 2010 Matthías Þórarinnsson

Ekkert hefur spurst til Matthíasar Þórarinnssonar síðan rétt fyrir júl 2010. Matthíasi var lýst sem sér-lunduðum einfara sem bjó í gömlum Rússajappa. Jeppinn fannst í janúar 2011, brunninn skammt frá malar-námum á Kjalarnesi. Matthías var ekki í bílnum og engar vísbendingar að finna. Móðir hans, Þórgunnur Jónsdóttir, hefur ekki misst trúna á að hann skili sér. Hún segir erfitt að vita af hverju hann fór en hefur enga trú á að hann hafi viljað binda enda líf sitt. „Þetta hefur verið erfitt en ég veit að hann kemur,“ segir Þórgunnur og lýsir syni sínum sem skemmtilegum. Hún segir samband þeirra hafa verið afar gott en hún var nýflutt á Kjalarnes þegar Matthías hvarf. Hann bjó í Rússajeppanum fyrir utan.



# 1974 Geirfinnur Einarsson

Frægasta óupplýsta mannhvarf á Íslandi er líklega hvarf Geirfins Einarssonar. Geirfinnur hvarf 19. nóvember 1974. Kvöldið örlogaríka hafði ókunnur maður hringt og mælt sér mót við hann í Hafnarbúðinni í Keflavík. Þegar hann kom var enginn þar sem átti erindi við hann. Hann fékk annað samtál um kvöldið og fór aftur út. Hann hefur ekki sést síðan.



Valgeir Víðisson, sem hefur verið saknað síðan 19. júní

## Hafði fengið morðhótanir fyrir hvarfið

Sarkara hefur fengið morðhótanir frá Valgeiri Víðissoni. Hann hefur verið saknað síðan 19. júní 1994.

# 1994 Valgeir Víðisson

Valgeir Víðisson var tæp-lega þrítugur þegar hann hvarf sporlaust af heimili sínu aðfaranótt 19. júní 1994. Valgeir hafði farið í skyndingu af heimili sínu, skilið eftir ljós kveikt og sjónvarpið í gangi. Fljótlega var talið að Valgeir hefði horfið af manna-völdum. Sögur voru um að Valgeir hefði verið í vanda vegna fikjefnaskuldar og umtalað var í undirheimunum að honum hefði verið ráðinn bani vegna þess. Málið var rann-sakað sem sakamálg og fjölmargir voru yfirheyrðir vegna málsins en engar haldbærar sannanir voru til þess að sakfella nokkurn mann. Lögregla hóf að rannsaka málið á ný eftir aldamótin en ekkert kom út úr þeirri rannsókni.



**Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur**

þakkar fyrirtækjum og einstaklingum veittan stuðning á liðnu ári.

Með ósk um farsælt komandi ár.

Sendiráðsbíll til sölu

## BMW 530D xDrive GT árg. 2014

Ekkinn 17 þ. km. Dísel, 4x4, sjálfskiptur, leðursæti, panoramaroof, bluetooth, fjarlægðask., o.s.frv. ÓSKAÐ er tilboða sem eru að lágmarki 8.500.000 kr. st.g. Lokað verður fyrir tilboð kl. 12 föstudaginn 22/1/16

Uppl. í Þýska sendiráðinu í s. 530 1100 eða mail: info@reykjavik.diplo.de

**Tilboð þurfa að berast til Þýska sendiráðsins, Laufásvegi 31, í lokuðu umslagi**

### Viðtæk leit að tveimur fjórtán ára piltum úr Keflavík

## Saknað í sólarhring

Þráttar eru státtarar og hafnir ekki helin á veðingum sína um kvöldið helðu. Þráttar komu við fjórtán ára piltum úr Keflavík í Keflavík. Hefið.

# 1994 Júlíus Karlsson og Óskar Halldórsson

Tveir unglingspiltar, 13 og 14 ára, hurfu frá Keflavík 26. janúar árið 1994. Þeir Júlíus Karlsson og Óskar Halldórsson skruppu út og sáuust aldrei aftur. Lögreglan rannsakaði málið af miklum krafti en þeir fundust aldrei. Vísbendingar bárust um hvar þá væri að finna, meðal annars voru þeir sagðir hafa sést á Suðurlandi og í bænum. Sporhundur leitaði þeirra og endaði slóðin alltaf við olíutanka niðri við sjó. Miklar kjaftasögur spruttu upp um hvarf þeirra, en þrátt fyrir mikla leit hefur aldrei komið í ljós hvað varð um þá.

# 1987 Guðmundur Finnur Björnsson

Guðmundur Finnur Björnsson sást síðast aðfaranótt sunnudagsins 22. nóvember 1987. Guðmundur hafði fagnað tvítugsafmæli sínu með því að fara út að skemmta sér með bróður sínum og vini á skemmtistaðinn Hollywood. Slóð Guðmundar var rakni frá Hollywood, í gegnum Hlíðarnar og að Reykjavíkflugvelli þar sem slökkviðliðsmaður talaði við hann þegar hann ætlaði að fara inn á völinn. Hann sást ganga þaðan í burtu í átt að Óskjuhliðinni og hefur ekki sést síðan.



Týndi lækniþingurinn þeir enn:

## Hvarf í Kaliforníu

- grátbað félaga sína um hjálp eftir að hafa verið rændur bíl og skilríkjum

Íslenskur námsmaður týndur í Bandaríkjunum

# Talinn látinn í tólf ár

Halldór Heimir Ísleifsson var í hagfræðinámi í Bandaríkjunum á niunda áratugnum. Árið 1987 kom hann til Íslands og vann einn vetur. Árið á eftir hélt hann aftur til Bandaríkjanna og ætlaði að halda áfram námi sínu. Áður en skólinn myndi hefjast tjáði hann fjölskyldu sinni að hann ætlaði í ferðalag og aka um Bandaríkin. Hann hafði samband við fjölskyldu sína skömmu eftir að hann kom út. Nokkru seinna höfðu áhyggjufullir skólafélagar samband við fjölskylduna og tjáðu henni að hann hefði ekki skilað sér til baka. Halldórs var leitað, bíll hans fannst en hann ekki. Hann var talinn látinn. Tólf árum seinna hringdi hann hins vegar í fjölskyldu sína og sneri stuttu síðar aftur til Íslands. „Ég hef ekki viljað og vil ekki tjá mig um þessi mál,“ sagði Halldór þegar Fréttablaðið hafði samband við hann. Mikíð var fjallað um heimkomu Halldórs í fjölmiðlum en hvorki hann né fjölskylda hans hafa viljað gefa upp hvað Halldór aðhafðist í þau tólf ár sem hann var talinn látinn og af hverju hann lét fjölskyldu sína ekki vita af sér.

# 1974 Guðmundur Einarsson

Síðast sást til Guðmundar Einarssonar í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974 eftir dansleik í Alþýðuhúsinu í Hafnarfirði. Lögreglan lýsti eftir Guðmundi í fjölmiðlum og hóf leit sem skilaði ekki árangri. Hvarf Guðmundar varð síðar að einu stærsta sakamáli sögunnar, Guðmundar- og Geirfinsmálinu.

## Hvarf sporlaust

Hvarf sporlaust

Hvarfsporlaust

# 1972 Sverrir Kristinsson

Sverrir Kristinsson var 22 ára líffræðistúdent við Háskóla Íslands þegar hann hvarf sporlaust frá Nýja garði á háskólasvæðinu eftir að hafa komið heim af skemmtistaðnum Klúbbnum. Rannsókn málsins tók stefnu í margar áttir en aldrei fannst Sverrir þrátt fyrir itrekaða leit systkina hans.



Bættu góðu áhrifin með því að taka NUTRILENK GOLD og NORÐURKRILL samhliða!

# KAUPAUKATILBOÐ



## Vertu laus við LIÐVERKINA

NUTRILENK Gold er eitt mest selda bætiefnið fyrir liðina á Íslandi. Það inniheldur brjósk úr fiski sem talið er öflugt byggingarefni fyrir bein og brjósk enda ríkt af kondritíni, kondritíni súlfati, kollageni og kalki.

## NORÐURKRILL

NORÐURKRILL inniheldur hreint Omega 3, unnið úr krillolíu frá suðurskautinu sem er hreinasta hafsvæði veraldar ásamt Astaxanthini sem hefur öfluga andoxunareiginleika.



### Hinrik Ólafsson

Leikari, kvikmyndagerðarmaður og leiðsögumaður

„Ég finn ekki lengur til í hjánum og get hreyft mig óhindrað.“

## Laus við verki vegna slitgigtar

„Ég hef verið að kljást við slitgigt í hnjám og mjóbaki í fjölmörg ár og prófað margt, bæði lyf og náttúrulyf sem dugað hafa skammt auk þess að fara í liðþófa aðgerðir. Fyrir rúmum 3 árum gat ég varla beygt mig, var með bólgur í liðum og hreyfigetan takmörkuð. Ég pantaði þá tíma hjá bæklunarlækni sem benti mér á að hyggja betur af lífstílnum og taka inn NUTRILENK.“

Ég fór beint í næstu verslun og fjárfesti í NUTRILENK Gold ásamt NORÐURKRILLI og hef tekið það nær óslitið í 3 ár. Batinn er ótrúlegur. Ég finn ekki lengur til í hjánum og get hreyft mig óhindrað. Ég er mjög meðvitaður um mataræði og stunda sjóþöð sem eru allra meina bót. Ef ég sleppi því hinsvegar að taka inn NUTRILENK og NORÐURKRILL þá finn ég verkina koma aftur. Ég er bjartsýnn á að ég þurfi ekki að heimsækja lækinn fyrr en í fyrsta lagi 75 ára. Ég get því mælt heilshugar með þessari blöndu.“

**Hafrún Kristjánsdóttir** var keppnis-kona í handbolta en í dag er hún einn helsti sérfræðingur landsins í íþróttasálfræði svo hún veit hvað þarf til þess að hafa hausinn í lagi.

Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is



Það er komið fram í miðjan janúar, dimmt og kalt norður á hjara veraldar og karlalandsliðið í handbolta er mætt á skjáinn til þess að stytta okkur stundirnar í vetrardrunganum. Loksins getur þjóðin sameinast um eitthvað; við viljum vinna. En hvað þarf til? Doktor Hafrún Kristjánsdóttir, sviðstjóri íþróttasálfræðis Háskólans í Reykjavík og einn helsti sérfræðingur þjóðarinnar í íþróttasálfræði, þekkir öðrum betur hvernig keppnisfólk þarf að hugsa til þess að ná árangri og þar með væntanlega gleða vetrarlúna þjóð norður í Atlantshafi.

„Íþróttasálfræði er reyndar alls ekki bara fyrir keppnisfólk enda heitir þetta í rauninni íþrótt- og æfingasálfræði og hefur tvö markmið. Annars vegar að kanna hvernig sálfræðilegir þættir hafa áhrif á frammistöðu í hreyfingu, eins og t.d. hvernig hefur kvíði áhrif á vitanýtingu, og þetta er það sem snýr beint að íþróttum. Hins vegar þá snýr fagið líka að því hvernig hreyfing hefur áhrif á sálræna þáttinn, s.s. sama ferlið en í hina áttina. Dæmi um það gæti verið hvernig það að fara út að skokka þrisvar í viku hefur áhrif á kvíða. Þannig að þetta snýst um áhrif sálfræði á hreyfingu og hreyfingar á sálfræði og þess vegna er íþróttasálfræði í raun fyrir alla.“

#### Í upphafi skyldi endinn skoða

En þar sem íslenska þjóðin hefur ódrepani keppnisþak og ólgandi áhuga á íþróttakeppnum er forvitnilegt að vita hvernig landsliðin okkar og afreksfólkið getur nýtt sér íþróttasálfræði til þess að ná enn lengra. „Það sem íþróttasálfræðingur gerir fyrir þá sem eru í keppnisíþróttum er fyrst og fremst að leggja þeim til ákveðin tæki og kenna viðkomandi að nota þau rétt.“

Fyrst er að meta stöðuna og skoða á hverju viðkomandi þarf að halda. Í einhverjum tilvikum koma til þín íþróttamenn og það er eitthvað að. Það getur verið eitthvað á borð við þunglyndi og kvíða sem þarf þá að laga en það getur líka verið t.d. mikið stress fyrir leiki og þá þarf að kenna viðkomandi ákveðnar aðferðir til þess að stjórna keppnis-kvíðanum og skoða frammistöðuna.

Önnur hlið á þessu er undirbúningur eins og t.d. fyrir stórmót. Þá skoðar maður styrkleika og veikleika og byrjar oft á því að kenna viðkomandi hugarþjálfun. Að sjá fyrir sér þegar maður skorar markið o.s.frv. Markmiðasetning er líka algjört lykilatriði. Langflestir af þeim sem hafa komið til min, bæði einstaklingar og lið, eru frekar slakir í markmiðasetningu. Vandinn er að of margir setja sér bara niðurstöðumarkmið, eins og t.d. karlalandsliðið í handbolta sem hefur sett sér það markmið að komast á Ólympíuleika, það er niðurstöðumarkmið og það er allt í lagi en mikilvægt er að setja sér einnig frammistöðumarkmið, slík markmið snúast um hvernig frammistadan á að vera, slík markmið eru mikið betri en niðurstöðumarkmið því þau eru ekki háð utanaðkomandi þáttum og eru ólíklegri til að búa til stress.



Hafrún Kristjánsdóttir segir að íþróttasálfræði sé ekki aðeins fyrir afreksfólk heldur fyrir alla. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Farðu fyrst í vinstri sokkinn en ekki spá í umferðarljósin



**ÞÚ GETUR T.D. KVEIKT Á  
EINBEITINGU LIÐS Í FÖSTU  
LEIKATRIÐI Í FÓTBOLTA  
MEÐ ÁKVEÐNU ORÐI, EINS  
OG T.D. BAKARI, OG ÞÁ  
KVEIKIR ALLT LIÐIÐ Á  
EINBEITINGUNNI.**

Í þriðja lagi þá kenni ég íþróttamönnum ákveðna tækni við að halda einbeitingu. Til þess eru notuð ákveðin lykilord sem eru notuð á tímavörðum þegar einbeitingin skiptir miklu máli. Einbeitingin þarf nefnilega ekki alltaf að vera 100% en hún þarf að vera það á ákveðnum tímavörðum. Þú getur t.d. kveikt á einbeitingu liðs í föstu leikatriði í fótbolta með ákveðnu orði, eins og t.d. bakari, og þá kveikir allt liðið á einbeitingunni.“

**Með sólgleraugu á pöllum**  
Það er margt sem þarf til þess að vel gangi í erfiðum kappleik og oft er haft á orði um þá sem vel gengur að þeir hafi stjórn á leiknum. Hafrún segir að þetta snúi fyrst og fremst að

íþróttamönnum sjálfum og hversu mikla stjórn þeim tekst að hafa á sjálfum sér og hugsunum sínum í keppni.

„Það er nefnilega svo margt sem íþróttamenn geta ekki stjórnað í keppni. Þar af er líkast til dómariinn það þekktasta, svo andstæðingurinn og hvernig hann hagar sér og svo allar ytri aðstæður eins og völlumurinn, hitastigið, vatnið og áhorfendur. Um leið og þú ert farinn að leiða hugann að öllum þessum þáttum þá tekur það frá þér hluta af þínu vinnsluminni og þar af leiðandi hefurðu minni getu til þess að standa þig eins vel og þú gætir mögulega gert.“

Ég get tekið dæmi af mér og mömmu og pabba sem mættu alltaf á leiki þegar ég var að spila. Ég var

kominn upp í meistaraflokk og var að spila þegar ég tók eftir því að pabbi var mættur á leikinn með sólgleraugu og það ljót. Mér fannst þetta alveg skelfilegt og skammaðist mín eiginlega fyrir þetta lúkk á kallinum. Ég byrjaði á bekknum í þessum leik og fór strax að reyna að benda honum á að taka þetta af sér en ekkert gekk. Svo fór ég inn á og einbeitingin var einhvern veginn öll á þessi blessuðu sólgleraugu sem var nú ekki vænlegt til árangurs. En svo kom í ljós að hann hafði þurft að fara í einhverja smá augnaðgerð eða fá einhverja augndropa svo hann gat ekkert við þessu gert,“ segir Hafrún og hlær við tilhugsunina og áréttar að það að fá keppnisfólk til þess að átta sig á muninum á stjórn og óstjórn sé lykilatriði.

#### Sokkur, snagi og rauð ljós

Margir sem eru í eða í kringum keppnisíþróttir eru þekktir fyrir margs konar hjátrú og venjur eða rútinur sem geta einmitt átt stóran þátt í því hvernig viðkomandi keppanda liður þegar á hólminn er komið. En Hafrún leggur áherslu á að hjátrú og rútinur séu ekki eitt og sama fyrirbærið. „Ég kenni mínunum íþróttamönnum að nota svokallaðar rútinur og legg mikla áherslu á að það er ekki það sama og hjátrú. Rútinur eru góðar en hjátrú er slæm. En svo þarf að veita og meta hvað er rútin og hvað er hjátrú. Rútin getur hjálpað til við einbeitingu og það geta verið hlutir eins og að fara alltaf fyrst í vinstri sokkinn. En rútinan verður að vera þannig að þú getir framkvæmt hana hvar sem er og að þú hafir stjórn á henni. Þú getur haft stjórn á þessu með sokkana en þú getur ekki ráðið því hvort þú kemst á keppnisstaðinn án þess að lenda á rauðu ljósi. Ég man eftir leikmanni sem glimdi við þetta með rauða ljósið og þar var rangt tekið á málinu því þjálfariinn fór í að teikna upp fyrir hann leið án umferðarljósa. Slíkt gengur auðvitað ekki endalaust upp og þá hefði verið betra að stoppa ruglið frekar en að taka undir það.“

Annað með rútinur er að þær eru bara hjálplegar. En hjátrúin er þannig að ef þú getur ekki framkvæmt rútinuna þá telur þú að það orsaki slæmt gengi. Þegar þú sérð ekki að það er ekki orsakasambandi milli þess hvort þú getir hegðað þér á einhvern ákveðinn hátt fyrir leik og frammistöðunnar í honum ertu í vöndum málum og þarft að rjúfa hjátrúna. Ég man til að mynda eftir einum þekktum handboltakappa sem hengdi alltaf fötin sín á sama snagann á heimavelli. En svo kom að því að hann mætti í leik og snaginn hafði brotnað. Þar með var allt komið í pat og maður gekk undir mann til þess að reyna að klastra upp snaganum svo viðkomandi gæti spilað. Ég spilaði líka einu sinni með stelpu sem varð alltaf að fara síðust út úr klefanum. En í eitt skiptið þá hafði leikmaður meidd í upphitun sem fékk svo aðhlyningu inni í klefa og afleiðingin var sú að þessi sem var ALLTAF síðust út einfaldlega komst ekki út. Þetta er náttúrulega klikkað en þetta er eitt af því sem íþróttasálfræðin tekst á við á hverjum degi.“

#### Við erum með risagulrót

Nú er EM í handbolta komið á fullt og eins og Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari hefur bent á er alltaf mikil pressa á liðið að standa sig og einir 320.000 landsliðsþjálfarar mættir fyrir framan skjáinn að fylgjast með leik liðsins. En hvaða áhrif skyldi slík pressa hafa á lið almennt? „Þjálfari getur alltaf farið þá leið að reyna að stjórna væntingum þjóðarinnar í gegnum vídtöl og fjölmiðla. En það sem er í raun einfaldast og árangursríkara að gera er að kenna leikmönnum að takast á við þessa pressu. En ég er nú á því að það sé full ástæða til bjartsýni enda erum við með flott lið. Þetta verður auðvitað spennu og erfitt en við erum með risagulrót sem er Ólympíuleikar og ég hef fulla trú á að strákarnir nái settu marki.“



## Eldheitur stuðningmaður

Friðrik Ármann Guðmundsson í Melabúðinni er eldheitur stuðningsmaður íslenska karlalandsliðsins í handbolta. Hann er staddur í Póllandi þar sem ríkir góð stemning. **SÍÐA 2**



# LEVI'S LÆKKAR VERÐ Á ÖLLUM VÖRUM

**Levi's kynir** Levi's opnaði nýja verslun í Kringlunni í haust en þar fyrir utan er Levi's verslun í Smáralind og á Glerártorgi á Akureyri. Stóraukið vöruúrval er að finna í öllum verslunum Levi's og lækkað verð.

„Eftir afnám tolla á fatnaði sáum við tækifæri til að lækka verð á vörum Levi's og höfum þegar gert. Það hjálpaði einnig til að við gátum lækkað verðið svo um munar að gengið hefur styrkst mikið á undanförunum mánuðum. Þessu viljum við skila í vasa okkar viðskiptavina,“ segir Lilja Bjarna, eigandi Levi's á Íslandi.

Sem dæmi nefnir hún eitt vinsælasta snið Levi's til margra ára, 501.

„Levi's 501 buxurnar kostuðu í byrjun síðasta árs 17.990 krónur. Þær kosta nú 13.990 krónur. Við leggjum okkur fram um að þessar aðgerðir skili sér til viðskiptavina,“ útskýrir Lilja.

### NÝ KVENLÍNA MEÐ 80% TEYGJU

„Glæný og sterk kvenlína frá Levi's er komin á markað sem kallast 700 Series. Línan hefur slegið í gegn um alla Evrópu en hún samanstendur af gallabuxum með mikilli teygju í efninu eða allt að 80 prósent. Þetta er það sem konur hafa verið að leita eftir, flottar gallabuxur sem eru þægilegar og gefa eftir,“ útskýrir Lilja. „Buxurnar halda forminu fullkomlega og ekki myndast þokar um hné. Levi's er mjög framarlega í allri þróun á efnum sem þýðir að fyrirtækið getur boðið upp á gallaefni með allt upp í 80 pró-



Sturla Erlendsson og Gunnhildur Geira Þorlákssdóttir eru verslunarstjórar í nýju Levi's búðinni í Kringlunni. Levi's hefur lækkað verð á fatnaði og stóraukið úrvalið. MYNDIR/STEFÁN

sent teygju sem gengur fullkomlega saman aftur.“

### AUKIÐ ÚRVAL

Úrvalið af buxum hefur ekki einungis aukist í verslunum Levi's. Einnig hefur bæst verulega við úrval af efri pörtum, svo sem skyrtum og bolum. „Við seljum til dæmis mikið af sokkum og nærbuxum en sokkapör, tvö í pakka kosta einungis 1.990 krónur.“

### SAUMAPJÓNUSTA Á STAÐNUM

Í öllum nýjum Levi's verslunum sem opnaðar eru í dag er saumapjónusta (e. tailor service) inni í búðinni. Þannig geta viðskiptavinir látið stytta buxur á staðnum gegn vægu gjaldi. Lilja segir það hluta af starfsþjálfun hjá Levi's að læra að stytta buxur og sé allt starfsfólk Levi's á Ísland þjálfað til þess. „Í nýju versluninni okkar í Kringlunni er meðal annars boðið upp á þessa þjónustu,“ segir Lilja. Verslunin var opnuð í september og hefur hlotið góðar viðtökur.

„Búðin er öll hin glæsilegasta og ein af fyrstu verslunum á Íslandi sem er einungis lýst með ledlýsingu. Það er hluti af umhverfisstefnu. Viðtökurnar hafa verið frábærar og við viljum gera vel við viðskiptavinum með góðri þjónustu og lækkun verðs.“

## Fjórir öflugir flensubanar



### C-vítamín 1000mg

Öflugt C-vítamín með litilli síru. Styrkir ónæmiskerfið, tauga-kerfið, myndun collagens og er bakteríudrepani.



### Hvítlaukur

Eflir ónæmiskerfið og er sýkladrepani. Virkar vel við bakteríusýkingum og sveppasýkingum. Lækkar blóðþrýsting



### Immune Support+

Inniheldur m.a. A-, C- og D-vítamín, sínk, kopar, selen, hvítlauk, Beta glúkan og ylli.



### Sólhattur

Sólhattur eða Echinacea er þekkt lækningajurt sem notuð hefur verið til að fyrirbyggja og milda einkenni kvefs og umgangspesta í áraráðir.



**Gulí miðinn** FYRIR OKKUR

HEILSU PAKKINN  
3 fyrir 2

**TILBOÐ**  
3 fyrir 2

Heilsupakkinn inniheldur vítamín og bætiefni, sérválin fyrir íslenskar aðstæður. Fyrir okkur öll. Kynntu þér úrvalið á gulimidinn.is



Friðrik hefur sótt flest stórmót erlendis síðan 2008. Hér er hann lengst til hægri í góðum félagskap.

## ÞAÐ ER SVO GAMAN AÐ VERA MEÐ

Friðrik í Melabúðinni er eldheitur stuðningsmaður landsliðsins í handbolta. Hann og eiginkona hans verða saman í Póllandi um helgina á EM.

Íslenska karlalandsliðið í handbolta lék fyrsta leik sinn á EM í gær þegar liðið mætti Norðmönnum í Póllandi. Eins og venjulega fylgir stór hópur stuðningsmanna landsliðinu og meðal þeirra eru hjónin Friðrik Ármann Guðmundsson, kaupmaður í Melabúðinni, og eiginkona hans, Rúna Hauksdóttir Hvannberg. Fram undan eru tveir leikir í riðlakeppninni, gegn Hvíta-Rússlandi á morgun og Króatíu á þriðjudaginn og er stemningin góð ytra.

Friðrik hefur aldrei komið til Póllands en Rúna hefur tvisvar heimsótt Varsjá að hans sögn. „Ég hlakka mikið til en í svona ferðum er um að gera að spila af fingrum fram. Sjá hvaða tækifæri bjóðast á milli dagskrárliða og nýta þau til að gera eitthvað annað spennandi í eða við borgina Katowice þar sem strákarnir spila í riðlakeppninni.“

Friðrik hefur sótt nokkur stórmót erlendis undanfarin ár og þykir það alltaf jafn gaman. „Það er bara svo gaman að vera með! Upplifa þessa sérstöku stemningu sem er á hverjum stað, gleyma sér í amstri dagsins í nokkra daga og verða einn af strákunum. Ég er ýmist með mínum nánustu eða félögum mínum og ekki er verra ef liðinu gengur vel. Okkur sem ekki spilum líður alltaf vel.“

### ÞÉTT DAGSKRÁ

Dagskráin er þéttskipuð hjá þeim hjónum sem og öðrum stuðningsmönnum. „Við flugum beint til Katowice í gærmorgun en gleðin byrjaði strax í Leifstöð þar sem stuðningsmenn mættu margir klæddir búningum og voru glaðir. Fyrsta verk á hótelinu í gær var stuttur töflufundur með Aroni landsliðsþjálfara þar sem spáð var í leiki dagsins. Þar var hitað upp þar til ekið var með okkur til hallarinnar þar sem við horfðum á Króatíu og Hvíta-Rússland og síðan okkar menn gegn Norðmönnum.“ Eftir leikinn í gær var bærinn málaður blár að hans sögn en í dag, laugardag, er frídagur. Á morgun heldur svo gamanið áfram.



Friðrik Ármann og Rúna fylgjast með landsliðinu í Póllandi um helgina.

### FRÁBÆRAR FERÐIR

Sjálfur byrjaði hann að fylgjast með handbolta sem ungur drengur þegar hann ólst upp í austurbæ Reykjavíkur en þá hélt hann með FH. „Það var fyrst og fremst Geir Hallsteinssyni að þakka. Ég fór aðallega á leiki í Laugardalshöllinni og fylgdist grannt með landsliðinu. Áhuginn dvínaði ekki með árunum en ég sást þó minna á pöllum. Eldri dóttir okkar, Rúna, æfði handbolta með Gróttu og var bara mjög efnileg þó ég segi sjálfur frá. Hún hélt mér við efnið ásamt Óla Stef.“

Þrátt fyrir mikinn handbolta-áhuga var það þó ekki fyrr en árið 2008 sem Friðrik fór á fyrsta stórmótið erlendis. „Þá fórum við á EM í Noregi þar sem liðið endaði í 11. sæti. Þessi ferð kveikti neistann og síðan hef ég sótt flest stórmót liðsins erlendis.“ Tveimur árum síðar fór Friðrik á EM í Austurríki ásamt eldri dóttur sinni og árið

2011 hélt hann til Svíþjóðar ásamt yngri dóttur sinni, Stellu. Árið 2014 fór hann ásamt Péttri bróður sínum til Danmerkur þar sem EM fór fram. „Þetta voru frábærar ferðir í alla staði. Umgjörð móttanna var flott og gott gengi liðsins skemmdi ekki fyrir en það lenti í þriðja, sjötta og fimmta sæti.“

### ÞETTA VERÐUR GAMAN

Friðrik er hæfilega bjartsýnn á gengi liðsins. Erfitt sé að spá um árangurinn en eitt sé þó víst, að þetta verður gaman. „Við eigum 320 þúsund þjálfara og spekulanta en þetta fer bara eins og það fer. Númer eitt, tvö og þrjú er að strákarnir og við öll höfum hjartað á réttum stað. Þá gengur allt svo miklu, miklu betur. Á góðum degi eigum við að geta unnið allar þrjár þjóðirnar í riðlinum en ég verð ánægður með fjögur stig úr riðlinum. Svo sjáum við bara hvernig gengur. Áfram Ísland!“

**BÚRFELL**

HÍÐ SÍVINSÆLA BÚRFELLS BEIKON ER KOMIÐ Í NÝJAR BRAKANDI FERSKAR UMBÚÐIR SEM BERA KEIM AF VILLTA VESTRINU.

**TILBOÐ**

**NÝ TEGUND**

**NÝJAR UMBÚÐIR**

ÞEIR HUGUÐU GETA NÚ PRÓFAÐ NÝJA BÚRFELLS BBQ CHILI BEIKONIÐ.

**BEIKON**

HEFST 31. JANÚAR

**ÍSLAND GOT TALENT**

vodafone HÁMARK PRÓTEINRYKKUR

# NEERA HREINSUNARKÚRINN



## LÉTTU Á ÞÉR Á NÝJU ÁRI

Neera detox sýrópið er blanda af kanadísku hlynsírópi og pálmásýrópi og er sérhannað til að veita orku og steinefni meðan á föstu stendur. Þú blandar sýrópið einfaldlega með vatni, sítrónusafa og cayenne pipar eða engifer samkvæmt leiðbeiningum.

Þú getur svo notað Neera til að fasta eða í stað einnar máltíðar til að léttu daginn.

Neera hefur verið notað um allan heim í meira en 50 ár. Þær tugþúsundir manna sem hafa notað það tala um ýmsa kosti þess, m.a.:

- Hreinsun líkamans af eitrefnum
- Þyngdartap
- Aukna orku
- Heilbrigðara hár og sterkari neglur
- Betri húð
- Betri meltingu
- Meiri vellíðan



Þú færð Neera með **20% afslætti** hjá **Heilsuhúsunum**, í verslun **Mamma veit best** og á **mammaveitbest.is** allan janúar.

**FJÁRFESTU Í HEILSUNNI ÞINNI**

**Nýtt**

**OFURFÆÐI í hylkjum**

- 31 innihaldsefni
- Hátt næringargildi
- Aukin orka og úthald
- Ríkt af andoxunarefnum
- Hátt hlutfall vítamína, steinefna, ensíma og amínósýra
- 100% náttúrulegt og lífrænt

**ULTIMATE SUPERFOODS**

Contains 31 Organic Superfoods, Concentrates, Plant Extracts and Bio-Active Enzymes

Food Supplement  
100% Certified Organic  
60 Capsules

Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða og verslana



Í tilefni af útnefningu Elsu sem bæjarlistamaður Seltjarnarness hefur verið opnuð sýning á öllum dagbókarfærslunum 365 í Gallerí Gróttu. Sýningin stendur yfir til 5. febrúar og verður opin í dag á milli klukkan ellefu og fjögur. MYND/ERNIR

**Guli Smíðinn** FYRIR OKKUR

**KRAKKA PAKKINN**  
3 fyrir 2  
Hugsaðu um heiluna


**TILBOÐ**  
3 fyrir 2

Krakkapakinn inniheldur vítamín og bætiefni, sérvalin fyrir íslenskar aðstæður. Fyrir börnin. Kynntu þér úrvalið á [gulimidinn.is](http://gulimidinn.is)

## ÁRIÐ HENNAR ELSU

Listakonan Elsa Nielsen var í gær útnefnd bæjarlistamaður Seltjarnarness. Síðasta ár var mjög viðburðaríkt hjá Elsu og meðal annars stóð hún við áramótaheit sitt um að teikna 365 myndir eða eina mynd á dag.

Það kom Elsu Nielsen, grafískum hönnuði og myndlistarkonu, á óvart að hún skyldi hljóta útnefningu sem bæjarlistamaður Seltjarnarness í gær en hún er tuttugasti Seltirningurinn sem hlýtur nafnbótina. „Jú, þetta kom á óvart, það er svo mikið menningarlíf úti á Nesi að þetta var alls ekki sjálfgefið. Það er mikill heiður og fjöður í hattinn að fá þessa nafnbót,“ segir hún og brosir. Hún nefnir að með útnefningunni fái hún vonandi tækifæri til að sinna listinni enn betur. „Mig langar að vinna með börnum og unglingum hér í bænum og miðla til þeirra listinni og með nafnbótinni fæ ég tækifæri til þess. Ég held að það sem ég geri höfði vel til barna og unglinga, þetta verður mjög spennandi og ég hlakka til.“



Hluti af myndunum 365 sem Elsa gerði á síðasta ári. Hver mynd er innblásin af verkefnum þess dags þegar hún var gerð.

### BRONS Í BADMINTON

Síðasta ár var viðburðaríkt hjá Elsu og mætti segja að allt hafi gengið upp hjá henni. Meðal annars vermdi litabók hennar Íslensk litadýrð efstu sæti bókalista í lok ársins og mörg hundruð manns fylgdust af áhuga með dagbókarfærslum hennar á Instagram og Facebook undir yfirskriftinni #einadag. Hún segir það standa upp úr að hafa náð að standa við áramótaheitið sem hún strengdi í upphafi síðasta árs – að teikna eina mynd á dag. „Mér skilst að aðeins þrjátíu prósent þeirra sem strengja áramótaheit standi í raun við það,“ segir hún í léttum dúr og bætir við að einnig standi útgáfa litabókarinnar upp úr sem og útgáfa barnabókarinnar Vinabókin sem hún gerði með Jónu Valborgu Árnadóttur. „Eins fannst mér mjög gaman að fara á heimsmeistaramótið í badminton þó það komi nú listinni ekkert við. Við fórum saman, hópur sem spilar saman tvisvar í viku, á heimsmeistaramótið fyrir 35 ára og eldri sem haldið var í september í Svíþjóð. Þar náði ég þriðja sæti í einliðaleik sem kom mér á óvart og var gaman að rifja upp gamla takta,“ segir Elsa en margir þekkjá hana betur fyrir afrek hennar á badmintonsviðinu enda varð hún margsinns Íslandsmeistari í greininni auk þess að

vera fulltrúi Íslands á Ólympíuleikum um tvígang.

### ÞÍNULÍTIL LIST

Að auki er Elsa einn af fáum frímerkjateiknum landsins og í fyrra kom út frímerki í tilefni Smáþjóðaleikanna með mynd eftir hana. „Ég hef hannað frímerki síðan um árið 2000. Við erum ekki svo mörg sem fáum að spreyta okkur á því en ég hef náð að halda mig í þeim hópi sem mér finnst mjög skemmtilegt. Þetta er öðruvísi myndskreyting, alveg þínulítið pláss sem þarf að hugsa vel út í. Á þessu ári kemur út eitt frímerki eftir mig í tilefni afmælis Ísafjarðarbæjar.“

### MEIRI MYNDLIST

Árið 2015 var vissulega ár Elsu og byrjar nýja árið vel hjá henni líka. Hún vann þó ekki eiginlegt áramótaheit um nýliðin áramót. „Það fór mikill tími í síðasta áramótaheit, ég var að reikna það út

að það voru líklega um tvö hundruð klukkutímar sem fóru í myndirnar 365. En mig langar að mála meira á árinu, ég hef verið með það í kollinum og best að ég segi það núna svo ég standi við það að ég ætla að mála eina mynd í hverjum mánuði. Það er ekki svo mikið miðað við eina mynd á dag í fyrra, ég hlýt að geta það,“ segir Elsa og hlær. Hún hefur lengi málað og á að baki margar sýningar á því sviði. Á meðal næstu verkefna er þátttaka í HönnunarMars en þar verður hún með sýningu á Mokka-kaffi ásamt hópi listakvenna. „Þar ætlum við að taka fyrir leturgerð á myndrænan hátt. Svo verð ég með dagatalið og eitthvað tengt litlu myndunum líka á HönnunarMars.“

Í tilefni af útnefningu Elsu hefur verið opnuð sýning á öllum dagbókarfærslunum 365 í Gallerí Gróttu og stendur sýningin yfir til 5. febrúar. Hún verður opin í dag á milli klukkan ellefu og fjögur.

# Heilsu Qigong

5 helstu ástæður þess að iðka qigong  
Qigong (borið fram "tsi-gong") er yfir 5.000 ára gamalt æfingakerfi í heilsurækt þarsem saman fer qi, sem merkir "lífskraftur", og gong, sem merkir "nákvæmar æfingar".

- 1. Aukin vellíðan og lífsþróttur**  
Minnkar blóðþrýsting, bætir hjarta- og æðastarfsemi, jafnar hjartsláttartíðni og minnkar kólesteról.
- 2. Dregur úr þrálátum sársauka**  
Með hjálp sjónar og stjórna hugar og líkama getur þú dregið úr þrálátum sársauka frá lídagigt.
- 3. Betra blóðstreymi**  
Með sérstökum öndunaræfingum getur þú aukið súrefnisflæði í líkamanum.
- 4. Dregur úr spennu**  
Með því að minnka viðbrögð við spennuvekjandi álagi. Hjálpar gegn þráhyggju- og áráttuþegun, þunglyndi og kvíða og persónuleikaeinkennum af A-gerð.
- 5. Byggir upp sjálfsvirðingu**  
Með því að leyfa þér að líða vel og þægilega.

**Skráning í síma 553 8282**

**Þú finnur okkur á Facebook**

**HEILSU DREKINN**

Skeifan 3j | Sími 553 8282 | [www.heilsudrekinn.is](http://www.heilsudrekinn.is)

**ÞESSI GÖMLU GÓÐU Á EINUM STAÐ**

BESTA TÓNLISTIN FRÁ 1960 - 1985

**GULL BYLJAN**

# ALLT ÖNNUR LÍÐAN OG BETRA SKAP

**Icecare kynnis** Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaldri. Það er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum að ná betri líðan.

Virgni Femarelle hefur verið staðfest með fjölda rannsókna á undanföllum þrettán árum. Guðrún Ragna Ólafsdóttir prófaði Femarelle fljótlega eftir að það kom á markað fyrir þremur árum. „Þegar ég komst á breytingaskeiðið fékk ég hormón hjá læknum sem fóru ekki vel í mig þannig að ég ákvað að prófa Femarelle. Ég get ekki líkt líðan minni eftir að ég ákvað að prófa Femarelle við líðanina áður. Ég er með gigt og hef verið á lyfjum við gigtinni og mörg lyfin fara ekki of vel með mig. Núna er ég betri í skapinu og líður miklu betur við að nota Femarelle, miðað við það hvernig mér leið á hormónunum. Ég er ekki sama manneskja eftir að ég kynntist Femarelle,“ segir Guðrún Ragna.

## FEMARELLE HEFUR HJÁLPAÐ MIKIÐ

Valgerður Kummer Erlingsdóttir hefur notað Femarelle í nokkurn tíma og finnur nú vel hve miklu máli það skipti fyrir hana að taka

“Femarelle hefur hjálpað mér alveg ótrúlega mikið og bjargað líðan minni.

Það. „Ég var byrjuð að finna fyrir breytingum hjá mér, var farin að svitna mikið yfir daginn og var oft með skapsveiflur. Ég var ekki sátt við þessa líðan, ég fékk hormónatöflur hjá læknum en var aldrei róleg yfir að nota þær. Mér líður núna svo miklu betur en áður, og jafnvel betur en þegar ég var að nota hormónatöflurnar. Ég tek yfirleitt bara eitt hylki af Femarelle á dag, en stundum tvö þegar ég er í miklum hita á sumrin.“

Valgerður er svo ánægð með Femarelle að hún mælir með því við allar vinkonur sínar. „Ég veit að nokkrar eru að nota það líka. Femarelle hefur hjálpað mér alveg ótrúlega mikið og bjargað líðan minni.“



Femarelle hefur hjálpað Valgerði mikið en hún fann áður fyrir skapsveiflum og svitnaði mikið. MYND/GVA



## SVEFNTRUFLANIR ÚR SÖGUNNI

Svefntruflanir geta stuðlað að vanlíðan. Við búum í hröðu og erilsömu samfélagi sem veldur því að svefntruflanir eru gríðarlega algengar.

Svefntruflanir geta stuðlað að vanlíðan. Við búum í hröðu og erilsömu samfélagi sem veldur því að svefntruflanir eru gríðarlega algengar. Sigríður Geirsdóttir er fimmtug kona í krefjandi stjórnunarstarfi og hefur átt við svefnvandamál að stríða af og til undanfarin tíu ár. Hún mælir eindregið með Melissa Dream fyrir alla þá sem eiga erfitt með að slaka á og festa svefn. „Svefnvandamálið lýsir sér þannig að ég næ ekki að „slökkva á mér“ á kvöldin, heilinn fer á fullt að hugsa um næstu vinnudaga og ég næ ekki að slaka nægilega á til að sofna. Fyrir nokkrum árum fékk ég vægt svefnlyf hjá lækni sem hjálpaði mér en ég var aldrei hrifin af því að taka svefnlyf að staðaldri, kannski vegna hræðslu við að verða háð þeim. Lyfin fóru einnig illa í mig, til dæmis vaknaði ég á morgnana með hálfgerða timburmenn, en þá líðan tengdi ég beint við notkun svefnlyfja. Fyrir nokkrum mánuðum ráðlagði góð vinkona mín mér að prófa Melissa Dream og verð ég að viðurkenna að það hentar mér mun betur en svefnlyfin,“ segir Sigríður. „Eftir að ég fór að nota Melissa Dream þá næ ég að slaka á og festa svefn. Ég sef eins og ungbarn og er hress morguninn eftir. Einnig hefur Melissa Dream hjálpað mér mikið vegna þurrings í fótum sem angraði mig oft á kvöldin. Það er líka góð tilfinning að notast við náttúruleg lyf ef þess gerist kostur.“



## SOFÐU BETUR MEÐ MELISSA DREAM

- Vísindalega samsettar náttúruvörur.
- Aðstoða þig við að sofa betur og vakna endurnærð/ur.
- Innihalda ekki sljógandi efni.
- Innihalda náttúrulegu aminosýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun.
- Innihalda B-vítamín sem stuðla að eðlilegri taugastarfsemi.
- Innihalda mikið magnesíum, sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og dregur þar með úr óþægindum í fótum og handleggjum.

## ÞAKKLÁTAR MELISSA DREAM

Unnur Stephensen hefur einnig góða reynslu af notkun Melissa Dream og telur sig heppna að hafa uppgötvað það. „Þannig var að ég þurfti að vinna úr ákveðinni reynslu, sem var sársaukafull. Ég missti föður minn fyrir nokkrum árum og missti mömmu mína fyrir ári, þessi elska fékk Alzheimer og var á Skjólí í nokkur ár. Þegar mér leið sem verst fékk ég skrifad upp á svefntöflur frá lækni. Ég tók þær í nokkurn tíma og fannst þær hreint hræðilegar fyrir mig, ég

var eins og vofa á daginn þannig að ég hætti að taka þær inn,“ lýsir Unnur. Hún fór svo að nota Melissa Dream og telur það sannarlega hafa breytt miklu hjá sér og er innilega þakklát fyrir það.

Guðlaug Narfadóttir hefur notað Melissa Dream í nokkra mánuði og segir það virka vel. „Ég sef vel og vakna hressari á morgnana, jafnvel áður en vekjaraklukkan hringir. Ég hef verið mjög slæm af fótaþurringi en hann hefur lagast eftir inntöku á Melissa Dream,“ segir Guðlaug.

## LÆKNIRINN MÆLTI MEÐ BIO-KULT

Margrét Fanneyju líður betur eftir að hún fór að taka Bio-Kult Original samkvæmt ráðleggingum læknis og mælir hún heils hugar með því.

Margrét Fanney Bjarnadóttir segir Bio-Kult Original hafa komið meltingunni í jafnvægi og að hún sé allt önnur eftir að hún fór að taka það inn. „Ég hef alla tíð átt í vandræðum með meltinguna, það hefur ýmist allt verið stíflað hjá mér eða að ég held engu niðri. Árið 2012 veiktist ég mjög, hélt engum mat niðri og léttist um fjörutíu kíló. Ég fór í allar mögulegar rannsóknir sem hægt var að senda mig í, til dæmis ristil- og magaspeglun, ísótoparannsókn og alls konar myndatökur. Ég fékk reyndar gallsteina líka á þessu tímabili og þurfti að fara í aðgerð við því og svo var skjaldkirtillinn orðinn vanvirkur,“ lýsir Margrét.

Hún segir að sér finnst erfitt að þurfa að segja frá því að hún hafi þurft að skipta um meltingarsérfræðing en það hafi hún þurft að gera vegna þess að hún hafi ekki fengið neina lausn sinna vandamála hjá þeim fyrsta. „Hann rannsakaði mig vissulega vel en ég fékk enga lausn nema þá að ég væri með ofvirkan ristil. Ég reyndi ítrekað að fá hann til að leiðbeina mér um mataræði og hvort hann vissi um eitthvað sem gæti hjálpað mér, en hann skrifaði bara upp á hægðalosandi og hægðastemmandi töflur. Ég skipti því um meltingarsérfræðing og hann ráðlagði mér að taka Bio-Kult Original til að koma melting-



Margrét Fanney fékk lausn við áralöngum meltingarvandamálum þegar hún fór að taka inn Bio-Kult Original.



unni í jafnvægi. Það hefur bjargað mér algjörlega og ég er allt önnur núna. Ég tek eitt hylki af Bio-Kult Original með kvöldmat og þarf ekki lengur að hafa áhyggjur af maganum,“ segir Margrét ánægð í bragði.

## BIO-KULT FYRIR ALLA

Innihald Bio-Kult Original er öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflórana. Bio-Kult Original hentar vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir dr. Natasha Campbell-McBride.

**SÖLUSTADIR OG UPPLÝSINGAR** Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, [www.icecare.is](http://www.icecare.is)

**IceCare**

# LESA FYRIR BESTA VININN

Borgarbókasafnið, í samstarfi við félagið Vigdís - Vini gæludýra á Íslandi, býður börnum að heimsækja safnið og lesa sér til ánægju fyrir hunda sem eru sérstaklega þjáfaðir til að hlusta á börn lesa. Fyrsta lesstundin er á sunnudaginn.

„Við höfum frá því vorið 2013 verið með lestrarverkefni með hundum í Grunnskóla Seltjarnarness,“ segir Margrét Sigurðardóttir, formaður Vigdísar, en félagið er aðili að lestrarverkefninu R.E.A.D – Reading Education Assistance Dogs sem starfar um allan heim með um fjögur þúsund sjálfboðaliðum með það að markmiði að efla læsi barna með því að hvetja þau til yndislesturs. „Lestrarstundir með hundi reynast börnum vel og ekki síst þeim sem eiga við lestrarörðugleika að stríða,“ segir Margrét.

Hugmyndin að verkefninu hér á landi er sprottin út frá samtali Margrétar við Brynju Tomer og dóttur hennar, Sóleyju Ragnarsdóttur. „Þær höfðu heyrt af þessu bandaríska verkefni og þótti það afar spennandi. Brynja er mikil hundamanneskja og tekur til dæmis út alla hunda í Rauðakrossverkefninu sem margir þekkja,“ segir Margrét, sem sjálf er æskulýðsfulltrúi á Seltjarnarnesi og forstöðumaður í félagsmiðstöð. Hún hafði milligöngu um að koma verkefninu inn í grunnskólann á Seltjarnarnesi en Brynja hefur haft umsjón með leiðbeinendum og hundum þeirra.

Hugmyndin að baki því að nota hunda er sú að börn slaki oft betur á þegar þau lesi fyrir hund enda gagnrýni þeir ekki barnið meðan á lestrinum stendur.

„Sjálfboðaliðinn sem á hundinn ræðir síðan við barnið um innihald bókarinnar til að aðstoða og tryggja betri lesskilning,“ lýsir Margrét en hundarnir sem notaðir eru í verkefnið þurfa að vera rólegir og vel upp aldir. Hundurinn er ávallt notaður sem nokkurs konar milliliður. „Ef fyrir kemur erfitt orð sem ljóst er að barnið skilur ekki segir leiðbeinandi til dæmis: „Ég held að Snati hafi ekki skilið þetta orð, getur þú útskýrt það fyrir honum?“ Ef barnið getur það ekki segir hann: „Eigum við að útskýra það fyrir Snata?“ Þannig er orðaforðinn aukinn.“

Hingað til hefur aðeins verið boðið upp á verkefnið innan Grunnskóla Seltjarnarness og þá notað sem inngrripsverkefni þar sem börn hafa komið einu sinni í viku á skólatíma í þrjú mánuði. „Börnin eru öll mjög spennt að fá að lesa fyrir hundana og það er líka gaman að sjá að hundarnir eru ekki síður spenntir að hitta krakkana. Þeir koma hlaupandi með dillandi rófur,“ segir Margrét sem skrifar nú mastersritgerð um verkefnið og segir mjög góðar vísendingar um góðan árangur sem rími við erlendar rannsóknir.

Vigdís hefur nú einnig hafið samstarf við Borgarbókasafnið sem ætlar að bjóða börnum að lesa fyrir hunda nokkra sunnudaga í vor. [solveig@365.is](mailto:solveig@365.is)



Talið er að börn slaki betur á þegar þau lesa fyrir hund enda gagnrýnir hann ekki lesturinn. NORDICPHOTOS/GETTY

## LESTRARSTUNDIR

Boðið verður upp á lestrarstundirnar á 5. hæð Borgarbókasafnsins í Grófinni sunnudagana 17. janúar, 7. og 21. febrúar, 6. og 20. mars og 3. apríl og hefjast allar kl. 15.

Foreldrar þurfa að bóka tíma fyrirfram fyrir börnin með því að senda tölvupóst á [thorbjorg.karlsdottir@reykjavik.is](mailto:thorbjorg.karlsdottir@reykjavik.is) eða með því að hringja í síma 411 6146.

# 40.000



## fréttapyrstir notendur

Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar sem er og hvenær sem er.

Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímann með Fréttablaðsappinu.

Nálgastu appið á [visir.is/fbl](http://visir.is/fbl) eða beint í gegnum:



FRÉTTABLAÐIÐ



Salöt geta vel verið saðsöm.

## SAFARÍK SALÖT

Salat er góður kostur þessa dagana eftir stórmáltíðir liðinna vikna enda hægt að hafa það bæði matarmikið eða léttara eftir því hvernig stemningin er auk þess sem auðvelt er að matreiða það. Svo er það að líka hollt sem er ekki verra. Hér eru uppskriftir að tveimur ólíkum salötum fengnar af uppskriftavefnum Real Simple.

### BLAÐSALAT MEÐ TÓMÖTUM OG BEIKONI

- 4 sneiðar beikon
- 1 blaðsalatshaus (romaine-salat) rifinn niður
- 1 bolli kirsuberjatómatar, skornir í helminga
- 4 vorlaukar, niðurskornir
- 4 til 6 msk. Caesar-dressing

Steikið beikonið þar til það er orðið stökkt. Látið það liggja á eldhúspappír og brjótið það í bita þegar

það hefur kólnað. Látið allt hráefnið í skál ásamt beikoninu og dressingunni og blandið vel saman. Borðið af bestu lyst.

### SPÍNATSALAT MEÐ LÁRPERU OG PAPIRIKU

- 2 bollar ferskir brauðteningar
- 1 msk. ólífulía
- ¼ tsk. salt
- 150 g spínat
- 1 avókadó, skorið í teninga
- 1 paprika, skorin þunnt niður
- ½ bolli ólífur, skornar í helminga
- 1 skalottlaukur, saxaður
- 4 til 5 msk. balsamedik

Hitið ofninn í 200°C. Setjið brauðteningana á bökunarpappír á ofnplötu, dreifið ólífulíu og salti yfir og bakið í tíu til fimmtán mínútur eða þar til brauðið er orðið gyllt. Gott er að snúa teningunum einu sinni á meðan þeir eru í ofninum.

Blandið svo öllum hráefnunum vel saman í skál og berið fram.







TE &amp; KAFFI

## STARFSMAÐUR Í FRAMLEIÐSLUELDHÚS

Hjá Te & Kaffi starfar fjöldinn allur af hressu og metnaðarfullu fólki og nú vantar að bæta í þann góða hóp. Við leitum að duglegum og áhugasömum einstaklingi til að takast á við spennandi verkefni í framleiðslueldhúsi fyrirtækisins.

Starfið felst í framleiðslu á meðlæti í eldhúsi fyrir kaffihús fyrirtækisins. Unnið er á kokkavöktum kl. 06:00-14:00 og aðra hvora helgi í um það bil 80% starfshlutfalli.

### Hæfniskröfur:

- Áhugi og ástríða fyrir góðum mat
- Samskiptahæfni og jákvætt hugarfar
- Eldri en 20 ára
- Reyklaus
- Stundvísí, áreiðanleiki og samviskusemi
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Góð íslensku eða ensku kunnáttu
- Geta til að vinna undir álagi
- Reynsla af eldhússtörfum ekki skilyrði en verður að eiga auðvelt með að taka tilsið og tileinka sér nýjungar

Um framtíðarstarf er að ræða og æskilegt að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir sendist á [sigurros@teogkaffi.is](mailto:sigurros@teogkaffi.is)  
Umsóknarfrestur er til 1. febrúar.

[www.teogkaffi.is](http://www.teogkaffi.is)

Nesfiskur ehf. óskar eftir að ráða viðgerðamann fyrir Baader vélar (Baadermann) í frystihús sitt í Garði  
Nánari upplýsingar gefur Ingibergur í síma 892-2956  
Umsóknir skal senda á [theodor@nesfiskur.is](mailto:theodor@nesfiskur.is) eigi síðar en 31.janúar 2016



## Spennandi störf hjá Fjarðabyggð

### Forstöðumaður framkvæmda- og þjónustumiðstöðvar Fjarðabyggðar

Starfið er nýtt innan framkvæmda-, umhverfis- og veitusviðs sveitarfélagsins. Forstöðumaður samræmir starfsemi þjónustumiðstöðva, veitna og hafna sveitarfélagsins. Þá tengir hann starfsemina við þær framkvæmdir og viðhaldsmál sem eru í gangi í sveitarfélaginu á hverjum tíma. Forstöðumaður er staðgengill sviðsstjóra og gegnir frumkvæðishlutverki í uppbyggingu þjónustustefnu, í gæða- og ferlamálum, samskiptum við íbúa o.fl. er starfseminni tengist.

### Umhverfisstjóri Fjarðabyggðar

Skemmtilegt og krefjandi starf við stefnumótun í umhverfismálum sveitarfélagsins og framkvæmd hennar. Starfið kallar á faglega forystu í umhverfismálum, náttúruvernd og ásýnd umhverfis í sveitarfélaginu auk umsjónar með opnum svæðum og almenningsgördum og skipulagningu og umsýslu leiksvæða. Þá felur starfið í sér framkvæmdaefirlit, leyfismál, umsjón efnistökusvæða og almenna verkefnastjórn á sviðinu auk samskipta við íbúa.

Veruleg uppbygging á sér stað í Fjarðabyggð, bæði í atvinnulífi og þjónustu og eru íbúar sveitarfélagsins um 4.800 talsins í sex byggðarkjörnum. Þeir eru Mjóifjörður, Neskaupstaður á Norðfirði, Reyðarfjörður, Eskifjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður.

Sótt er um á [fjardabyggd.is](http://fjardabyggd.is) undir „Laus störf“, þar sem einnig má nálgast lýsingar starfanna. Umsóknarfrestur fyrir hvort starf er til og með 18. janúar 2016.

Umsóknum skal fylgja kynningarbréf og ferilsskrá með upplýsingum um menntun og reynslu sem nýtist viðkomandi starfi.

Störfin henta báðum kynjum og eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um. Frekari upplýsingar veitir Marínó Stefánsson, sviðsstjóri framkvæmda-, umhverfis- og veitusviðs Fjarðabyggðar í síma 470 9000.



FJARÐABYGGÐ  
[fjardabyggd.is](http://fjardabyggd.is)



## Viltu vinna hjá Sjálfsbjargarheimilinu?

Erðu sérhæfður starfsmaður, nemandi á heilbrigðissviði eða einstaklingur sem vilt breyta til?

### Við leitum til þín.

Við leitum eftir starfsmönnum til aðhlyningarstarfa. Um er að ræða vaktavinnu, fullt starf eða hlutastarf, unnið er aðra hvora helgi. Nauðsynlegt er að tala íslensku. Við erum sveigjanleg og komum til móts við þig.

Hafðu samband við Guðrúnu Erlu Gunnarsdóttur hjúkrunarforstjóra í síma 5500330 eða [guðrun@sbh.is](mailto:guðrun@sbh.is), sem allra fyrst.

Í maí 2013, 2009, 2008 og 2006 tóku fulltrúar Sjálfsbjargarheimilisins á móti viðurkenningu sem fyrirmyndarstofnun frá SFR – stéttarfélagi í almannaþjónustu, en heimilið hafði hafnað í þriðja og fjórða sæti í kjöri um „Stofnun ársins“.

Í maí 2014 hafnaði Sjálfsbjargarheimilið í fyrsta sæti og varð þar með Stofnun ársins það ár.

# Capacent Ráðningar

capacent



## Tvö spennandi og krefjandi störf

### Sérfræðingur í fjárfstýringu

Við leitum að hæfileikaríkum einstaklingi í öflugt teymi fjárfstýringar Arion banka til að sinna viðskiptum og verðlagningu á fjármálamarkaði. Helstu verkefni lúta að gjaldeyrisviðskiptum við fjármálastofnanir ásamt öðrum viðskiptum tengdum fjárfstýringu bankans. Um er að ræða krefjandi starf í metnaðarfullu starfsumhverfi með ört vaxandi umsvifum.

#### Starfssvið

- Viðskiptavakt á millibankamarkaði með íslensku krónuna
- Viðskipti við erlendar fjármálastofnanir
- Stýring gjaldeyrisjafnaðar og verðlagning fjármálaafurða

#### Hæfnis- og menntunarkröfur

- Háskólanám sem nýtist í starfi – framhaldsnám er kostur
- Reynsla af fjármálamarkaði nauðsynleg
- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður í starfi
- Hæfni í samskiptum
- Fagleg og heiðarleg vinnubrögð

Nánari upplýsingar veita Eiríkur Dór Jónsson forstöðumaður fjárfstýringar, sími 444 7171, netfang [eirikur.jonsson@arionbanki.is](mailto:eirikur.jonsson@arionbanki.is) og Brynja B. Gröndal mannauðsstjóri, sími 444 6386, netfang [brynja.grondal@arionbanki.is](mailto:brynja.grondal@arionbanki.is).

### Fjárfestatengsl og upplýsingamiðlun

Við leitum að drífandi einstaklingi til starfa á samskiptasviði Arion banka sem er hluti af skrifstofu bankastjóra. Samskiptasvið sinnir meðal annars upplýsingagjöf til fjölmiðla, fjárfesta og starfsfólks bankans.

#### Starfssvið

- Fjárfestatengsl, m.a. vinna við ársskýrslu og uppgjörsbirtingar
- Upplýsingamiðlun til starfsfólks og aðila utan bankans, s.s. fjölmiðla
- Önnur tilfallandi verkefni á samskiptasviði

#### Hæfnis- og menntunarkröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af fjárfestatengslum og samskiptum við kauphöll
- Reynsla af upplýsingamiðlun, t.d. fréttamennsku eða almannatengslum
- Áhugi á viðskiptum, fjármálamarkaði og þjóðfélagsmálum
- Hæfni í samskiptum
- Gott vald á rituðu máli, bæði íslensku og ensku
- Sjálfstæð vinnubrögð og gagnrýnin hugsun

Nánari upplýsingar veita Haraldur Guðni Eiddsson forstöðumaður samskiptasviðs, sími 444 7108, netfang [haraldur.eidsson@arionbanki.is](mailto:haraldur.eidsson@arionbanki.is) og Jónas Hvannberg mannauðsstjóri, sími 444 6376, netfang [jonas.hvannberg@arionbanki.is](mailto:jonas.hvannberg@arionbanki.is).

Umsóknarfrestur fyrir störf er til og með 26. janúar 2016.

Umsækjendur sækja um á vef bankans, [www.arionbanki.is](http://www.arionbanki.is). Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Arion banki er líflegur og spennandi vinnustaður. Samskipti og tengsl starfsfólks og viðskiptavina er kjarni starfseminnar. Allt sem við gerum tekur mið af því – þannig látum við góða hluti gerast. Við leggjum mikið upp úr fagmennsku, jákvæðum starfsanda og að starfsfólk okkar þroskast og þróist í starfi. Arion banki leggur áherslu á jafnan rétt kvenna og karla til starfa og hlaut nýverið Jafnlaunavottun VR.



HVITA HÚSÍÐI/SÍA -15-2350

### Tanntækni/aðstoð óskast á tannlæknastofu

Tannlæknastofa í Reykjavík óskar eftir að ráða tanntækni/aðstoð í tæplega 80% starf. Umsóknir berist á [box@frett.is](mailto:box@frett.is) fyrir 22. janúar merktar „Tanntækni/aðstoð-1601“



ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

### Skrifstofustjóri

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti skrifstofustjóra skrifstofu viðskipta, nýsköpunar og ferðaþjónustu. Skrifstofan fer m.a. með málefni er varða ferðamál, nýsköpun, samkeppnisrétt, endurskoðun, ársreikninga, félagarétt, hugverkaréttindi á sviði iðnaðar ásamt almennum viðskiptamálum. Þá heyrna málefni Ferðamálastofu, Einkaleyfastofu, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Samkeppniseftirlitsins undir skrifstofuna.

#### Um starf skrifstofustjóra

Skrifstofustjóri leiðir starf skrifstofunnar undir yfirstjórn ráðuneytisstjóra. Hann ber ábyrgð á stefnumótun á þeim málefnasviðum sem undir skrifstofuna heyrna og vinnur að framgangi laga og stefnumörkunar og framfylgir markmiðum og áherslum ráðuneytisins. Meðal verkefna eru rekstur og dagleg stjórnun skrifstofunnar, seta í nefndum og stjórnnum fyrir hönd ráðuneytisins, starfsmannamál og alþjóðlegt samstarf.

#### Menntunar- og hæfniskröfur

##### Skilyrði:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla
- Þekking og/eða reynsla innan stjórnsýslunnar
- Mjög gott vald á íslensku og ensku

#### Færni og aðrir eiginleikar:

- Þekking á málaflokkum skrifstofunnar
- Leiðtogaþæfileikar
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Geta til að vinna undir álagi
- Færni í mótun stefnu, lausna og hugmynda
- Færni í verkefnastjórnun og áætlanagerð
- Góð kunnátta í einu Norðurlandamáli

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristján Skarphéðinsson, ráðuneytisstjóri í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu ([kristjan.skarphedinsson@anr.is](mailto:kristjan.skarphedinsson@anr.is)).

Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar.

Umsækjendur skulu senda umsókn sína til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, ásamt ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi þar sem umsækjandi rökstyður hæfni sína í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið hefur verið tekin.

Hæfnisnefnd skipuð þremur einstaklingum mun meta hæfni umsækjenda um starf skrifstofustjóra skv. reglum nr. 393/2012 um ráðgefandi nefndir er meta hæfni umsækjenda um embætti við Stjórnarráð Íslands og skila greinargerð til ráðherra, sem skipar í embættið.

Launakjör skrifstofustjóra eru ákvörðuð af kjararáði.

*Samkvæmt jafnréttisstefnu Stjórnarráðsins eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um.*



# Störf í boði hjá Landsneti



## Verkefnalóðs framkvæmdaverka

Landsnet óskar eftir að ráða verkefnalóðs á Framkvæmda- og rekstrarsvið. Hlutverk sviðsins er að stýra framkvæmdum við uppbyggingu og endurnýjun á flutningskerfi Landsnets ásamt viðhaldi og rekstri kerfisins.

Verkefnalóðs starfar með verkefnastjórategymi Landsnets sem ber ábyrgð á og stýrir öllum framkvæmdaverkefnum fyrirtækisins.

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Uppsetning og utanumhald verkefna í verkefnastjórnunarkerfum
- Þátttaka í skilgreiningu og áætlanagerð verkefna
- Kostnaðar- og áhættugreining verkefna
- Eftirfylgni áætlana og eftirlit með framvindu verkefna
- Skjölun og frágangur við lúkningu og uppgjör verkefna

### Í boði er

- Faglegt vinnuumhverfi
- Áhersla á þjálfun og tækifæri til starfsþróunar
- Fjölskylduvænn vinnustaður

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í samskiptum og samvinnu
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun
- Mjög góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Gott vald á íslensku og ensku, talaðri sem ritaðri

## Rafiðnaðarmaður á Egilsstöðum

Landsnet óskar eftir að ráða rafiðnaðarmann til starfa á Framkvæmda- og rekstrarsvið. Um er að ræða fjölbreytt starf hjá starfsstöð Landsnets á Egilsstöðum við að tryggja örugga afhendingu rafmagns á Íslandi. Starfsvettvangur er um allt land.

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Rekstur og viðhald á tengivirkjum (há- og lágspennubúnaði), háspennulínunum og háspennustrengjum
- Þátttaka í vinnu við nýbyggingar flutningsvirkja
- Þátttaka í vinnu að öryggismálum starfsmanna
- Þátttaka í viðbragðsáætlunum, æfingum og bakvöktum
- Ýmis önnur verkefni

### Í boði er

- Faglegt vinnuumhverfi
- Áhersla á þjálfun og tækifæri til starfsþróunar
- Fjölskylduvænn vinnustaður

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun í rafiðnfræði, sveinspróf í rafvirkjun eða rafvirkjanemi
- Gott líkamlegt atgervi
- Vilji og geta til að vinna í hæð og við erfiðar aðstæður
- Sjálfstæði og skipulagni í vinnubrögðum
- Samviskusemi og stundvísi
- Hæfni í samskiptum
- Hæfni í talaðri og ritaðri ensku
- Góð tölvukunnátta
- Reynsla af rekstri raforkuflutningsvirkja er æskileg
- Meirapróf og vinnuvélaréttindi eru kostir

### Landsnet

Við flytjum raforku á Íslandi og stýrum uppbyggingu flutningskerfisins. Við sjáum fyrir okkur rafvædda framtíð sem er í takt við samfélagið og höfum sett okkur það markmið að tryggja örugga afhendingu á raforku til framtíðar og að ná sátt um þær leiðir sem farnar verða. Við viljum taka tillit til þarfa samfélagsins á hverjum tíma og sýnum ábyrgð í umgengni við náttúruna. Við berum umhyggju hvert fyrir öðru og viljum skapa góðan vinnustað með spennandi verkefnum. Við höfum að leiðarljósi gildin okkar: samvinnu, ábyrgð og virðingu.

### Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar 2016

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um störf in á heimsíðu Capacent, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita **Helga Jónsdóttir** ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) og **Þóra Pétursdóttir** ([thora.petursdottir@capacent.is](mailto:thora.petursdottir@capacent.is)) hjá Capacent.



# Ímyndar- og markaðsstjóri

Öflugt, rótgróið þjónustufyrirtæki á fyrirtækjamarkaði leitar að frumlegum og sjálfstæðum markaðsstjóra til að móta og leiða stefnu fyrirtækisins inn í framtíðina. Fyrirtækið er í mikilli uppbyggingu og vexti og vill leggja sitt af mörkum til að auka samfélagslega ábyrgð og vitund um umhverfis- og félagsleg áhrif.

## Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði markaðsmála
- Reynsla af uppbyggingu ímyndar
- Þekking á samfélagsmiðlum
- Brennandi áhugi á umhverfismálum
- Nákvæmni, skipulagshæfni og fagmennska
- Frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum



**Upplýsingar veitir Sverrir Briem**  
sverrir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á [hagvangur.is](http://hagvangur.is)**

**Umsóknarfrestur er til og með 26. janúar nk.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf (FA) er samstarfsvettvangur Alþýðusambands Íslands (ASÍ), Samtaka atvinnulífsins (SA), BSRB, fjármálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar sameiginlegar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtakanna. Markmið FA er að veita starfsmönnum, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Verkefni FA eru meðal annars að efla framboð á námstilboðum, auka gæði náms og hvetja til náms. Starfsemin byggir á samþykktum félagsins og þjónustusamningi sem gerður hefur verið við mennta- og menningarmálaráðuneytið. FA er miðstöð kennslufræðilegrar ráðgjafar og þróunar á starfsviði sínu. Sjá nánar á [www.frae.is](http://www.frae.is).



# Framkvæmdastjóri

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins óskar að ráða framkvæmdastjóra.

## Starfssvið

- Dagleg stjórnun og rekstur
- Stefnumótun og skipulag á sviði fullorðins- og framhaldsfræðslu
- Gerð rekstrar- og starfsáætlana auk reikningsskila
- Samstarf um símenntun og framhaldsfræðslu
- Samningagerð
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi á sviði fullorðins- og framhaldsfræðslu

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Góð þekking á fullorðins- og framhaldsfræðslu og öðrum mennta- og skólumálum
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mikil færni í mannlegum samskiptum
- Haldgóð þekking og reynsla af fjármálum og rekstri
- Reynsla af verkefnastjórn og stefnumótunarvinnu
- Góð tungumálakunnátta og tölvufærni



**Upplýsingar veita:**

**Geirlaug Jóhannsdóttir**  
geirlaug@hagvangur.is

**Katrín S. Óladóttir**  
katrin@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á [hagvangur.is](http://hagvangur.is)**

**Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar nk.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Mentor er ört vaxandi upplýsingatækniyrirtæki og er nú með starfsstöðvar í fimm löndum. Auk höfuðstöðvanna á Íslandi er fyrirtækið með skrifstofur í Svíþjóð, Þýskalandi, Sviss og Bretlandi. Mentor er í fremstu röð á sviði upplýsingakerfa fyrir skóla, með áherslu á hæfnimiðað námsmat. Alls starfa 50 starfsmenn hjá fyrirtækinu, þar af eru 20 staðsettir á Íslandi. Fyrirtækið þjónustar í dag um 1200 skóla.



# Mentor óskar eftir að ráða fjármálastjóra

Leitað er að öflugum aðila í krefjandi starf fjármálastjóra, þar sem frumkvæði, samskiptaferni og skipulögð vinnubrögð fá að njóta sín. Fjármálastjóri tekur virkan þátt í stjórnun og stefnumótun en framundan er mikil sókn á alþjóðamarkaði.

## Starfs- og ábyrgðarsvið

- Dagleg fjármálastýring og áætlanagerð
- Uppgjör og reikningshald
- Fjárstýring og innra eftirlit
- Skýrslugjöf og miðlun stjórnendaupplýsinga
- Fjármögnun og samskipti við fjárfesta og fjármálastofnanir, innanlands og erlendis

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða skyldum greinum
- Framhaldsmenntun æskileg
- Marktæk stjórnunarreynsla
- Reynsla og þekking á fjármálastjórnun og reikningshaldi
- Reynsla af starfi í alþjóðlegu umhverfi er kostur
- Góð tungumálakunnátta skilyrði



**Upplýsingar veitir Sverrir Briem**  
sverrir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á [hagvangur.is](http://hagvangur.is)**

**Umsóknarfrestur er til og með 26. janúar nk.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Meginstarfsemi Óliudreifingar er dreifing og birgðahald á fljótandi eldsneyti. Félagið rekur einnig bifreiða-, járnsmíða-, dælu- og rafmagnsverkstæði. Starfsmenn félagsins eru um 130 talsins á starfsstöðvum víðsvegar um landið.

## Verkefnastjóri í dreifingu

Óliudreifing ehf. leitar að öflugum verkefnastjóra í skipulagningu á dreifingu fljótandi eldsneytis. Fylgt er gæðavottuðum vinnubrögðum. Verkefnastjórinn verður staðsettur í Reykjavík. Starfið stendur báðum kynjum jafnt til boða.

### Helstu verkefni

- Skipulagning dreifingar á eldsneyti
- Móttaka og úrvinnsla pantana
- Verkstjórn
- Samskipti við viðskiptavini

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærilegt
- Samskiptahæfni, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Skipulagshæfileiki og þjónustulund
- Góð almenn tölvuþekking
- Góð tungumálakunnátta skilyrði



Upplýsingar veitir Elísabet Sverrisdóttir  
elisabet@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á [hagvangur.is](http://hagvangur.is)

Umsóknarfrestur er til og með 24. janúar nk.

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



## Við leitum að starfskrafti með **eldheitan** áhuga á heilsusamlegri matargerð

Okkur vantar kraftmikinn og hugmyndaríkan starfsmann sem eldar bragðgóðan og heilsusamlegan mat. Viðkomandi verður staðgengill matreiðslumeistara og hluti af öflugu teymi sem kemur að undirbúningi og framreiðslu hádegisverðar í matsal okkar, Lóninu.

- Menntun sem nýtist í starfi
- Umtalsverð reynsla og brennandi áhugi á hollri matargerð og nýjungum í matreiðslu er skilyrði
- Frumkvæði, metnaður, skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sveigjanleiki, jákvæðni og vinnugleði
- Stundvísi og reglusemi

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar, [www.landsvirkjun.is](http://www.landsvirkjun.is). Nánari upplýsingar um starfið veita Hildur Jóna Bergþórsdóttir ([hildur.jona.bergthorsdottir@landsvirkjun.is](mailto:hildur.jona.bergthorsdottir@landsvirkjun.is)) og Ingvar Sigurðsson ([ingvar.sigurdsson@landsvirkjun.is](mailto:ingvar.sigurdsson@landsvirkjun.is)) hjá Landsvirkjun. Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar.



Jafnlaunaúttekt  
PwC  
2015

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.



[www.landsvirkjun.is](http://www.landsvirkjun.is)

## RÁÐGJÖF

- Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

## RÁÐNINGAR

- Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

## RANNSÓKNIR

- Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

[www.intellecta.is](http://www.intellecta.is)

# FJÖLBREYTT STÖRF Á TÆKNISVIÐI

Öryggismiðstöðin auglýsir eftir **kraftmiklum nemum og starfsmönnum** á tæknisvið.

VIÐ ERUM  
MEÐ ÞÉR  
TIL ÖRYGGIS



## Nemar á tæknisviði

Starfið felst í aðstoð við uppsetningu og þjónustu við öryggiskerfi, s.s. innbrotaviðvörðunarkerfi, brunaviðvörðunarkerfi, slökkvikerfi, aðgangsstýringarkerfi og myndavélakerfi.

## Hæfniskröfur:

- Að námi í grunndeild eða sambærilegu iðnnámi sé lokið
- Að hafa starfað í raf- eða tæknigeiranum í 1 ár
- Frumkvæði, stundvísi, þjónustulund og vinnugleði

Fyrir rétta aðila þá hefur fyrirtækið mikinn áhuga að aðstoða nema við að ljúka námi og hjálpa þeim að öðlast fullnaðarréttindi í sínu fagi.

## Starfsmenn á tæknisviði

Starfið felst í uppsetningu og þjónustu við öryggiskerfi, s.s. innbrotaviðvörðunarkerfi, brunaviðvörðunarkerfi, slökkvikerfi, aðgangsstýringarkerfi og myndavélakerfi.

## Hæfniskröfur:

- Sveinspróf á sviði rafeindavirkjunar eða rafvirkjunar er æskilegt
- Frumkvæði, stundvísi, þjónustulund og vinnugleði
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur

Umsóknir með ferilskrá skal senda á netfangið [atvinna@oryggi.is](mailto:atvinna@oryggi.is), merkt „Tæknisvið“.

Umsóknarfrestur til 27. janúar.

Öryggismiðstöðin var stofnuð árið 1995 og býður upp á lausnir í öryggis- og velferðarmálum fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Öryggismiðstöðin hefur á undanförunum árum hlotið viðurkenningu VR sem Fyrirmyndarfyrirtæki ársins.



Askalind 1 | Kópavogur | Sími 570 2400 – Njarðarnesi 1 | Akureyri | Sími 470 2400 – **Nánar á [oryggi.is](http://oryggi.is)**

## Dagvinna – fjölbreytt verkefni – þjálfun – sveigjanlegur vinnutími

Vegna aukinna verkefna vantar okkur fleiri þjónustulipra sölufulltrúa í dagteymið okkar.

25 ára+ og fólk með reynslu gengur fyrir.

Upplýsingar í s. 647 4700 og 778 4500  
og [dagvinna@simstodin.is](mailto:dagvinna@simstodin.is)



FINNST ÞÉR GAMAN AÐ BAKA?

## MUFFIN BAKERY

Óskum eftir starfsmanni til að sjá um bakstur fyrir kaffihús fyrirtækisins.

Viðkomandi þarf að vera röskur, sjálfstæður í vinnubrögðum og hafa reynslu af bakstri.

Unnið er á kokkavöktum frá 05:00 - 11:00, 15 daga í mánuði og aðra hvora helgi.

Aldurstakmark 25 ár.

Um er að ræða framtíðarstarf.

Umsóknir berist á [sigurros@teokaffi.is](mailto:sigurros@teokaffi.is)  
fyrir 2. febrúar

[www.teokaffi.is](http://www.teokaffi.is)

# SNJALLAR HUGBÚNAÐARLAUSNIR ERU MÁLIÐ



Íslandsbanki stendur þessa stundina í miklu umbreytingarferli með upplýsingakerfi sín. Verið er að einfalda innviðina, þjónustuvæða öll kerfi og gera bankann betur í stakk búinn til að takast á við samkeppni framtíðarinnar. Um gríðarlega krefjandi og spennandi verkefni er að ræða og bankinn hyggst fjölga starfsfólki á þessu sviði.

## Deildarstjóri Dreifileiðalausna

Dreifileiðalausnir er ein af sex deildum Hugbúnaðarlausna hjá Íslandsbanka. Leitað er að öflugum stjórnanda með marktæka reynslu af þróun og innleiðingu veflausna, netviðskipta, samfélagsmiðla og farsímalausna. Íslandsbanki ætlar sér að vera leiðandi í þróun rafrænna viðskipta og rafrænna samskipta við viðskiptavini. Framundan eru fjölmörg verkefni á þessu sviði.

## Helstu verkefni:

- Ábyrgð á hugbúnaðarþróun Netbanka, vefja, farsímalausna og annarra dreifileiða bankans
- Stefnumótun í upplýsingatæknimálum
- Samvinna við viðskiptaæiningar um verkefni og forgangsroðun
- Dagleg mannauðsstjórnun
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit
- Gæða- og umbótaverkefni
- Aðkoma að samningagerð, samskipti við birgja og þjónustuaðila

**Hvað segir fólknið okkar?** Sjáðu hvað starfsfólk Íslandsbanka hefur að segja um vinnustaðinn á [islandsbanki.is](http://islandsbanki.is) > Um Íslandsbanka > Vinnustaðurinn.

## Gæðafulltrúi

Hjá Íslandsbanka er lögð mikil áhersla á gæðamál og vegna aukinna verkefna er leitað að öflugum aðila til að bættast í hóp sérfræðinga á sviði gæðaferla á upplýsingatæknisviði bankans. Helstu verkefni tengjast innleiðingu og eftirfylgni gæðamála, breytingastjórnun hugbúnaðar, innri úttektum og ýmsum umbótaverkefnum.

## Prófari

Leitað er að öflugum sérfræðingi til að takast á við prófanir á sviði vefþróunar, APP þróunar sem og annarra framendalausna. Viðkomandi bætist í teymi sem ber ábyrgð á dreifileiðum bankans, þ.m.t. Netbankanum og Appinu. Prófarar taka virkan þátt í hönnun og þróun hugbúnaðar, auk gerðar prófanatílvika og útfærslu á sjálfvirkum viðmótsprófunum.

Íslandsbanki er stoltur handhafi  
Gullmerkis Jafnlaunaúttektar PwC



Jafnlaunaúttekt  
PwC  
2015



Óska eftir málara eða manni með mikla reynslu.

Upplýsingar í s. 660 1787  
a1malun@a1malun.is

## Bílstjóri m/meirapróf

### Síld og fiskur ehf.

...óskar eftir að ráða bílstjóra með meirapróf í vörudreifingu fyrirtækisins.

Ekki er verra að viðkomandi hafi einhverja reynslu við útkeyrslu og umsjón bíla. Góð þjónustulund, reglusemi, stundvísi og frumkvæði.

#### Upplýsingar um starfið:

Sófus: 863 1938 - eða sofus@ali.is



Síld og fiskur ehf. - Ali



## Forstöðulæknir

### Svæfinga- og gjörgæslulækninga á Sjúkrahúsinu á Akureyri

Laus er til umsóknar staða forstöðulæknis svæfinga- og gjörgæslulækninga við Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK). Staðan veitist frá 1. maí nk. til fimm ára.

Sjúkrahúsið á Akureyri veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu, þar sem áhersla er lögð á bráðþjónustu og helstu sérgreinameðferðir. Það er annað tveggja sérgreinasjúkrahúsa landsins, er kennslusjúkrahús og þekkingarstofnun sem leggur metnað sinn í kennslu og rannsóknir í heilbrigðisvísindum. SAK leggur áherslu á samvinnu við heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni.

**Hæfniskröfur:** Fullt lækningaleyfi og sérfræðiréttindi. Reynsla af stjórnun, hæfni á sviði samskipta og samvinnu, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Umsögn stöðunefndar lækna sjúkrahússins og stöðunefndar Embættis landlæknis.

Forstöðulæknir svæfinga- og gjörgæslulækninga stjórnar svæfinga- og gjörgæslulækningum á Sjúkrahúsinu á Akureyri og er leiðandi um fagleg lækisfræðileg málefni. Hann fer með verkstjórn yfirlækna, sérfræðinga, almennra lækna og annarra starfsmanna sem undir hann heyra. Hann ber ábyrgð á skipulagi vinnu- og vaktafyrirkomulags og mönnun í samræmi við markmið um rekstur, fjárhagsramma og hagkvæma nýtingu mannafla. Hann starfar einnig sem sérfræðingur í sinni sérgrein. Forstöðulæknir svæfinga- og gjörgæslulækninga eða hans staðgengill er formaður skurðstofunefndar.

Upplýsingar um starfið veita Girish Hirlekar, forstöðulæknir svæfinga- og gjörgæslulækninga í síma 463-0100 eða á netfangi [girish@sak.is](mailto:girish@sak.is) og Sigurður Einar Sigurðsson, framkvæmdastjóri handlækningasviðs í síma 463-0100 eða á netfangi [ses@sak.is](mailto:ses@sak.is)

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

#### Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar n.k.

Umsóknnum skal skilað rafrænt á vef sjúkrahússins [www.sak.is](http://www.sak.is).

Umsóknnum skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um nám og starfsferil ásamt prófskríteinum og starfsleyfi.

Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Gildi Sjúkrahússins á Akureyri eru: **ÖRYGGI SAMVINNA FRAMSÆKNI.**

Við ráðningar í störf er tekið mið af jafnréttisstefnu sjúkrahússins, sem er reyklusáttinn.

Við leitum að öflugum einstaklingum til að takast á við krefjandi og spennandi verkefni á sviði upplýsingatækni

Umsóknir óskast fylltar út á [www.islandsbanki.is/atvinna](http://www.islandsbanki.is/atvinna) þar sem finna má nánari upplýsingar um störf. Umsóknarfrestur er til og með 24. janúar nk.

### Samþættingar (webMethods)

Kerfislandslag Íslandsbanka byggir á þjónustumiðaðri högun, þar sem webMethods samþættingarþjónustunni gegnir lykilhlutverki. Leitað er að jákvæðum og öflugum sérfræðingum til að styrkja þennan þátt í starfsemi. Viðkomandi bætist í teymi sem vinnur m.a. að innleiðingu rafræna ferla og sjálfvirknivæðingar.

### Forritari í markaðakerfum

Leitað er að snjöllum og úrræðagóðum forritara í teymi sem vinnur að innleiðingu markaðakerfa þ.e. þeirra kerfa sem höndla viðskipti á innlendum og erlendum mörkuðum. Helstu verkefni eru þarfagreining, hönnun, þróun og prófanir. Teymið vinnur að innleiðingu alþjóðlegra kerfa og nýsmíði á tengingum þeirra við bæði innlend og erlend greiðslukerfi, fjárhagskerfi og vöruhús.

### Vefforritari (Full Stack Web Developer)

Leitað er að öflugum sérfræðingum til að takast á við verkefni á sviði vefþróunar, APP þróunar sem og þróunar annarra framendalausna. Helstu verkefni og ábyrgðarsvið eru nýsmíði og rekstur á innri og ytri framendakerfum og samþætting framendakerfa við stoðkerfi Íslandsbanka. Í því felst m.a. þarfagreining, hönnun, þróun og prófanir í samvinnu við aðra sérfræðinga teymisins.

### Forritari í lánamengi

Leitað er að öflugum forritara í hópinn til að takast á við verkefni tengd lánaálagnum. Helstu verkefni eru innleiðing á lánakerfi með tilheyrandi samþættingu, útleiðing á eldri kerfum og viðhald og þróun á stoðkerfum tengdum útlánaferlum bankans. Viðkomandi bætist í reynslumikið teymi sem ber ábyrgð á útlánaferfum bankans og tengdum stoðkerfum.

Við bjóðum góða þjónustu. Hjá Íslandsbanka starfa um 950 starfsmenn. Við sækjumst eftir starfsfólki sem er jákvætt, faglegt og framsýnt og leitar ávallt bestu lausna fyrir viðskiptavinum bankans. Framtíðarsýn Íslandsbanka er að vera númer eitt í þjónustu.



## Barnaspítali Hringins



### DEILDARLÆKNIR

Laust er til umsóknar starf deildarlæknis á Barnaspítala Hringins. Ráðið er í starfið til 6 mánaða og óskað eftir að viðkomandi geti hafði störf sem fyrst. Starfshlutfall er 100% með tilheyrandi bundnum vöktum.

#### Helstu verkefni og ábyrgð

- Þjálfun í barnalækningum með þátttöku í klínísku starfi
- Kennsla og handleiðsla kandiðata og læknanema
- Þátttaka í vísindavinnu og / eða gerð klínískra leiðbeininga er æskileg

#### Hæfnikröfur

- Góð færni í mannlegum samskiptum og skipulögð vinnubrögð
- Reynsla af deildarlæknisstarfi á barnadeild er æskileg
- Hafa lokið kandiðatsári og hafa almennt lækningaraleyfi

Starfshlutfall er 100% með tilheyrandi bundnum vöktum.

Umsókn fylgi náms- og starfsferilsskrá auk upplýsinga um ástæður umsóknar ("Letter of motivation"). Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

Nánari upplýsingar veitir Þórður Þórkelsson, yfirlæknir (thordth@landspitali.is, 825 5094).

Landspítali er lífandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.

Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Sótt er um starfið rafrænt á; [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is), undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umsóknarfrestur er til og með **1. febrúar 2016**.

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

#### Leikskólar

- Aðstoðarleikskólalastjóri í leikskólann Kópahvol
- Leikskólakennari í leikskólann Baug
- Leikskólasérkennari/ þroskajálfi í leikskólann Baug

#### Grunnskólar

- Matræður starfsmanna í Kársnesskóla
- Stuðningsfulltrúi í Hörðuvallaskóla
- Skólalíði í dægradvöl í Lindaskóla

#### Velferðasvið

- Þroskajálfi á heimili fyrir fatlað fólk
- Starfsmaður í félagslega heimþjónustu

#### Stjórnsýslusvið

- Verkefnastjóri fræðslu- og menningarmála

#### Menntasvið

- Forstöðumaður félagsmiðstöðvar

Eingöngu er hægt að sækja um störf rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is), þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar



Kópavogsbær

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)

## Skurðeild A5



### HJÚKRUNARFRÆÐINGAR OG SJÚKRALIÐAR

Viltu taka þátt í spennandi verkefni með okkur? Við leitum eftir góðum liðsmönnum til starfa á deild A5 á skurðlækningasviði til að taka þátt í átaki í liðskiptiáðgerðum. Góð þjálfun er í boði og um vel skilgreint verkefni að ræða.

#### Hjúkrunarfræðingur

##### Helstu verkefni og ábyrgð

- Ákveða, skipuleggja og veita hjúkrunarmeðferð í samráði við skjólstæðing og bera ábyrgð á meðferð
- Skipuleggja og veita fræðslu til sjúklinga og aðstandenda
- Þátttaka í teymisvinnu

#### Hæfnikröfur

- Faglegur metnaður og ábyrgð í starfi
- Jákvætt viðmót og góðir samskiptahæfileikar
- Íslenskt hjúkrunarleyfi

#### Sjúkraliði

##### Helstu verkefni og ábyrgð

- Umönnun einstaklinga í samvinnu við aðra fagaðila
- Þátttaka í teymisvinnu

#### Hæfnikröfur

- Faglegur metnaður og ábyrgð í starfi
- Jákvætt viðmót og góðir samskiptahæfileikar
- Íslenskt sjúkraliðaleyfi

Verkefnið er tímabundið og er starfshlutfall og starfstími samkomulagsatriði, dag- og kvöldvaktir samkvæmt samkomulagi.

Landspítali er lífandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.

Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Sótt er um starfið rafrænt á; [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is), undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Nánari upplýsingar veita Bjarnveig Pálsdóttir, deildarstjóri (bjarnvei@landspitali.is, 824 8145 og Þórdís Wium, mannauðsráðgjafi (thordisw@landspitali.is, 824 5625).

Umsóknarfrestur er til og með **1. febrúar 2016**.

UMF STJARNAN  
LEITAR AÐ

## VALLAR- OG VIÐBURÐAR- STJÓRA



Ungmennafélagið Stjarnan leitar eftir öflugum og kraftmiklum einstaklingi í starf vallar- og viðburðarstjóra hjá félaginu.

Við leitum að metnaðarfullum, drífandi og kröftugum einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á knattspyrnu, stjórnunarreynslu, er laghentur með græna fingur, þjónustulundaður og leggur mikla áherslu á að starfssvæði félagsins sé ávallt til fyrirmyndar.

Það eru spennandi tímar framundan hjá félaginu en fyrirhuguð er mikil uppbygging á knattspyrnusvæði félagsins.

Umsókn með ferilsskrá berist til [johannes@stjarnan.is](mailto:johannes@stjarnan.is) fyrir **24. janúar nk.**

Nánari upplýsingar veitir Jóhannes Egilsson framkvæmdastjóri UMF Stjörnunnar í síma 661 9707.

## Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent



Meginstarfssemi Ólíudreifingar er dreifing og birgðahald á fljóttandi eldsneyti. Félagið rekur einnig bifreiða-, járnsmíða-, dælu- og rafmagnsverkstæði. Starfsmenn félagsins eru um 130 talsins á starfsstöðvum víðsvegar um landið.



**Ólíudreifing**

## Laus störf hjá Ólíudreifingu ehf.

Ólíudreifing ehf. óskar eftir að ráða í eftirfarandi störf á Þjónustudeild í Reykjavík. Starfsvettvangur er allt landið og því æskilegt að starfsmaður geti farið út á land til skamms tíma í senn. Starfið stendur báðum kynjum jafnt til boða.

## Rafvirkja / rafeindavirkja

Um fjölbreytt starf er að ræða við uppsetningu og viðhald á tækjabúnaði fyrir eldsneytisafgreiðslu og almenn rafvirkjastörf.

## Járniðnaðarmenn

**Vélstjóra/vélvirkja/málmsmíði/suðumenn/ pípulagningamenn**

Fjölbreytt verkefni við nýsmíði, lagnavinnu, uppsetningu og viðhald á tækjabúnaði og ymsa sérsmiði.

### Allar nánari upplýsingar veita:

Jónas Kristinsson forstöðumaður  
Sími: 550 9914 jonas@odr.is  
Sigurður Georg Óskarsson þjónustustjóri  
Sími: 550 9948 sigurdur@odr.is  
GSM 860 9640

Umsóknir berist í tölvupósti eða á skrifstofu að Hólmaslóð 8 -10 101 Reykjavík

Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á [www.oliudreifing.is](http://www.oliudreifing.is)

## S4S LEITAR AÐ VERSLUNARSTJÓRA

### Helstu verkefni

- Daglegur rekstur
- Innkaup
- Sala
- Starfsmannahald
- Þjónusta við viðskiptavinum

### Hæfniskröfur

- Reynsla af verslunar- og þjónustustarfi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Framúrskarandi þjónustulund
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Umsóknir skulu berast á [atvinna@s4s.is](mailto:atvinna@s4s.is) fyrir 26. janúar 2016.

S4S

## Hjúkrunardeild á Vífilsstöðum



LANDSPÍTALI

## HJÚKRUNARFRÆÐINGAR OG SJÚKRALIÐAR

Á Vífilsstöðum gefst tækifæri til að öðlast góða starfsreynslu þar sem reynir á hæfni að veita framúrskarandi lyflæknishjúkrun og þjálfa sjálfstæði og yfirsýn í starfi. Hjúkrunardeildin er 42 rúma og er hluti af Landspítala. Skjólstæðingarnir þar hafa gilt færni- og heilsumat og eru að boða eftir vist á hjúkrunarheimili. Lögð er áhersla á jákvætt framlag sérhvers einstaklings, þátttöku og samvinnu í daglegum störfum deildarinnar.

### Hjúkrunarfræðingur Helstu verkefni og ábyrgð

- Ákveða, skipuleggja og veita hjúkrunarmeðferð í samráði við skjólstæðing og bera ábyrgð á meðferð
- Skipuleggja og veita fræðslu til sjúklinga og aðstandenda
- Þátttaka í teymisvinnu

### Hæfniskröfur

- Jákvætt viðhorf, frumkvæði og samskiptahæfileikar
- Faglegur metnaður
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Íslenskt hjúkrunarleyfi

### Sjúkraliði Helstu verkefni og ábyrgð

- Umönnun einstaklinga í samvinnu við aðra fagaðila
- Virk þátttaka í fjölskylduhjúkrun

### Hæfniskröfur

- Jákvætt viðhorf, frumkvæði og samskiptahæfileikar
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Íslenskt sjúkraliðaleyfi

Starfshlutfall og vinnufyrirkomulag er samkomulagsatriði

Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Sótt er um starfið rafrænt á; [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is), undir „laus störf“. Öllum umsóknnum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Nánari upplýsingar veita Ingibjörg Tómasdóttir, deildarstjóri ([ingibjo@landspitali.is](mailto:ingibjo@landspitali.is), 543 9533, 824 5769 og Björk Felixdóttir, sjúkraliði ([bjorkf@landspitali.is](mailto:bjorkf@landspitali.is), 543 9271 og 543 9276).

Umsóknarfrestur er til og með **1. febrúar 2016.**

Landspítali er lífandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bætta húsakost.

## Bæklunarskurðlækningar og handaskurðlækningar



LANDSPÍTALI

## SÉRFRÆÐILÆKNAR

Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í bæklunarskurðlækningum og starf sérfræðilæknis í handaskurðlækningum frá 1. mars 2016 eða eftir nánari samkomulagi.

### Bæklunarskurðlækningar Helstu verkefni og ábyrgð

- Greining, meðferð og eftirfylgd sjúklinga með vandamál er tengjast sérgreininni
- Þátttaka í göngudeildarþjónustu og samráðskvaðningum og öðrum þeim störfum sem yfirlæknir deildarinnar telur að eigi við
- Þátttaka í bakvöktum sérgreinarinnar og er það frumskilyrði ráðningar
- Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samráði við yfirlækni

### Hæfniskröfur

- Almenn reynsla í greiningu og meðferð stoðkerfissjúkdóma
- Viðbótarþekking í gerviliða-aðgerðum og enduraðgerðum þeim tengdum
- Reynsla í kennslu- og vísindavinnu æskileg
- Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum
- Íslenskt sérfræðileysi í bæklunarskurðlækningum

### Handaskurðlækningar Helstu verkefni og ábyrgð

- Greining, meðferð og eftirfylgd sjúklinga með vandamál er tengjast sérgreininni
- Þátttaka í göngudeildarþjónustu og samráðskvaðningum og öðrum þeim störfum sem yfirlæknir deildarinnar telur að eigi við
- Þátttaka í bakvöktum sérgreinarinnar
- Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samráði við yfirlækni

### Hæfniskröfur

- Reynsla í kennslu- og vísindavinnu æskileg
- Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum
- Íslenskt sérfræðileysi í handaskurðlækningum

Starfshlutfall er 100% eða samkvæmt samkomulagi. Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, LSH skrifstofu skurðlækningasviðs 13A Hringbraut, 101 Reykjavík.

Umsókn skulu fylgja vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.

Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða við umsækjendur og ákvörðun um ráðningu í starfið byggir einnig á þeim.

Nánari upplýsingar veitir Yngvi Ólafsson, yfirlæknir ([ingviola@landspitali.is](mailto:ingviola@landspitali.is), 543 7610).

Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Fullt starf er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. grein 3.2.4 í kjarasamningi lækna og ríkisins 2015. Sótt er um starfið rafrænt á; [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is), undir „laus störf“. Öllum umsóknnum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umsóknarfrestur er til og með **1. febrúar 2016.**

Landspítali er lífandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bætta húsakost.

ráðum  
ráðningarstofa

Við leitum að starfsfólki!

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • [radum@radum.is](mailto:radum@radum.is)

# Forstöðumaður fjölskylduráðgjafar Sjónarhóls

Sjónarhóll – ráðgjafarmiðstöð fyrir foreldra barna með sérþarfir auglýsir stöðu forstöðumanns. Forstöðumaður ber ábyrgð á fjölskylduráðgjöf Sjónarhóls. Ráðgjöf miðar að því að gæta hagsmuna fjölskyldna barna með sérþarfir, aðstoða fjölskyldur við að finna úrræði, fá þjónustu og veita málum eftirfylgd.

Stofnfélög Sjónarhóls eru: ADHD samtökin, Landssamtökin Proskahjál, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum. Stofnfélögin fjögur og Sjónarhóll eru til húsa að Háaleitisbraut 13 í Reykjavík.

Sjónarhóll fékk hvatningarverðlaun ÖBÍ árið 2015 fyrir ráðgjöf og dyggan stuðning við réttinda-baráttu foreldra barna með sérþarfir.

## Hæfniskröfur og menntun:

- Þjónustulund, virðing fyrir þeim sem leita til Sjónarhóls og jákvætt viðmót.
- Eldmóður og áhugi fyrir málefnum barna með sérþarfir.
- Reynsla af málefnum barna með sérþarfir.
- Þekking á tiltækum stuðningsúræðum og réttindum hinna ýmsu hópa sem leita til Sjónarhóls.
- Skipulagshæfileikar, sjálfstæði og frumkvæði í starfi.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.

Um er að ræða 100% starf. Nánari upplýsingar veitir Ómar Örn Jónsson, formaður stjórnar Sjónarhóls, í síma 535-1900.

Umsóknnum skal skilað á Sjónarhól – ráðgjafarmiðstöð, Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík eða á netfangið maria@sjonarholl.net fyrir 24. janúar nk.



www.sjonarholl.net

## Lagerstarf hjá Imtex

Imtex óskar eftir drifandi starfsmanni í 80 til 100% vinnu. Í starfinu felst tiltekt pantana, útkeyrsla og annað sem til fellur.

Áhugasamir sendi umsókn merktu „100% lagerstarf“ á starf@10-11.is.

**imtex**  
warehouse

Klettagarðar 6  
104 Reykjavík

## Starfsmaður í gestamóttöku ca. 80% starfshlutfall

101 Hótel auglýsir eftir brosmildum og lífsglöðum einstaklingi sem veitir framúrskarandi þjónustu. Starfið er fjölbreytt og felst m.a í móttöku og aðstoð við gesti, bókunum, umsýsni með minibar og símavörslu. Unnið er á 2-2-3 vöktum allt árið um kring. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

### Hæfniskröfur

- Reynsla af störfum í gestamóttöku
- Góð tölvukunnátta / m.a reynsla af Navision
- Góð töluð og rituð íslenska og enska
- Snyrtimennska
- Stundvísi og sveigjanleiki í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Jákvætt lífsviðhorf
- Reyklaus

Vinsamlegast sendið kynningarbréf og ferilskrá með mynd merkt „Gestamóttaka 101 hótel“ á netfangið job@101hotel.is

Umsóknarfrestur er til og með 29. janúar 2016.



## FERÐAMÁLASTOFA/VAKINN – SÉRFRÆÐINGUR



Ferðamálastofa leitar eftir sérfræðingi til starfa sem fyrst á starfsstöð sína í Reykjavík. Starfið heyrir undir gæða- og þróunarsviði. Um er að ræða 100% starf. Laun eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Leitað er að einstaklingi með brennandi áhuga á atvinnugrein í örum vexti og löngun til að takast á við verkefni á sviði gæða- og umhverfismála. Starfinu fylgja töluverð ferðalög innanlands.

### Helstu verkefni:

- Gæðaúttektir hjá þátttakendum í Vakanum, gæða- og umhverfiskerfi ferðabjónustunnar.
- Handleiðsla og stuðningur við þátttakendur.
- Úrvinnsla úttekta og eftirfylgni.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- BS./BA. gráða í ferðamálafræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli.
- Góð tölvuþekking, bæði til öflunar og úrvinnslu gagna.

- Þekking og reynsla af gædamálum.
- Þekking og reynsla af störfum tengdum ferðabjónustu er mikilvæg.
- Þekking á umhverfismálum er mikilvæg.

Leitað er að einstaklingi sem hefur til að bera frumkvæði, sjálfstæði, hæfni í mannlegum samskiptum og nákvæmni í vinnubrögðum.

### Umsóknarfrestur:

Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar 2016.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast með tölvupósti á [upplýsingar@ferdamalastofa.is](mailto:upplýsingar@ferdamalastofa.is) og vera merktar starfinu. Ekki er um sérstök umsóknareyðublöð að ræða en öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um starfið hefur verið tekin. Nánari upplýsingar um starfið veitir Áslaug Briem, verkefnastjóri gædamála, [aslaug@ferdamalastofa.is](mailto:aslaug@ferdamalastofa.is). Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér starfsemi Ferðamálastofu og Vakans á [www.ferdamalastofa.is](http://www.ferdamalastofa.is) og [vakinn.is](http://vakinn.is)



## Starfsfólk óskast

PizzaHut óskar eftir að ráða þjónustulundað brosmilt starfsfólk til að vinna fullt starf í sal hjá okkur. Viðkomandi þarf að vera röskur, skipulagður og liðlegur í samskiptum. Aðeins 20 ára og eldri koma til greina.

Einnig óskum við eftir Starfsmanni í fullt starf í eldhúsi. Við erum að leita af skipulögðum, hraustum og fram-takssömum einstakling sem hefur áhuga á því að elda góðan mat og kann vel við sig í eldhúsinu. Ekki verri ef viðkomandi hefur sambærilega reynslu en ekki nauð-synlegt. Aðeins 20 ára og eldri koma til greina.

Hægt er að sækja um á netinu á [PizzaHut.is](http://PizzaHut.is) einnig er hægt að senda beint á [ellen@pizzahut.is](mailto:ellen@pizzahut.is) eða hringja í síma 533-2000.

Snyrtivöruheildssala leitar eftir samvisskusömu og áreiðanlegu starfsfólki.

*J. Gunnbjörnsson ehf*  
heildverslun

Við leitum að sölumanni/bílstjóra í útkeyrslu. Kynningar, lagervinna og afgreiðsla eru einnig hluti af þessum störfum.

Viðkomandi þarf helst að vera eldri en 25 ára, snyrtilegur með ljúfa framkomu, vera nákvæmur og eiga auðvelt með mannleg samskipti. Vinnutími er að mestu frá 09-17, en er stundum teygjanlegur.

Umsóknir sendast á [Sgunnbj@simnet.is](mailto:Sgunnbj@simnet.is) merkt: Starf-Snyrtivörur

Hjálpræðisherinn er kristið samfélag sem vinnur út frá slagorðinu „súpa, sápa, hjálpræði“ í orði og verki. Hjálpræðisherinn starfar í 126 löndum og hefur verið starfræktur á Íslandi í 120 ár.



Hjálpræðisherinn hefur um árabíl rekið Vistheimilið Bjarg á Seltjarnarnesi. Þar er heimili fyrir tíu karlmenn með geðraskanir. Vegna skipulagsbreytinga óskum við eftir að ráða fleiri starfsmenn í okkar ágæta starfsmannahóp og auglýsum því eftir:

- Almennum starfsmanni í 100% starf.
- Starfsmanni á næturvaktir og aðra hverja helgi í 65% starf.
- Starfsmanni í þrif í 50% starf.

Nánari upplýsingar um störfin veittir Kristín Sigurðardóttir forstöðukona í síma 775 7176

Umsóknarfrestur er til 26. janúar 2016.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á [island@herinn.is](mailto:island@herinn.is). Laun eru skv. kjarasamningi Eflingar.

# Booking.com

Booking.com BV (the company behind Booking.com™, the market leading online hotel reservation service in the world) is looking for an Account Manager for our office in Reykjavík.

## Main Responsibilities:

- Visit accommodation partners in appointed area.
- Support Booking.com's strategy for accommodation availability and supply within Iceland.
- Identify commercial opportunities for partners that will help improve business.
- Organize and coordinate Tourist Trade Fair visits.
- Check statistics in the control room and follow up.
- Support Customer Service, assisting in additional tasks and projects when needed.


## Required skills

- Fluent Icelandic and English speaker and writer.
- Experience within e-travel and/or hotel/travel industry.
- Pro-active, positive attitude, sense of responsibility, friendly and can work independently.
- Quick and resourceful, flexible, accurate and an eye for detail.
- Great face-to-face and telephone communication skills.
- Hotel School or University background preferred.
- 2 years of experience in a relevant account management function preferred.
- Strong analytical skills and knowledge of revenue management systems.
- Availability to travel 50% of the time.

## Interested?

If you wish to find out more about Booking.com, and to apply, please go to [workingatbooking.com](http://workingatbooking.com), or follow these links. Remember to submit your CV and cover letter in English.

[www.workingatbooking.com/vacancies/account-manager-reykjavik](http://www.workingatbooking.com/vacancies/account-manager-reykjavik)



## Bókari

### Hefur þú gaman af tölum?

Reikningshald OR leitar að útsjónarsömum og jákvæðum bókara sem hefur mikinn áhuga á bókhaldsvinnu og vill sjá hlutina stemma. Reikningshald er átta manna teymi sérfræðinga sem sameiginlega leysa fjölbreytt og krefjandi verkefni innan fyrirtækja OR samstæðu með stöðugar umbætur að leiðarljósi.

Við hvetjum jafnt karla sem konur til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Bryndís Ernsts dóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu [starf@or.is](mailto:starf@or.is). Þú sækir um á ráðningavef OR, [starf.or.is](http://starf.or.is), þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna.

Umsóknarfrestur er til og með 24. janúar 2016.



Jafnréttisstímið  
PwC



JAFNRÉTTISRÁÐ

OR er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

**OR** Orkuveita Reykjavíkur



HRAFNI STA REYKJAVÍK

## Hjúkrunardeildarstjóri á Hrafnistu í Reykjavík

Leitum að metnaðarfullum hjúkrunarstjórnanda með brennandi áhuga á öldrunarhjúkrun og stjórnun. Starfs- og ábyrgðarsvið deildarstjóra er að hafa faglega, stjórnunarlega og rekstrarlega ábyrgð á daglegum rekstri á deildinni. Um er að ræða 100% starf.

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Stefánsdóttir forstöðumaður Hrafnistu í Reykjavík í síma 664 9400. Umsóknir þurfa að berast fyrir 20. janúar 2016 á netfangið sigrun.stefansdottir@hrafnista.is.

Umsóknum skal fylgja náms- og starfsferilskrá ásamt afritum af prófskírteinum.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Starfsreynsla í hjúkrun og stjórnun
- Viðbótarnám er kostur
- Góð þekking og reynsla af Rai mælitækinu kostur
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Jákvæðni og framúrskarandi samskiptahæfileikar



## Viltu ganga í lið með okkur?

Leikskólarnir Fossakot og Korpukot í Grafarvogi óska eftir skemmtilegu og drífandi starfsfólki sem býr yfir hæfni í mannlegum samskiptum, áreiðanleika og frumkvæði.

Við leitum að:

- Leikskólakennurum
- Leiðbeinendum
- Öðru uppeldismenntuðu fólki

Umsóknir skulu berast fyrir 22. janúar, áhugasamir sendi ferilskrá á umsoknir@lfa.is

## Fossakot Korpukot

Fossakot og Korpukot · Fossaleyni · 112 Reykjavík



## Starf í gæðadeild Ísteke

**Starfssvið:** Yfirferð á gæðatengdum skjólum, ýmiss gæðatengd eftirlit, mælingar og önnur tilfallandi verkefni.

**Hæfniskröfur:** Reynsla af vinnu við gæðamál æskileg. Gott ef umsækjandi hefur reynslu af rannsóknarstofuvinnu. Góð skrif- / málfærni í íslensku og ensku, samskiptahæfileikar, nákvæmni, sjálfstæð vinnubrögð, sveigjanleiki og reglusemi.

**Menntunarkröfur:** Æskilegt að umsækjandi hafi menntun á sviði raunvísinda.

Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar á bryndis@isteka.com

Umsóknarfrestur er til 25.01.2016

Hjá Ísteke ehf. er unnið við þróun og framleiðslu á próteinlyfjum (biologics) og mælisettum (diagnostic kits) fyrir erlenda markaði. Starfsemi er GMP vottuð og framleiðsluferlar og starfshættir samþykktir af lyfjastofnunum út um allan heim, m.a. af FDA í USA. Ísteke er á lista Creditinfo um framúrskarandi fyrirtæki.



## Arnarlax HF óskar eftir starfsfólki

Um er að ræða almenn störf í sláturhúsi félagsins og þökkun á laxi til útflutnings. Sláturhús félagsins er vel útbúið og tæknivætt eins og best verður á kosíð.


Óskum eftir duglegum einstaklingum sem hafa áhuga á að taka þátt í uppbyggingu sem framundan er hjá félaginu.

Nánari upplýsingar gefur Tryggvi Bjarnason verkstjóri í síma 6977576 og/eða tölvupósti tryggvi@arnarlax.is

## Arnarlax HF ogłasza o pracowników

Poszukujemy zdolnych i pracowitych osób do rzeźni lososia i spakowanie jego do eksportu. Sala w kórej odbędzie się rzeźnia jest wyposażona w maszyny które ułatwiają pracę. Zainteresowanych prosimy o kontakt z Tryggvi Bjarnason telefon 6977576 lub e-mail tryggvi@arnarlax.is

Rio Tinto



## Vélvirkjar eða vélfræðingar

Rio Tinto Alcan á Íslandi óskar eftir að ráða vélvirkja eða vélfræðinga til að sinna fjölbreyttum störfum á verkstæðum fyrirtækisins.

### Starfssvið

- » Viðhald og viðgerðir á framleiðslu- og vélbúnaði
- » Bilanagreining á framleiðslubúnaði
- » Almenn viðgerðarvinna
- » Samskipti við framleiðsludeildir

### Menntunar- og hæfniskröfur

- » Sveinspróf í vélvirkjun
- » Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til að vinna í hópi
- » Góðir samskiptahæfileikar
- » Almenn tölvuþekking er kostur

Nánari upplýsingar veitir Ágúst H. Jóhannesson, verkstjóri aðalverkstæðis, í síma 560 7000.

Áhugasamir, vinsamlegast fyllið út atvinnuumsókn á vef fyrirtækisins, [www.riotintoalcan.is](http://www.riotintoalcan.is).

### Umsóknarfrestur er til og með 25. janúar 2016.

Rio Tinto Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnáttu starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar.

Við setjum umhverfis-, öryggis-, og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af.

Rio Tinto Alcan  
Straumsvík  
Pósthólf 244  
222 Hafnarfjörður

Sími 560 7000  
[www.riotintoalcan.is](http://www.riotintoalcan.is)

ORF Líftækni hf. er íslenskt líftækni fyrirtæki sem framleiðir 24 tegundir frumuvaka (human growth factors) með plöntu erfðatækni fyrir stofnfrumurannsóknir, þar á meðal EGF frumuvakann (Epidermal Growth Factor). ORF Líftækni er eina félagið í heiminum í dag sem framleiðir húðvörur með þessari aðferð, en húðvörur fyrirtækisins eru framleiddar undir nafninu BIOEFFECT og eru í dag seldar í meira en 1000 lúxusverslunum í 29 löndum. ORF Líftækni er ört vaxandi fyrirtæki, þar sem frumkvöðlaandi ríkir og miklir möguleikar eru á framþróun í starfi fyrir dugmikla og áhugasama starfsmenn.

## ORF LÍFTÆKNI ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA Í EFTIRFARANDI STÖRF

### SÉRFRÆÐINGUR Í MARKAÐSSETNINGU

Óskað er eftir að ráða metnaðarfullan og dugmikinn einstakling í starf sérfræðings í markaðsdeild fyrirtækisins til að sinna stafrænni markaðssetningu á BIOEFFECT. Leitað er að drifandi og metnaðarfullum einstaklingi sem á auðvelt með að laga sig að nýjum aðstæðum og sem býr yfir góðri málfarskunnáttu og ritfærni á bæði ensku og íslensku.

Helstu verkefni eru ábyrgð og eftirfylgni með samfélagsmiðlum BIOEFFECT, sem og uppfærsla og ábyrgð á vefjum BIOEFFECT. Umsjón með framleiðslu kynningarefnis fyrir vörur BIOEFFECT og samskipti við dreifiaðila þar af lútandi.

#### Menntun og hæfniskröfur

- Háskólapróf og/eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af vefstjórnun
- Reynsla af sölu- og markaðsmálum í meðalstóru eða stóru fyrirtæki
- Þekking og reynsla af alþjóðlegri markaðssetningu á netinu er kostur
- Reynsla og mikill áhugi á samfélagsmiðlum og nýjungum á netinu
- Umsjón með markaðssetningu á netinu og Umsjón með leitarvélabestun (SEO)
- Öll almenn greining og eftirfylgni vegna netmarkaðssetningar
- Mikil þekking á Google umhverfinu (Adwords, Analytics, Tag Manager etc.)
- Sköpunargáfa og hugmyndaauðgi
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

### INNKAUPASTJÓRI

Óskað er eftir að ráða til starfa innkaupastjóra. Möguleiki er á hlutastarfi fyrir réttan einstakling. Leitað er að öflugum einstaklingi til að stýra innkaupum. Starfið felur í sér greiningarvinnu, áætlanagerð, Umsjón með flutningsmálum og samskipti við birgja.

Umsækjandi þarf að hafa náð góðum árangri í fyrri störfum og hafa metnað fyrir árangri.

#### Menntun og hæfniskröfur

- Menntun á sviði vörustjórnunar eða annað nám sem nýtist í starfi
- Haldbær reynsla af innkaupum
- Reynsla af samningagerð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Greiningarhæfni og talnagleggni
- Nákvæmni og öguð vinnubrögð

### VÉLAMÆÐUR OG UMSJÓNAMAÐUR EIGNA

Óskað er eftir að ráða til starfa vélamann og umsjónarmann eigna. Leitað er að hæfileikaríkum einstaklingi til að hafa Umsjón með uppsetningu, viðhaldi og keyrslu á tækjum félagsins fyrir áfyllingu og þökkun á húðvörum, tækjum fyrir lífefnavinnslu og í gróðurhúsi, sem og með öðrum eignum félagsins. Umsækjandi þarf að vera áhugasamur í starfi og geta unnið í góðri samvinnu við sérfræðinga og stjórnendur félagsins.

#### Menntun og hæfniskröfur

- Vélstjóri, rafmagnsiðnfræðingur, rafvirki eða sambærileg menntun
- Góð þekking á vélum og stýringu véla
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Nákvæm vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Færni til að eiga samskipti við íslenska og erlenda birgja vegna varahluta og viðgerða á tækjum og öðrum eignum félagsins

Nánari upplýsingar um störfin veitir starfsmannastjóri (starf@orf.is) og fulltrúi starfsmannastjóra í síma 591-1590.

Umsóknarfrestur er til og með 28. janúar nk. Umsóknir óskast sendar til; starf@orf.is. Umsókn þarf að fylgja ítarleg ferilskrá. Æskilegt er að kynningarbréf fylgi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar ásamt rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar um fyrirtækin má finna á [www.orf.is](http://www.orf.is) og [bioeffect.is](http://bioeffect.is)

This advertisement can be seen in english on [www.orfgenetics.com](http://www.orfgenetics.com)



# ráðum

ráðningarstofa

## Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.

Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is



ENNEM/SIA/NM72994

## VIÐ BÆTUM Í HÓPINN

### Bifvélavirkjar

Í boði er björt og glæsileg vinnuástaða, tæknilega vel útbúin samkvæmt stöðlum framleiðanda. Endurmenntun til að viðhalda þekkingu og tileinka sér nýjustu tækni ásamt möguleika á sérhæfingu eftir getu og áhuga hvers og eins.

#### Hæfniskröfur:

- Bifvélavirkjamenntun.
- Nokkurra ára starfsreynsla nauðsynleg.
- Gott tölvulæsi, unnið er með rafrænar verkbeirðar og hluti af þjálfun er rafræn.
- Bilpróf
- Sjálfstæð, skipulögð og fagleg vinnubrögð eru nauðsynleg.

Vinnutími er mánudaga til fimmtudaga kl. 8:00-17:00 og kl. 8-16 á föstudögum. Einnig í boði kvöldvaktir kl. 17:00-22:00 eða sambland af hvoru tveggja.

Sótt er um starfið á heimasíðu BL: [www.bl.is/atvinna](http://www.bl.is/atvinna).

Umsóknarfrestur er til **24. janúar**. Nánari upplýsingar veitir Hrafnhildur Hauksdóttir, starfsmanna- og gæðastjóri.

Bifreiðaverkstæði BL er eitt af stærstu verkstæðum landsins með 36 bílalyftur. Öflug námskeiðsáætlun er fyrir starfsfólk til að viðhalda þekkingu og tileinkun á nýjustu tækni bifreiða. Námskeiðin eru útbúin af framleiðendum og fá starfsmenn vottaðar staðfestingar eða gráður. Á staðnum er mótuneyti, öflugt starfsmannafélag og starfsmannahefð sem við erum stolt af.

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)



# ÍSTAK

Framkvæmdagleði í fyrirrúmi

Ístak er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Starfsfólk Ístaks starfar víðsvegar um landið sem og erlendis. Ístak var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla, ennfremur húsbýggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga. Ístak hefur mikla hefð fyrir samvinnu við dönsk verktakafyrirtæki og er í eigu danska verktakans Per Aarsleff, sem er með yfir 4.500 starfsmenn í ýmsum heimsálfum. Ístak leggur áherslu á verkefni á Íslandi, Færeyjum og á Grænlandi.



### SPENNANDI STÖRF Í BOÐI

Ístak leitar að fólki sem hefur áhuga á að vinna hjá öflugu verktakafyrirtæki og taka þátt í að byggja mannvirki framtíðarinnar. Starfsmenn Ístaks leysa áhugaverð og sibreytileg verkefni í spennandi vinnuumhverfi. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um.

### TRÉSMIÐIR ÓSKAST TIL VINNU Í GRÆNLANDI

Ístak leitar að trésmiðum til vinnu við verkefni í Nuuk í Grænlandi. Spennandi tækifæri fyrir smiði sem vilja breyta til og starfa í nýju umhverfi við uppbyggingu á nýju gámahöfninni í Nuuk. Verkið er samstarfsverkefni Ístaks og danska verktakafyrirtækisins Per Aarsleff og er verkefni Ístaks aðallega bygging mannvirkja við höfnina. Vegna kröfu um atvinnuleyfi í Grænlandi er æskilegt að umsækjendur séu ríkisborgarar einhverra Norðurlandanna. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

### TÆKNIFÓLK ÓSKAST TIL STARFA Á ÍSLANDI

Ístak leitar að öflugu tæknifólki til starfa við framkvæmdir á Íslandi. Verið er að leita að konum og körlum með menntun sem nýtist í framkvæmdavinnu svo sem verkfræði eða tækniþræði. Tæknifólk hjá Ístaki sinnir faglegri ráðgjöf og eftirliti á framkvæmdasvæðum sem og stjórnun á einstaka verkþáttum eða heilum verkefnum.

### IÐNNEMAR Í MÁLMÍÐN

Ístak er með lausar til umsóknar tvær stöður fyrir iðnnema í málmíðnum. Boðið er upp á fjölbreytt verkefni sem fara bæði fram í smiðju og á verkstað. Samstarfsfólk iðnnema verða málmíðnaðarmenn með mikla reynslu og í boði er góð vinnuástaða.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Ístaks undir starfsumsókn, eða með því að senda tölvupóst á [mannaudur@istak.is](mailto:mannaudur@istak.is)

IceWind er sprotafyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun og hönnun vindtúrbína m.a. fyrir fjarskiptamöstur, heimili og sumarhús. Fyrirtækið stefnir á bæði innlandan og erlenda markaði á næstu 12 mánuðum.

Fyrirtækið leitar að starfsmanni til að vera hluti af þriggja manna teymi og taka þátt í spennandi verkefnum sem eru fyrir höndum. Starfið er fjölbreytilegt og mun meðal annars fela í sér hönnun á nýjum lausnum, þátttöku í samsetningar- og framleiðsluteymi og ferðalaög erlendis.

Mikilvægt er að starfsmaður hafi brennandi áhuga á grænni orku geti unnið vel í hópi og tekið að sér tilfallandi verkefni.

Umsókn um starfið þarf að innihalda ítarlega starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknir sendist á [info@icewind.is](mailto:info@icewind.is) merktar "Starfsumsókn"  
Umsóknarfrestur er til og með 29. janúar 2016

### Ábyrgðarsvið

- Dagleg ábyrgð á verkstæði
- Samsetning á vindtúrbínum
- Smíði og prófanir á nýjungum á verkstæði ásamt verkfræðingi úr IceWind teyminu
- Hugmyndavinna með öðrum starfsmönnum IceWind

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun í Vélaverkfræði/Rafmagnsverkfræði/Tæknifræði eða önnur tæknimenntun. Listinn er ekki tæmandi
- Reynsla og þekking á rennibekk er kostur
- Þekking á rafmagni og vélahlutum er kostur
- Handlagni

Nánari upplýsingar um starfið og IceWind veitir

Sæþór Ásgeirsson, stofnandi/framkvæmdastjóri í síma: 861-2011

# Ilmurinn er góður og metnaðurinn er mikill

**Lagardère Travel Retail ehf rekur sex veitingastaði og eina sælkerabúð í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Starfsmenn eru um 150 talsins en vegna mikilla anna í sumar sjáum við fram á að fjölga þeim upp í allt að 200.**

Í boði eru störf í eldhúsi, afgreiðslu og þjónustu auk starfa í sal og uppvaski. Við leitumst eftir kokkum, aðstoðarkokkum, aðstoðarfólki í eldhúsi, starfsfólki í framleiðslu, starfsfólki í afgreiðslu- og þjónustustörfum, sal og uppvaski.

Við leitumst eftir fólki í fullt starf og hlutastarf, allt frá tólf tíma vöktum niður í þriggja tíma vaktir, bæði á dag- og næturvöktum. Vinnutíminn er sveigjanlegur eða milli 05:00 og 02:00.

Við leitum af fólki með viðeigandi menntun og starfsreynslu. Starfsmenn þurfa að vera áhugsamir og tilbúnir að veita afburða þjónustu. Áhugasamir sendi inn umsókn á [www.ltr.is](http://www.ltr.is) og/eða [www.rada.is](http://www.rada.is).

Í umsókninni skal tiltekið hvaða vinnutími og starfshlutfall hentar umsækjanda. Öllum umsóknum verður svarað.

*Lagardère Travel Retail ehf sér um rekstur veitingastaða og sælkeraverslunar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Markmið fyrirtækisins er að bjóða framúrskarandi þjónustu í lifandi og alþjóðlegu starfsumhverfi. Keflavíkurflugvöllur hefur þrisvar sinnum verið valinn besti flugvöllur í Evrópu.*



The smell is delightful  
and the ambition is high

Lagardère Travel Retail operates six restaurants and one deli in Keflavik International Airport. The employees are about 150 but because of the work load this summer the company will have to increase the number up to 200.

Available are jobs in the kitchen, in customer service and in cleaning. The company is looking for chefs, assistance chefs, support staff in the kitchen, staff in food production, staff in customer service and staff for cleaning the dishes and the dining rooms.

The company is looking for people who are willing to work either fulltime or part time. The shifts are from three hours to twelve hours both day shifts and night shifts. The hours are flexible or between 05:00 and 02:00.

The company is looking for people with appropriate education and experience. Applicants need to be enthusiastic and willing to provide outstanding service. Those who are interested are asked to apply for the job/jobs on the websites [www.ltr.is](http://www.ltr.is) / [www.rada.is](http://www.rada.is).

In the application must be specified which hours and which employment is suitable for the applicant. All applications will be answered.

*Lagardère Travel Retail operates restaurants and a deli in Keflavik International Airport. The main goal of the company is to provide outstanding service in a diverse and international environment. Keflavik International Airport has three times been selected the best airport in Europe.*



Firma Lagardère posiada szereg stanowisk pracy o charakterze gastronomicznym

Na obecną chwilę zatrudnionych mam 150 osób, firma jest na etapie rozwoju i zapotrzebowanie na pracowników jest coraz większe.

W ofercie mamy miejsca pracy związane z gastronomią (kucharz, pomocnik kucharza, zmywak oraz inne związane z zapleczem kuchennym). Mamy nadzieje że w naszej ofercie znajdziesz coś dla siebie.

Poszukujemy ludzi do pracy na pełny etat, zmiany nocne i dzienne (12 godzin). Godziny pracy są elastyczne też od 05:00 do 02:00  
Nasze wymagania: Doświadczenie w tym kierunku, punktualność, sumienność, pracowitość.  
Mile widziana znajomość języka angielskiego.

Aplikacje prosimy składać na stronach: [www.ltr.is](http://www.ltr.is) oraz [www.rada.is](http://www.rada.is), podania będą rozpatrywane w dni pracujące. Odpowiadamy na każde zgłoszenie.

*Firma Lagardère Travel Retail ehf. zajmuje się obsługą restauracji i sklepu wolnoctwowego na lotnisku Leifur Eriksson. Celem firmy jest zapewnienie najlepszej z możliwych obsługi. Lotnisko Keflavik zostało trzykrotnie ocenione jako najlepsze lotnisko w Europie.*

**Lagardère**  
TRAVEL RETAIL

[www.ltr.is](http://www.ltr.is) | [www.rada.is](http://www.rada.is)



## Öflugur rannsóknamaður...

Matís óskar eftir að ráða drifandi og duglegan rannsóknamann til starfa hjá fyrirtækinu

### Starfssvið

Starfið felst í aðstoð við örverurannsóknir og erfðatækni á tilraunastofu Matís í Líftækni.

Starfshlutfall er 100% til þriggja ára en möguleiki á fram-  
lengingu eftir verkefnastöðu. Viðkomandi mun starfa við  
rannsóknastofu Matís við Vínlandsleið 12, Reykjavík.

Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar n.k.

Umsækjendur eru beðnir um að senda inn umsókn á heimasíðu Matís [www.matis.is/atvinna](http://www.matis.is/atvinna).  
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Frekari upplýsingar veitir Dr. Guðmundur Óli Hreggviðsson, [gudmundo@matís.is](mailto:gudmundo@matís.is), og í síma 422 5000.



Matís ohf.

Vínlandsleið 12  
113 Reykjavík

s. 422 5000  
[www.matis.is](http://www.matis.is)



## ALLAR HENDUR Á DEKK!

Okkur vantar skipstjóra, vélstjóra, leiðsögumenn, sölufolk og þjónustufulltrúa auk nokkurra handlangara í sumar.

Í boði eru bæði full störf og hlutastörf á tímabilinu 15. apríl og til 30. september í Reykjavík og Akureyri. Möguleiki á framtíðarstörfum fyrir þá sem skara fram úr.

Glæsilegt 421 fm einbýlishús með 90 fm  
aukaíbúð Tvöfaldir bílskúr  
Hjóstólalagðngangi  
Íbúð á neðri hæð með sérinngangi  
og bílastæði

Bókaðu skoðun:

Jason 775 1515 aðstm. fast.

**TILBOÐ**

Gunnar S. Jónsson löggiltur fasteignasali s. 899 5856



## OPIÐ HÚS

sunnudaginn 17.jan. kl.14:30-15:00

## Pórrasalur 1-3

Mjög falleg 3ja herbergja íbúð á 3. hæð  
Frábært útsýni yfir golfvöll GKG  
og til sjávar í vestur  
Rúmgóð herbergi  
Vönduð eldhúsinrétting  
Þvottahús innan íbúðar

Verð: **32,9 millj.**



Bókaðu skoðun:

**David Jónsson**, aðstm. fasteignasala  
david@miklaborg.is sími: 697 3080



**Jón Rafn Valdimarsson**, lögg. fasteignasali  
jon@miklaborg.is sími: 695 5520



## OPIÐ HÚS

mánudaginn 18.jan. kl.17:30-18:00

## Pórðarsveigur 18

Góð 62,2 fm 2ja herbergja íbúð á 3.hæð  
í lyftuhúsi Alrými með eldhúsi og stofu,  
herbergi, baðherbergi m/sturtu  
Þvottahús innan íbúðar og geymsla í kjallara

Verð: **23,5 millj.**



Bókaðu skoðun:

**Svan G. Guðlaugsson**, aðstm. fasteignasala  
svan@miklaborg.is sími: 697 9300



**Gunnar Helgi Einarsson**, lögg. fasteignasali  
gh@miklaborg.is sími: 615 6181



## OPIÐ HÚS

mánudaginn 18.jan. kl.17:30-18:00

## Safamýri 87

Falleg og björt tveggja herbergja 48,9 fm íbúð  
Eignin er á jarðhæð með sérinngangi  
í góðu fjórþýlishúsi  
Laus til afhendingar við kaupsamning  
Stutt í skóla og alla helstu þjónustu  
48,9 fm

Verð: **24,5 millj.**



Nánari upplýsingar veitir:

**Ásgrímur Ásmundsson**,  
hdl og lögg. fasteignasali  
asgrimur@miklaborg.is sími: 865 4120



íbúð fyrir 60 ára og eldri

## OPIÐ HÚS

þriðjudaginn 19.jan. kl. 12:30-13:30

## Gullsmári 9

13. hæð

Góð 2ja herbergja íbúð á 13 hæð (efstu)  
fyrir 60 ára og eldri  
Þjónusta fyrir eldri borgara á svæðinu  
Mikil lofthæð í hluta íbúðar og tvennar svalir  
Óviðjafnanlegt útsýni og örstutt í Smáralind

Verð: **37,5 millj.**



Bókaðu skoðun:

**Svan G. Guðlaugsson**, aðstm. fasteignasala  
svan@miklaborg.is sími: 697 9300



**Jón Rafn Valdimarsson**, lögg. fasteignasali  
jon@miklaborg.is sími: 695 5520



## OPIÐ HÚS

mánudaginn 18.jan. kl.17:00-17:30

## Háaleitisbraut 42

Falleg 4-5 herbergja íbúð á efstu hæð  
Bílskúr fylgir íbúðinni  
Endaíbúð með tvennum svölum, mikið útsýni  
Vel viðhaldið hús

Verð: **39,5 millj.**



Nánari upplýsingar veitir:

**Jón Rafn Valdimarsson**, lögg. fasteignasali  
jon@miklaborg.is sími: 695 5520



## OPIÐ HÚS

þriðjudaginn 19.jan. kl.17:30-18:00

## Nesbali 10

Glæsilegt raðhús að Nesbala 10 Seltjarnarnesi  
Húsið er 247,1 fm að stærð.  
Endurnýjað eldhús, granít á borðum.  
Nýr garðskálin með rennihúð út í garð,  
gluggar niður í gólf.  
Garðurinn sunnanverðu stór afgirtur pallur.  
Fjögur svefnherbergi, bílskúrin innréttaður  
Frábær staðsetning á nesinu, í lokuðum botnlanga

Verð: **72,9 millj.**



Nánari upplýsingar veitir:

**Jórunn Skúladóttir**, lögg. fasteignasali  
jorunn@miklaborg.is sími: 845 8958

**Tinnuberg 8**  
221 Hafnarfjörður  
Stór og rúmgóð 3ja herbergja íbúð

Stærð: 94,3 fm  
Fjöldi herbergja: 3  
Byggingarár: 1997  
Fasteignamat: 27.050.000

**RE/MAX Senter**

**Opió Hús**

Gunnar Sverrir  
Sölufulltrúi  
8622001  
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir  
Lögg. fasteignasali  
899 6753  
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

**Lækjarfitt 11**  
Garðabær  
Hús á einni hæð

Stærð: 251,8 fm  
Fjöldi herbergja: 6  
Byggingarár: 2010  
Fasteignamat: 82.300.000  
Bílskúr: Já

**RE/MAX Senter**

**Opió Hús**

Gunnar Sverrir  
Sölufulltrúi  
8622001  
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir  
Lögg. fasteignasali  
899 6753  
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

**Jónshús - Strikinu 4 (ib 220)**  
210 Garðabær  
Laus til afhend - 60 ára og eldri

Stærð: 95,2 fm  
Fjöldi herbergja: 2  
Byggingarár: 2006  
Fasteignamat: 32.400.000

**RE/MAX Senter**

**Opió Hús**

Ástþór Reynir  
Lögg. fasteignasali  
899 6753  
arg@remax.is

RE/MAX Senter og Ástþór kynna í einkasölu vandaða 2ja herb íbúð á 2. hæð í Jónshúsi í Sjálandshverfinu í Garðabæ, íbúð 220, fyrir 60 ára og eldri. Jónshús er sex húsa þyrping (Strikið 2-12) með 130 íbúðum fyrir 60 ára og eldri en þar hægt að kaupa létta hádegisverð og meðlæti gegn vægu gjaldi í samkomusal húsanum á fyrstu hæð. Forstofa, svefnherbergi, eldhús, stofa og borðstofa, þvottahús og geymsla innan íbúðar, geymsla í kjallara. Bókið skoðun hjá eiganda, Þórey Ólafsdóttir í síma 663.2300.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

**Veghús 31**  
112 Reykjavík  
Snyrtileg 2ja herbergja íbúð

Stærð: 70,2 fm  
Fjöldi herbergja: 2  
Byggingarár: 1991  
Fasteignamat: 20.800.000

**RE/MAX Senter**

**Opió Hús**

Gunnar Sverrir  
Sölufulltrúi  
8622001  
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir  
Lögg. fasteignasali  
899 6753  
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

**Bergstaðastræti 48a**  
101 Reykjavík  
Frábær staðsetning

Stærð: 85,7 fm  
Fjöldi herbergja: 3  
Byggingarár: 1943  
Fasteignamat: 31.950.000

**RE/MAX Fjörður**

**Opió Hús**

Páll Guðmunds  
Lögg. fasteignasali  
861-9300  
pallb@remax.is

RE/MAX Fjörður kynnr: Bjarta og rúmgóða og velskipulagða 3ja herbergja íbúð á annari hæð við Bergstaðastræti 48a, 101 Rvk Rúmgóð forstofa/hol með fataskáp. 2 stofur (önnur nýtt sem svefnherbergi) parket á gólf. Rúmlegt eldhús með flisum á gólf og borðkrók. Rúmlegt svefnherbergi með góðu skápaplássi, parket á gólf. Baðherbergi flisalagt í hólf og gólf með upphengdu wc og baðkari. Sameiginlegt þvottahús í kjallara. Sér geymsla í kjallara. uppl Páll lögg, fasteignasali sími 8619300

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

**Blikaás 17**  
221 Hafnarfjörður  
Sérlega glæsileg eign

Stærð: 119 fm  
Fjöldi herbergja: 4  
Byggingarár: 2000  
Fasteignamat: 31.400.000

**RE/MAX Fjörður**

**Opió Hús**

Páll Guðmunds  
Lögg. fasteignasali  
861-9300  
pallb@remax.is

RE/MAX Fjörður kynnr: Óvenju glæsilega nýlega standsetta og bjarta 4ja herbergja endaíbúð á neðri hæð með sér inngangi af svolum og útgengi á víðavernd með skjólveggjum og heitum pott. Eldhús, baðherbergi og gólfefni eru nýlega endurnýjuð. Þessi eign er í sérflökki í viðhaldslitlu sex íbúða fjölbýli á þessum vinsæla stað. Endurnýjun á þessari eign hefur tekist sérlega vel og er hún öll hin snyrtilegasta. Stutt er í góðar gönguleiðir við útivistarparadísina Ástjörn uppl gefur Páll 861-9300

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

**Álfheimar 7**  
104 Reykjavík  
Eign í sérflökki

Stærð: 162,9 fm  
Fjöldi herbergja: 4  
Byggingarár: 1961  
Fasteignamat: 42.400.000  
Bílskúr: Já

**RE/MAX Senter**

**Opió Hús**

Sigrún Gréta  
Sölufulltrúi (í lögg.námi)  
864 0061  
sigrun@remax.is

Vigdís Rós.  
Lögg. fasteignasali  
414 4700  
vigdis@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

**Básbryggja 51**  
110 Reykjavík  
Eign í sérflökki

Stærð: 334,2 fm  
Fjöldi herbergja: 8  
Byggingarár: 2000  
Fasteignamat: 76.200.000  
Bílskúr: Já

**RE/MAX Senter**

**Opió Hús**

Guðný Marianna  
Sölufulltrúi  
899 5447  
gudny@remax.is

Vigdís Rós.  
Lögg. fasteignasali  
414 4700  
vigdis@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

**Leirutangi 19**  
270 Mosfellsbær  
Fjölskylduhús á frábærum stað

Stærð: 273,6 fm  
Fjöldi herbergja: 8  
Byggingarár: 1984  
Fasteignamat: 63.600.000  
Bílskúr: Já

**RE/MAX Senter**

**Opió Hús**

Hörður Sverrisson  
Lögg. fasteignasali  
899 5209  
hordur@remax.is

Bókið skoðun í síma 899-5209

Fallegt 274 fm einbýlishús við Leirutanga í Mosfellsbæ. Góð staðsetning á róttárum stað. Húsið er á tveimur hæðum með 43 fm innbyggðum bílskúr. Fallega ræktuð lóð með sólpalli, gróðurhúsi, tjörn, brú og fallegum trjágróði. Að utan er húsið í mjög góðu standi. Búið að skipta um þak og setja kvisti og allir gluggar og rúður yfirfarðar. Húsið er með 6 svefnherbergjum, 2 baðherbergjum, rúmgóðu eldhúsi, þvottahúsi, sjónvarpsstofu (opió rými í efri hæð), stofu með ami, borðstofu og garðskála.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

**Sóleyjarimi 3**  
112 Reykjavík  
Falleg eign fyrir 50 ára og eldri

Stærð: 66,8 fm  
Fjöldi herbergja: 2  
Byggingarár: 2005  
Fasteignamat: 21.050.000

**RE/MAX Senter**

**Opió Hús**

RE/MAX Senter  
Sölufulltrúi  
698-9470  
johanna@remax.is


Vigdís Rós.  
Lögg. fasteignasali  
414 4700  
vigdis@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is



# ÚTSALAN

HELDUR ÁFRAM



# 10 - 50%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

SÓFAR / STÓLAR / BORDSTOFUSTÓLAR / BORD / SKÁPAR  
SVEFNSÓFAR / LJÓS / PÚÐAR / SMÁVARA

# LÍNAN

BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS  
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16



**SoreFix®**  
Kveðjum frunsuna með bros á vör

SPF 30

Einstök tvíþætt verkun:  
**meðhöndlar + fyrirbyggir**

- Má nota á öllum stigum frunsu
- Rakagefandi
- Sólarvörn

LYFIS

FÆST Í ÖLLUM APÓTEKUM [www.sorefix.com](http://www.sorefix.com)

**LAGERHREINSUN**

**Aðeins í dag!**  
laugardaginn 16. jan. kl. 13-16.  
Hjá Logy Selásbraut 98  
(á horni Vallaráss)

**Buxur, stærð 38-56 kr. 5500**  
Bolir, peysur, vesti, mussur, klútar, sokkar, leggings, herrapeysur, pólóbolir.  
Verð frá kr. 500-5500.

LOGY.IS

Sími 661 2580




Þorgerður Ólafsdóttir myndlistarmaður opnar sýningu í dag í Harbinger við Freyjugötu 1. Þorgerður sýnir ljósmyndir af plastmunum sem fundist hafa við fornleifauppgroft víða um land. MYND/ERNIR

## PLASTRUSL EÐA MIKILVÆGAR MINJAR

Þorgerður Ólafsdóttir opnar sýninguna Þá, þegar, í Harbinger í dag. Þar sýnir hún ljósmyndir af plasthlutum sem fundist hafa við fornleifauppgroft á Íslandi. Plast telst ekki til fornminja ennþá en geymir þó sögu.

„Sýn mín á fornleifafræði var kannski full rómantísk og ég sá alltaf fyrir mér fornleifafræðinga ofan í skurði að grúska í fornu kumli og víkingaminjum. Fyrir ári uppgötvaði ég að Þjóðminjasafnið hefur plastminjar í sinni vörslu og það kom mér á óvart hversu nálægur tími er kominn í hlutasögu okkar,“ útskýrir Þorgerður Ólafsdóttir, myndlistarmaður en hún opnar sýningu í dag í Harbinger sem hún kallar þá, þegar.

Sýningin samanstendur af skrásetningu Þorgerðar á plasthlutum sem fundist hafa í jörðu víðsvegar um landið við fornleifauppgroft en hún hefur undanfarið ár skoðað og ljósmyndað plastmuni í vörslu Þjóðminjasafnsins. Þorgerður segir innsetninguna heimildasafn af einum anga safnsins. Upphafið að ferlinu var vinnuferð með Fornleifastofnun Íslands sem Þorgerður fékk að fljóta með í.

„Áhugi minn á faginu hófst þegar mér var boðið að taka þátt í vettvangsferðum Fornleifastofnunar þar sem ég kynntist ferlinu þegar

svæði eru skoðuð. Samkvæmt reglunni eru munir í raun ekki fornminir nema þeir séu hundrað ára og eldri en styttra er síðan plast kom hingað til lands. Plasthlutir finnast oftast í efsta lagi í uppgreftri og eðlilegt að finna plasthluti í þéttbýli. Plast er þó farið að finnast í auknum mæli úti á landi en það heillaði mig hvernig þessir hlutir stangast á við reglurnar í fornleifafræði. Núminjar eins og plast eru í eins konar limbói þar til þær öðlast fullgildan sess sem fornminjar. Sýningin er í raun gluggi inn í safn sem er til en er ekki sýnilegt fyrir en nú.“

Þorgerður fékk að skoða plastminjar í vörslu Þjóðminjasafnsins og ljósmyndaði hvern hlut, tappa, tölur, greiður og óþekkjanlega plastbúta sem hún komst í. Myndirnar eru nú aðgengilegar í gagnagrunninum Sarpi og segir Þorgerður vinnuna inni á Þjóðminjasafninu hafa verið ánægjulega.

„Það var afar ánægjulegt hvað rannsóknarsvið safnsins var í raun opið fyrir því að myndlistarmaður

féngi að handfjatla og mynda munina. Í sama herbergi og ég var að vinna sat síðan fornleifafræðingur frá Bandríkjunum að skoða 600 ára gamla beinagrind af unglingsstrák sem lést úr vosbúð, meðan ég sat og skoðaði kókflöskutappa. Mér fannst magnað hvernig þessi tímaskali birtist inni á rannsóknarsviði stofnunarinnar. Ég vonast til að komast aftur í ferð með vinum mínum í fornleifafræðinni næsta sumar og aðstoða við frekari athuganir, skráningu og fleira,“ segir Þorgerður.

*Er hún kannski að breytast í fræðimann?* „Nei, það held ég ekki, en það er gott að viðhalda þarna ákveðnu jafnvægi, og skemmtilegt að sjá að mínar listrænu áherslur koma í gegn þegar ég vinn með hlutina.“

Sýningin þá, þegar verður opnuð klukkan 17 í dag í Harbinger að Freyjugötu 1, 101 Reykjavík.

**Sýningin Þá, þegar verður opnuð klukkan 17 í dag**



**SPRENGISANDUR ER Í LOFTINU**

SIGURJÓN M. EGILSSON OG UMRÆÐA SEM SKIPTIR MÁLI

SUNNUDAG KL. 10:00 - 12:00

**BYLGJAN**  
989

vodafone

HÁMARK  
PRÓTEINDRYKKUR

HEFST 31. JANÚAR 



# ÍSLAND GOT ★ TALENT

FYLGSTU MEÐ FRÁ BYRJUN

## ÍSLAND GOT TALENT HEFST AFTUR



Hæfileikafólk stígur á sviðið þegar einn stærsti sjónvarpsviðurður ársins fer í loftið í janúar. **Emmsjé Gauti** er nýr kynnir og **Ágústa Eva, Dr. Gunnir, Jakob Frímann** og **Marta María** mæta fersk til leiks sem dómara þáttarins. Fylgstu með **Ísland Got Talent** frá byrjun.

365.is | Sími 1817

365

## BÍLAR & FARARTÆKI



**VOLVO Xc70 v-awd.** Árgærd 1999, ekinn 128 P.MÍLUR, bensín, sjálfskiptur. Tilboð 690.000. Rnr.108133. Bílamarkaðurinn S-567-1800



**HONDA Cr-v i-v-tec 150 h.** Árgærd 2005, ekinn 122 P.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.490.000. Rnr.232826. Bílamarkaðurinn S-567-1800



**TOYOTA Hiace.** Árgærd 2006, ekinn 134 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.890.000. Rnr.232831. Bílamarkaðurinn S-567-1800

**Bílamarkaðurinn Smiðjuvegi 46E, Kópavogi Sími: 567 1800**



**NYR BÍLL**  
**SUBARU XV 4X4 HÁTT OG LÁGT DRIF.** Árgærd 2016, bensín, 5 girar, eignum nokkra svona bíla á staðnum. Okkar verð 3.990.000. Rnr.127267. S:562-1717.



**NYR BÍLL**  
**SUZUKI SX4 S-CROSS GL+ AWD.** Árgærd 2016, bensín, sjálfskiptur, eignum nokkra svona bíla á staðnum. Okkar verð 3.990.000. Rnr.127357. S:562-1717

**Bílalíf**  
Klettháls 2, 110 Reykjavík  
Sími: 562 1717  
Opíð 10-18 virka daga  
www.bilalif.is



**BMW X5 xdrive e70 30d m-tech.** Árgærd 2012, ekinn 57 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 9.890.000. Rnr.106679. Á staðnum.



**BÁTUR Windy.** Volvo penta ganghraði 30 mílur.24 fet eða 7,3 m Ekki skoðunarskyldur.Verð 4.000.000. Rnr.301941. Uppl. Ási 8690617



**CHALET Arrowhead.** Árgærd 2007, fortjald, sólarcella kassi o.fl.. Verð 1.550.000. Rnr.302122. Á staðnum.



**DACIA Duster 4x4.** Árgærd 2014, ekinn 69 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 2.890.000. Rnr.301876. Á staðnum.



**DACIA Duster 4x4.** Árgærd 2014, ekinn 85 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 2.780.000. Rnr.302128. Á staðnum.

**Bílasalan Planid**  
Korputorgi, Reykjavík  
Sími: 517 0000  
Opíð 10-18. Lau 12-16  
www.planid.is



**SÚPERTILBOÐ**  
Toyota Yaris Active Árgærdir 2015. Beinskiptir. Bensín. Eignum örfá eintök eftir. Vetrardekk fylgjia! Verð aðeins 2.490.000kr. Raðnr 135220. Sjá á www.stora.is.

**Stóra bílasalan**  
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 5861414  
http://www.stora.is



**SKODA SUPERB** Verð: 3.490.000 Kr. Ekinn: 85.000 Raðnúmer: 1733 http://www.sjalfsalinn.is/



**DODGE DURANGO** Verð: 2.190.000 Kr. Ekinn: 191.000 Raðnúmer: 1330 http://www.sjalfsalinn.is/



**LAND ROVER DEFENDER 130** Verð : 4.690.000 Kr. Ekinn: 225.000 Raðnúmer: 202 http://www.sjalfsalinn.is/



**SKODA OCTAVIA** Verð : 2.400.000 Kr. Ekinn: 150.000 Raðnúmer: 204 http://www.sjalfsalinn.is/



**LAND ROVER RANGE ROVER SPORT** Verð : 3.490.000 Kr. Ekinn: 165.000 Raðnúmer: 206 http://www.sjalfsalinn.is/



**RENAULT MEGANE** Verð: 2.300.000 Kr. Ekinn: 48.000 Raðnúmer: 1373 http://www.sjalfsalinn.is



**TOYOTA LAND CRUISER 100** Verð: 2.190.000 Kr. Ekinn: 291.000 Raðnúmer: 1345 http://www.sjalfsalinn.is/



**TOYOTA YARIS** Verð: 850.000 Kr. Ekinn: 144.000 Raðnúmer: 1323 http://www.sjalfsalinn.is/



**MERCEDES BENZ C** Verð: 1.990.000 Kr. Ekinn: 186.000 Raðnúmer: 1316 http://www.sjalfsalinn.is/



**TOYOTA AVENSIS** Verð : 1.590.000 Kr. Ekinn: 126.000 Raðnúmer: 1324 http://www.sjalfsalinn.is/

**Sjalfsalinn**  
sjalfsalinn.is



**Kia Sorento.** Árgærd 2011, ekinn 101 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.690.000. Rnr.290028. 2 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



**MERCEDES-BENZ A 180 CDI.** Árgærd 2014, ekinn 27 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.290.000. Rnr.240879.



**HYUNDAI I 30 classic.** Árgærd 2015, ekinn 31 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 2.890.000. Rnr.270226.



**AUDI Q7 quattro s line.** Árgærd 2011, ekinn 80 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.990.000. Rnr.991411.

**ASKJA notaðir bílar**  
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 590 2160  
www.notadir.is



**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**  
Sími: 522 4610  
www.bilauppbod.is



### SNILLDAR BÍLL

**HYUNDAI I30 wagon diesel.** Árgærd 2015, ekinn 29 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 2.890.000 . Rnr.196541. S. 894-5332



**TOYOTA Yaris sol.** Árgærd 2015, ekinn 39 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.390.000. Rnr.196540. Sími 894-5332



**NISSAN Micra visia.** Árgærd 2015, ekinn 39 P.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.690.000. Rnr.196539. Sími 894-5332




**VW Tiguan sport style 2.0 diesel.** Árgærd 2013, ekinn 54 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.590.000 Rnr.136584. Sími 894-5332



**TOYOTA Hilux double cab d/c, sr.** Árgærd 2007, ekinn 185 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.890.000. Rnr.196330. Sími 894-5332

**Bíll.is**  
Sími: 577 3777  
www.bill.is



**MAZDA 3 vision.** Árgærd 2014, ekinn aðeins 11 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.450. Rnr.211168.



**NYJA bílahöllin**  
Eirhöfða 11, 110 Rvk.  
Sími: 567 2277  
www.nyja.is



**BMW 320D station,** 4/2009, ek 147 þús km, mjög flottur og vel búinn bíll, vill skipti á Jeppa á svipuðu verði, ásett verð 2990 þús.

**100 bílar ehf**  
Í miðbæ Mosfellsbæjar,  
Sími: 517 9999  
Opíð 10-18.00 virka daga og laugardaga 11-15  
www.100bilar.is

### Bílar til sölu



**Lincoln Town Car** til sölu, árgærd 1998. Sjálfskiptur með öllu. Verð 670þúsund upplýsingar í síma 8929171



**TUCSON 4X4 SSK Á 690.P 100% LÁN**

Flottur Hyundai Tucso árg '06 Sjálfskiptur4x4 ek. 211.þ km bíll í góðu standi ásett verð 1.190.þ fæst á 690.þ stgr eða tilboð 100% lán uppl 896-5290



**SJÁLSKIPTUR DIESEL RUGL VERÐ 100% LÁN**

Chevrolet Tosca 2008 leður, luga ek 148.þ góð vetrardekk ásett verð 1.790.þ, fæst á 990.þ það logar abs ljós...ATH skoða ekki skipti,...uppl 896-5290



Til sölu Alfa Romeo árgærd 2000, Ekinn 115þúsund. Verð 290.000. Upplýsingar í síma 8994263

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**  
Má þarfnast lagfæringa.  
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

**ÓSKA EFTIR BÍL Á 150 TIL 500ÞÚS STGR**  
Fólksbíll eða jepping eða jeppa Má þarfnast smávægilegra lagfæringa Skoða allt.. Upplís í síma 777 3077

### til sölu



Gamli glugginn úr,  
nýi glugginn í  
...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástándið.

## Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Húsbílar

rotor.is



Dótabúð

Rótor ehf, s. 5554900  
Helluhrauni 4, H.f

## Fjór hjól



Til sölu Honda Sporttrax 450R árg. 2012, toppointak og mjög lítið notað, verð 800 þús. staðgr. uppl. í síma 892-1524.

## Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar [alfluggar.is](http://alfluggar.is) Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

## Hjólbarðar



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**  
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

## PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Bókhald

**BÓKHULD - SKATTSKIL**  
Tek að mér á sanngjörnu verði, ráðgjöf, bókhald, skattaframtal, laun, VSK skil. Elín Bragadóttir. BS viðskiptafræði. MS stjórnun og stefnumótun.  
[elinbraga@internet.is](mailto:elinbraga@internet.is) s: 6622-600

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

## REGNBOGALITIR

Málningarþjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 [malarar@simnet.is](mailto:malarar@simnet.is)

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., plánófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Miklaes. S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) [flytja@flytja.is](mailto:flytja@flytja.is)

## Húsaviðhald

**k2**  
LOFTSTOKKAHREINSUN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftstrækkerfa. Hafðu samband og pantaðu frá ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná [www.k2.is](http://www.k2.is)

**MARKMIÐ VERKTAKAR**

ALHLIÐA  
FASTEIGNAVIDHALD

Smíðavinna • Pípulagnir  
Raflagnir • Málningavinna  
Múrviðgerðir • Flísalagnir  
Hellulagnir • Jarðvinna  
Lóðavinna

Tilboð þér  
að kostnaðarlausu.  
Uppl. í síma: 820 8888

**Parketslípun**  
sólpallaslípun | parketlagnir

551 1309 / 690 5115  
[golfist@golfist.is](mailto:golfist@golfist.is)  
[www.golfist.is](http://www.golfist.is)



Múrarmeistari og málarameistari geta bætt við sig verkefnum. Uppl í s: 8966614

Parf að skipta um rennur, glerja eða opnanleg fóg? Tilboð/tímavinna. S. 553 2171

Húsasmiðameistari getur bætt við sig verkefnum. S.6269899/6269099 [rhsmidar@internet.is](mailto:rhsmidar@internet.is)

## LEKUR PAKIÐ ?

Pakpappalagnir / Pakviðgerðir. Á steypt og timbur þök. Mikil reynsla, meðmæli geta fylgt. s. 8498700.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR.  
Viðgerðir, flötun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254

## Nudd

## NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjórnumspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SPÁSÍMI 908 7000**

Spámiðlun, tarot, fyrirbætur, algjör trúnaður. Opíð til 22.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. [straumblik@gmail.com](mailto:straumblik@gmail.com)

## Trésmíði

## INNRETTINGAR.IS

Sérsmíðum innrettingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## KEYPT &amp; SELT

## Til sölu



**ADSTÖÐUHÚS/SKRIFSTOFA/ VINNUSKÚR**

Til sölu, verð 1960þ. plús vsk. Raflagnir, hitti, tölvulagnir. Uppl. 820-5181



Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. 15% afsláttur í janúar. [www.myranaut.is](http://www.myranaut.is) s. 868 7204

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! [www.kaupungull.is](http://www.kaupungull.is)

Opíð mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 661 7000

## KAUPUM GULL - JÓN &amp; ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is  
s. 552-4910.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til Elli/Öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun



## ÚTSALA - ÚTSALA

25-50% afsláttur af öllum vörum. Takmarkað magn. Margar okkar vinsælustu vörum. Millifærsla - netgíró - greiðslukort. [www.hush.is](http://www.hush.is)

## SKÓLAR &amp; NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

## LOK Á HEITA POTTA



- Einangrunarlok
- Yfirbreiðslur
- Metum ástand og gerum við

[www.fjardarbolstrun.is](http://www.fjardarbolstrun.is)

Fjardarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 [fjardarbolstrun@gmail.com](mailto:fjardarbolstrun@gmail.com)

## Er vandamál með neysluvatnið?

Við ástandsskoðum, hreinsum og föðrum neysluvatnslagnir.



**HREINAR LAGNIR**

Varanlega vörn gegn tæringu, ryðmyndun, stíflu og leka.

S: 519-6480  
[hreinarlagnir.is](http://hreinarlagnir.is)

## VARAHLUTIR

Iveco • Benz • Man • Renault

Varahlutapjónusta

**VELANAUST ehf**

Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • [www.velanaust.is](http://www.velanaust.is)

**Iveco**

Viðgerðar- og varahlutapjónusta

**VélRás**

Sími 555 6670 • [www.velras.is](http://www.velras.is) • Álhella 4 • Álhella 8

## Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarþustaði og heimili.

- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörin í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

Uppl. í síma 699-6869 og [rafeindir@internet.is](mailto:rafeindir@internet.is)

**BLIKK**  
Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting  
Heildsala • Smásala  
**íshúsið ehf**  
Smíðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000

Alla fimmtudaga og laugardaga

[arnarut@365.is](mailto:arnarut@365.is) [sigrunh@365.is](mailto:sigrunh@365.is)

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og aksturmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Hestamennska



#### PORRABLÓT FÁKS

Laugardaginn 16. jan kl. 18:00-22:00 Porratur eins og hann gerist bestur. Verð kr. 3.700.- Allir velkomnir.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

#### TIL LEIGU Á AÐEINS 1000 KR FM!

129 - 5000 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sværrir í s. 661 7000

### LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!

Pið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á [www.leigulistinn.is](http://www.leigulistinn.is) eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

### Húsnæði óskast

#### BRESKA SENDIRÁÐIÐ Í REYKJAVÍK

Óskar eftir 3-4 herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu til langtímaleigu. Leyfi fyrir gæludýrahaldi nauðsynlegt. Áhugasamir vinsamlegast sendi póst á [info@britishembassy.is](mailto:info@britishembassy.is) fyrir 1. febrúar.

### Atvinnuhúsnæði

Atvinnuhúsnæði á Ártúnshöfða til sölu 210m<sup>2</sup> á gólfi ásamt 70m<sup>2</sup> millilofti, 5m lofthæð. 2 innkeyrsluhurðir og útiadstaða. s: 568 1075/ 893 1075

### Geymsluhúsnæði

#### GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

## ATVINNA

### Atvinna í boði



Oliudreifing

### MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRI Á AUSTURLANDI

Oliudreifing óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra til framtíðarstarfa. Oliudreifing greiðir ADR námskeið og laun á námskeiðstíma fyrir þá bílstjóra sem ekki hafa ADR réttindi. Störfin standa báðum kynjum jafnt til boða.

Nánari upplýsingar veitir Þórarinn Oddsson í síma 4741525. Umsóknir sendist á [odr@odr.is](mailto:odr@odr.is)

### KÖKUHORNÍÐ

Óskum eftir röskum starfskrafti eftir hádegi virka daga í bakaríði okkar í Bæjarlind. Æskilegt er að viðkomandi sé 20 ára eða eldri. Íslenskukunnátta skilyrði.

Nánari uppl. gefur Gréta í s. 867 1433

milli kl. 9-18

### FISKVINNA OG PÖKKUN - HAFNARFJÖRÐUR TRADEX EHF.

Vantar duglegan, áreiðanlegan og stundvísan starfsmann í fiskvinnu og pökkun. Vinnutími frá 7-15 virka daga.

Umsóknir sendist á [tradedx@tradedx.is](mailto:tradedx@tradedx.is)

Nánari upplýsingar veitir Brynjar s: 6930206 eða Tryggvi s: 6930203.

### MÓTTAKA GESTA - NÆTURVÖRÐUR

Íbúðar hótél í miðborg reykjavíkur óskar eftir að ráða næturvörð í móttöku. Vinsamlegast sendið umsóknir til [jobs@apartmentk.is](mailto:jobs@apartmentk.is)

### THAI KOKK

Vantar Thaiokk Framtíðarstarf. Uppl. í s. 896 3536

### Atvinna óskast

#### VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÄRNABINDINGAMENN?

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.

Proventus starfsmannabjónusta - [Proventus.is](http://Proventus.is) S. 782-8800

### SÖLUTURN

Óskum eftir starfsmanni í helgarvinnu. Þarf að vera eldri en 18 ára. Uppl. í s. 699 2271

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)

TILKYNNIA ÓVÍDEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGU EFNÍ Á NETINU

S A F E T

### Ráðningarábending

## Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**  
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**  
Sérskrifabur hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**  
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**  
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**  
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**  
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**  
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýrti menntun.
- **Sanngjarnt verð**  
Bjódum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsambundur!

HH Ráðgjöf er allhliða ráðningarábending og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglaðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: [hhr@hhr.is](mailto:hhr@hhr.is)

» HH Ráðgjöf • Fiskilóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • [hhr@hhr.is](mailto:hhr@hhr.is) • [www.hhr.is](http://www.hhr.is)



## skemmtanir



# Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • [www.catalina.is](http://www.catalina.is)

“Best geymda leyndarmál Kópavogs”

**LEIKIR HELGARINNAR LAUGARDAGINN 16. JAN**  
12:35 TOTTENHAM - SUNDERLAND  
14:50 Chelsea - Everton  
14:50 Man.City - Crystal Palace

**Sunnudaginn 17. jan**

13:55 Liverpool - Man.United  
16:05 Stoke City - Arsenal

<http://www.facebook.com/cafecatalina>



**PÓRÐUR BRAGA, SIGGI GRÉTARS, BJARKI HALL OG ÁRNI HJALTA SPILA UM HELGINA**

**Allir velkomnir**



Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

## Þú færð þorramatinn í Nettó

**-40%**

**VERÐSPRENGJA!**

**GOÐI LAMBASVIÐ Í POKA**  
VERÐ ÁÐUR: 498 KR/KG  
**299 KR/KG**

GOÐI SÚRS. SVIÐASULTA  
**2.967 KR/KG**

GOÐI ÞORRABAKKI, LÍTILL  
**1.708 KR/PK**

ORA RÓFUSTAPPA - 285 G  
**298 KR/STK**

GOÐI SÚRS. HRÚTSPUNGAR  
**2.851 KR/KG**

GOÐI ÞORRABAKKI, STÓR  
**2.248 KR/PK**

GOÐI SÚRMATUR Í FÖTU - 700 G  
**1.798 KR/PK**



**-30%**

**HROSSASALTKJÖT**  
**1.049**  
ÁÐUR 1.498 KR/KG

**NETTÓ KJÚKLINGABRINGA**  
**1.888**  
ÁÐUR 2.098 KR/KG

**-29%**

**DARRI HARÐFSIKUR**  
ÝSA - 400 G  
**2.981**  
ÁÐUR 4.198 KR/PK

**-25%**

**NETTÓ KJÚKLINGAVÆNGIR**  
**299**  
ÁÐUR 398 KR/KG

**-40%**

**KALKÚNALÆRI**  
HÁLF ÚRBEINUÐ  
**1.499**  
ÁÐUR 2.498 KR/KG

**KJÖTSEL - LAMBALÆRI**  
FERSKT Í SALT & PÍPAR  
**1.528**  
ÁÐUR 1.698 KR/KG

**KRISTALL**  
MEXICAN LIME  
**198**  
ÁÐUR 236 KR/STK

**-22%**


**GOURMET HAMBORGARI**  
MEÐ BRAUÐI - 4 X 90 G  
**995**  
ÁÐUR 1.279 KR/PK

**-21%**

**KJÖTSEL - LAMBAHYGGUR:**  
FERSKUR M. SALTÍ  
**1.888**  
ÁÐUR 2.390 KR/KG

**www.netto.is | Tilboðin gilda 14. - 17. jan 2016**

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss  
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



# Tíu tíma tökudagar og heilsufæði á setti

Tökur standa nú yfir á myndinni Eiðurinn í leikstjórn **Baltasars Kormáks**. Sjálfur fer Baltasar með aðalhlutverk auk þeirra Heru Hilmarsdóttur og Gísla Arnar Garðarssonar. Anton Brink, ljósmyndari Fréttablaðsins, leit við á tökustað og smellti af nokkrum myndum.


Myndin Eiðurinn er framleidd af framleiðslufyrirtækinu RVK Studios og segir frá reykvískum lækni sem þarf að taka afdrifaríkar ákvarðanir þegar dóttir hans hefur samband með hættulegum glæpamanni.




Tökudagar geta verið langir og strangir. Við tökum á Eiðnum hafa dagarnir verið styttri niður í tíu klukkutíma en oft tíðkast að tökudagar séu í kringum tólf tímar.



Tökur dagsins fóru fram í panelklæddu skrifstofurými í Reykjavík og hér má sjá leikarann Kristján Franklín Magnús á skjá tökuvélarinnar. Áhersla hefur verið lögð á að bjóða upp á heilsufæði á tökustað og skipta Maryland-kexinu út fyrir hollustufæði.



Þó að vinnudagarnir séu langir og oft mikið um að vera er stemningin á settinu góð og stutt í brosið.



Það getur oft verið gott að næla sér í smá hvíld á milli taka.



# SAMSUNG

## Koma svo strákar, við stöndum með ykkur!



TILBOÐ

J5505

TILBOÐ

43"

Kr. 99.900.-

48" Kr. 129.900.- 55" Kr. 169.900.-



TILBOÐ

JU6515

48" kr. 209.900.- 55" kr. 249.900.-



TILBOÐ

JU6075

55" kr. 199.900.- 65" kr. 369.900.-



TILBOÐ

JU7005

65" kr. 449.900.-



TILBOÐ

JU7505

65" kr. 489.900.-

# SAMSUNG

SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

# ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUBÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK - EGISSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300	BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	---	--	--	---	--	------------------------------------	--

# Farísear nútímans

Fullt var út úr dyrum þegar **Magnús Þorkell Bernharðsson**, sérfræðingur í málefnum Mið-Austurlanda, hélt fyrirlestur um DAISH-samtökin í hátíðarsal Háskóla Íslands nú í vikunni. Blaðamaður forvitnaðist um hvað býr að baki hinu trúarlega yfirskini samtakanna.

Guðsteinn Bjarnason  
guðsteinn@frettabladid.is



Mædal þess sem Magnús Þorkell skýrði frá í fyrirlestri sínum, var að ein helsta uppi-staðan í DAISH eru fyrrverandi yfirmenn úr her Saddams Hussein í Írak. Eftir innrásina 2003 var herinn þar lagður niður, sem reyndust afdrifarík mistök, ekki sist vegna þess að í framhaldinu gleymdist að tæma vopnabúr hersins þannig að þessir fyrrverandi hermenn gátu tekið vopnin með sér. Nú eru þeir lykilmenn í hernaði, bæði í Írak og Sýrlandi.

Þessir menn voru upp til hópa gjör-samlega trúlausir, enda var trúnni að mestu ýtt til hliðar í stjórnartíð Saddams í Írak. Magnús er spurður hvernig þetta trúleysi herforingjanna fari heim og saman við þá grimmilegu öfgatru sem DAISH-liðar boða.

„Það er reyndar með þessa hreyfingu, eins og margar aðrar, að þarna koma inn menn úr ýmsum áttum og með ólíkan bakgrunn. Þarna eru þessir hertæknimenn, sem eru vanir hertækni og hernaðarlist. Svo eru þarna aðrir sem gengu í þessi samtök út af einhverjum hugmyndafræðilegum forsendum. En síðan eru þarna einnig menn sem eru hreinlega bara ribbaldar. Þeir sjá þetta sem frábært tækifæri til að ganga um með byssu og fá að ræna, rupla, nauðga og svona.“

## Fengu trúna í fangelsum

Hvað varðar hina trúuðu liðsmenn samtakanna sem koma þangað inn á hugmyndafræðilegum forsendum, þá segir Magnús að margir þeirra hafi setið í fangelsum í Írak, bæði á valdatíma Saddams og einnig eftir að hernámið hófst.

„Það vill nú oft verða þannig að á meðan fólk situr í fangelsi þá hugsar það sinn gang og verður oft fyrir trúarlegum áhrifum. Það er ekki svo óalgenget, og við höfum dæmi um að sumir þeirra sem voru í þessum íröskum fangelsum urðu fyrir áhrifum af einhverjum predikurum.“

Þetta gildir til dæmis um Abu Bakr Al Bagdadi, leiðtoga DAISH, sem Bandaríkjarnir hnepptu í fangelsi í Írak árið 2004. „Hann varð þá fyrir áhrifum frá einhverjum sem var að boða röttækta túlkun á íslam. Hann var nánast óþekktur þangað til hann lýsti því yfir fyrir tveimur árum að hann væri kalifi. En tökum þetta sem dæmi, því kalifi er ákveðið embætti innan hefðarinnar, svipað kannski og páfi eða biskup, en það eru ákveðnar klassískar hugmyndir í íslam um það hvaða eiginleikum kalifi eigi að vera gæddur.“

Magnús segir kalifa eiga til dæmis að vera órlátan, gestrisinn, lærðan og fyrst og fremst óumdeildan. Hann á auk þess alls ekki að lýsa því yfir sjálfur að hann sé kalifi, heldur eigi hann að vera valinn í þetta embætti.

„Fólk á að koma saman og komast að raun um að hann sé kalifi. En þessi maður sem sagt tekur sér þetta bessa leyfi og lýsir því yfir að hann sé kalifi. Hann notar þetta hugtak og þetta emb-

ætti til að koma á einhverju skipulagi fyrir þetta svokallaða íslamska ríki. Það er látið sem þetta sé trúarlegt embætti en 90 prósent af starfsemi þeirra hefur ekkert með trú að gera. Þetta er bara hversdagshernaður.“

## Þykjast heilagri en aðrir

Sú öfgatru, sem DAISH boðar, er einhvers konar afbrigði af wahabisma, hinna opinberu trú Sáði-Arabíu, sem stundum er einnig nefndur salafismi.

„Já, það eru margvíslegar tengingar þar, en þeir eru með sína eigin túlkun,“ segir Magnús. „Hugmyndin með salaf er að snúa aftur til forfeðranna, gera þetta eins og var á sjöundu öld af því að þá var gullöldin glæsilega. Þá gekk allt svo vel og þá var réttlætið svo miklið, þannig að við skulum þá reyna að skapa þannig stofnanir að þetta verði þannig í dag. Þetta er samt svo mótsagnakennt hjá þeim því um leið bera þeir svo mikla virðingu fyrir ýmsu sem gerst hefur síðar, og þeir virðast ekki sjá að þeir eru sjálfir afurð tuttugustu aldar. Þannig að þeir gera þetta bara eins og Sádarnir, sem nýta sér trúna til að viðhalda eigin stöðu og tryggja að engin alvöru gagnrýni komi upp. Þannig hafa Sádarnir náð að búa til sitt ríki.“

Magnús segir að hinir strangtrúuðu DAISH-menn, rétt eins og Sáði-Arabar, séu þarna á svipuðum slóðum og farisearnir í Biblíunni.

„Þeir þóttust vera heilagri en aðrir og fylgdu öllu bókstaflega. Það skipti ekki máli hvort þeir trúðu í hjartanu, bara ef það leit út fyrir að þeir væru að gera allt eftir ritúalinu. Þetta er það sem fer svo miklið í taugarnar á öðrum, að þeir séu svona miklir hræsnarar. Af hverju ættu þeir að vera eitthvað heilagri en ég? Við gerum ekki ráð fyrir því að aðrir menn standi á milli okkar og guðs. En þessir menn koma og segja: Jú, við erum á milli ykkar og guðs.“

## Klassísk hagsmunabarátta

Magnús hefur efasemdir um að við ættum endilega að vera alltof upptekin af DAISH-samtökunum. Þegar horft er til þess sem er að gerast í Mið-Austurlöndum ættum við kannski frekar að líta til Sáði-Arabíu og skoða hvað stjórnmöld þar eru að aðhafast.

Einmitt núna ríkir óvenju mikil spennan milli Sáði-Arabíu og Írans, þessara tveggja stóru ríkja Mið-Austurlanda sem líta á sig sem forysturiki súnnumúslima annars vegar og sjía-múslima hins vegar. Magnús er spurður hvort trúin skipti í raun miklu máli í þeim ágreiningi, eða hvort þar búi ekki frekar að baki hagsmunaárekstrar.

„Jú, að vísu má kannski segja að inn í þetta spili þessi mismunur, að þú ert öðru vísi en ég. En oftast hafa samskiptin milli súnna og sjía verið nán og góð. Parturinn af spennunni núna er samt bara klassísk hagsmunabarátta þar sem hvort ríki fyrir sig reynir að hámarka eigin stöðu. Vissulega er það partur af sjálfsmýnd þeirra að Sádarnir líta á sig sem málsvara súnnumúslima um allan heim, og svo er Íran stærsta sjía-ríkið. En á sama tíma eru þeir líka bara að hugsa um hver á að stjórna Persaflóa, hver getur ráðið oliuverðinu og hver getur stjórnað minni ríkjum sem eru á þessu svæði.“

Magnús segir Sáði-Araba hafa miklar



Magnús Þorkell Bernharðsson er prófessor í nútímagoði Mið-Austurlanda við Williams College í Bandaríkjunum. Hann er staddur hér á landi í boði guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands og flutti í vikunni fyrirlestur um DAISH-samtökin.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



## HUGMYNDIN MEÐ SALAF

### ER AÐ SNÚA AFTUR TIL

### FORFEÐRANNA, GERA

### ÞETTA EINS OG VAR Á

### SJÖUNDU ÖLD AF ÞVI AÐ

### ÞÁ VAR GLÆSILEGA

### GULLÖLDIN.

áhyggjur af bættum samskiptum Írans við Bandaríkin, eftir að samningar tókust á síðasta ári.

„Sádarnir hafa notið mjög góðs af því að vera þessi óhagkanlegi fulltrúi Bandaríkjanna í Mið-Austurlöndum og samstarfsmenn Evrópuríkja. Þannig að þeir óttast mjög þetta samstarf við Íran. Síðan eru efnahagsaðstæður í Sáði-Arabíu mjög slæmar orðnar. Oliuverð hefur hríðlækkað, atvinnuleysið hefur aukist en þeir eru að lofa þegnum sínum ákveðnum standard, sem þeir geta kannski ekki náð að uppfylla með þetta oliuverð núna. Þeir eru líka með nýjan konung sem er frekar reynslutíll og nýjan utanríkisráðherra, sem er ungur og reynslutíll. Með því að vekja upp Íransgrýluna eru þeir kannski fyrst og fremst að reyna að styrkja stöðu sína gagnvart eigin þegnum. Sama má segja um ævintýri þeirra í Jemen, sem er kannski þeirra Víetnam og verður til þess að sökkva þeim ofan í holu þarna sem þeir vita ekki hvernig á að komast upp úr.“

## Allir eru að græða

Hinn dyggi stuðningur Bandaríkjanna og Evrópulanda við Sáði-Arabíu vekur

## DAISH eða ÍRIS?

DAISH er arabíska skammstöfunin á nafni samtakanna, sem nefna sig Íslamska ríkið í Írak og Sýrlandi, en á ensku er þetta ýmist skammstafað ISIS eða ISIL. S-ið stendur þar fyrir Sýrland en L-ið fyrir Levant, sem er svæðið fyrir botni Miðjarðarhafs.

Magnús stingur upp á að hér á landi noti menn skammstöfunina ÍRIS, en segir það vissulega geta komið sér illa fyrir konur sem heita Íris.



Abu Bakr Al Bagdadi, leiðtogi DAISH.

furðu, ekki sist í ljósi þess hve mann-rettindaástandið þar í landi er grátlegt. Magnús segir að vopnakaup Sáði-Arabíu skýri þar flest.

„Sádarnir eru stærstu vopnakaupendur sögunnar og sifellit að kaupa ný og ný vopn á hverju einasta ári, sérstaklega frá Bandaríkjunum en líka frá Frakklandi til dæmis. Hvað eru þeir að gera með öll þessi vopn? Af hverjum stafar þeim ógn?“ spyr Magnús, og svarar: „Þeir eru bara að niðurgreiða iðnað á Vesturlöndum til að halda þeim góðum. Þegar Holland fer til dæmis til Sáði-Arabíu og þeir eru að kaupa af honum fullt af Mirage-þotum, heldurðu að hann fari þá að tala við þá um mannréttindamálar? Meðal Sáða-elitunnar er tiltölulega mikil ánægja með stöðuna eins og hún er. Og fólk er bara búið að sætta sig við þessa hræsnir og þetta mótsagnakennda samband Vesturlanda við Evrópu. Enginn hefur sérstakan hag af því að breyta þessu núna. Og hvenær notar fólk mannréttindamál sem aðalástæðu til að ná fram breytingum? Það gerist eiginlega aldrei.“

Varðandi ástandið í Sýrlandi, þá sagðist Magnús Þorkell telja að eina vonin hljóti að felast í því að fulltrúar allra þeirra ríkja, sem eiga hagsmuna að gæta þarna, komi saman og ræði ágreiningsmál sín.

## Hagsmunin upp á borðið

Bæði Íran og Sáði-Arabía þurfi að koma þar að borðinu, líka Rússar og Bandaríkjarnir, Tyrkir og Ísraelar, auk annarra.

„Það þyrftu allir að hafa sína hagsmuni uppi á borðinu og ræða það frekar en að vera með baktjalda-makk. Finna leiðir til að þetta stangist ekki miklið á. Rússar eru til dæmis þar í lykilstöðu varðandi Sýrlandsstjórn og geta sett mikla pressu á Bashar al Assad. Þeir halda honum á floti svölitið. Ísraelar vilja líka gjarnan hafa Assad áfram, en við vitum ekki nákvæmlega hvað þeir eru að gera. En þeir sitja ekki bara á lengdar og horfa á. Áður en uppreisnin braust út voru Sýr-lendingar líka í miklum viðskiptum við Tyrki og eftir stríðið þarf einhver að hjálpa til við að byggja upp aftur. Og þá bíta Tyrkir. Þeir hafa greinilega veðjað frekar á Bashar en stjórnarandstöðuna.“

# Snjór um víða veröld 2016 – Sunnudaginn 17. janúar

#wsdiceland  
#skidasambandið

Haldinn hátíðlegur  
á níu skíðasvæðum



- Frítt fyrir börn í fjallið
- Skíðakennsla
- Kakó í boði

Bláfjöll - Akureyri - Dalvík - Ólafsfjörður - Siglufjörður - Stafdalur - Oddsskarð - Ísafjörður - Tindastóll

## Bláfjöll:

- Frítt í fjallið fyrir 15 ára og yngri.
- Tilboð í skíðaleigu.
- Boðið uppá fría skíða- og brettakennslu.
- Tónlist.
- Frítt kakó fyrir alla.

## Akureyri:

- Frítt í fjallið fyrir 12 ára og yngri.
- Skíðakennsla á vegum SKA.
- Afsláttur af skíðaleigu.
- Frítt kakó.

## Dalvík:

- Frítt í fjallið fyrir alla.
- Skíðakennsla fyrir alla aldurshópa.
- Frítt kakó, ævintýrabraut fyrir krakkana.
- Lukkudýr Böggvistaðarfjalls (Bjartur) verður á svæðinu.
- Tónlist í brekkunum.

## Ólafsfjörður:

- Frítt í fjallið fyrir alla.
- Frítt kakó, almennar keppnir í ski-cross í göngu og alpagreinum, sem og svigi.

## Siglufjörður:

- Leikjabraut, ævintýraleið, hólabraut og bobbbraut.
- Frítt í fjallið fyrir 17 ára og yngri.
- Allur búnaður gjaldfrjál.
- Frí kennsla á milli kl. 13-16.
- Boðið uppá kakó og kökur.

## Stafdalur:

- Frítt í lyftur fyrir 18 ára og yngri.
- Kakó í boði fyrir alla.
- Leikjabraut.
- Hólabraut.
- Skíðaleiga.

## Oddsskarð:

- Frábærar brekkur.
- Frábært veður.
- Tilboð á gúlassúpu og rjómovöflum.
- Skíðakennsla fyrir byrjendur.

## Ísafjörður:

- Frítt í fjallið.
- Frítt kakó og meðí.
- Byrjendakennsla fyrir þá sem vilja.
- Tónlist í brekkunum.

## Tindastóll:

- Frítt í fjallið fyrir 18 ára og yngri.
- 50% afsláttur af leigu fyrir 18 ára og yngri.
- Frítt kakó.



## TÆKNI

# Þegar stórt er spurt

Fjórðungur Íslendinga er sannfærður um að alheimurinn hafi ekki orðið til í Miklahvelli. Við höfum aldrei haft betri mynd af uppruna alls, en á sama tíma geta vísindamenn ekki svarað því hvernig og af hverju upphafið átti sér stað.

Kjartan Hreinn Njálsson  
kjartanh@365.is



Nýleg könnun Siðmenntar, félags síðrænna húmanista á Íslandi, um lífsskoðanir Íslendinga og trú veitir áhugaverða innsýn í skoðanir landsmanna á uppruna alheimsins. Ljóst er að skiptar skoðanir eru um þessa gömlu spurningu. Tæp 18 prósent segjast sannfærð um að guð hafi skapað heiminn og rúmlega átta prósent hafa ekki mynd að sér skoðun. Önnur tólf prósent landsmanna telja alheiminn hafa orðið til með öðrum hætti. Þannig eru rúmlega 38 prósent Íslendinga ekki sannfærð um að kenningin um Miklahvelli sé heppileg útskýring á uppruna heimsins.

Spurningin um uppruna alls hefur fylgt mannum frá örófi

alda og er að mörgu leyti hinn mikli hvati sem drifið hefur áfram þekkingar- og vísindasögu mannkyns. Þrátt fyrir ótrúlegar framfarir í skilningi okkar á upphafi alheimsins erum við engu nær um hið mikla augnablik sköpunar. Spurningin er, og verður líklega líklega alltaf, tilvistarleg frekar en vísindaleg. Þannig er athyglisvert að rýna í útskýringar þeirra sem tóku þátt í könnun Siðmenntar. Þeir sem hvorki gengust við því að uppruna heimsins megi rekja til Miklahvells né að guð hafi verið þar að verki fengu tækifæri til að koma með eigin útskýringu eða athugasemd. Það sem vekur sérstaka athygli er að margir virðast vera meðvitaðir um að svar við stóru spurningunni mun seint fást. „Það er spurningin eilífa,“ sagði einn þátttakandi á meðan annar sagði: „Það er bara eitt af því sem við líklega ekki komumst að. Aldrei.“

Þegar rýnt er í könnun Siðmenntar er augljóst að marktækur

munur er á milli aldurshópa. Tæplega 94 prósent þátttakenda yngri en 25 ára segja að heimurinn hafi orðið til í Miklahvelli. Enginn af þeim 102 sem tóku afstöðu í þessum aldursflokk sagði að guð hefði skapað heiminn. Þeim sem aðhyllast kenninguna um Miklahvelli fer fækkandi þegar aldurinn hækkar. Tæpur helmingur landsmanna 55 ára og eldri er sammála unga fólkinu, samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar.

## Kenningin mikla

Vert er að hafa í huga hvað felst í þeirri afstöðu að fullyrða að heimurinn hafi orðið til í Miklahvelli. Samkvæmt henni má upphaf alheimsins rekja til augnabliks sem átti sér stað utan tíma og rúms fyrir um fjórtán milljörðum ára. Án aðdraganda eða orsaka átti flókt sér stað í þessu (skammtafræðilega) tómarúmi og alheimurinn spratt fram. Hann títuði út á ögnarhraða, svo hratt að á sekúndubroti

stækkaði hann úr því sem var minna en atóm yfir í gímald mikið. Allt efni alheimsins var til staðar í þessu agnarsmáa fyrirbæri sem blés svo hressilega út.

Það sem meira er þá munum við að öllum líkindum aldrei fullkomlega skilja hvað nákvæmlega átti sér stað í upphafinu. Á þessum tímamarki – þegar tíminn varð til – voru fjórir kraftar náttúrunnar (þyngdar- og rafsegulkrafturinn ásamt sterka kjarnakraftinum og veika kjarnakraftinum) samtvinnuðir og lögmál eðlisfræðinnar eins og við þekkjum þau ekki til staðar.

Það er kannski ekki skritið að sumir eigi erfitt með að samþykkja kenninguna um Miklahvelli, og það kemur sannarlega ekki á óvart að margir tengja flóktið í upphafi alheimsins við æðri máttarvöld, að þar hafi fingur drottins hrært í agnasúpunni.

## Traustar vísbendingar

Ástæðan fyrir því að kenningin

um Miklahvelli heldur velli er sú að hún fellur afar vel að frumreglum og ályktunum okkar um alheiminn. Það er, að maðurinn og sjónarhóll hans er ekki miðja alls, að náttúralögmálin eru algild og að alheimurinn er nokkurn veginn einsleitur. Almenna afstæðiskenning Einsteins segir okkur, út frá þessum ályktunum, að alheimurinn hafi sprottið fram úr gríðarlega þéttu ástandi fyrir milljörðum ára. Jafnframt gefur kenning Einsteins til kynna að alheimurinn ætti að vera yfirfullur af geislun sem myndaðist stuttu eftir Miklahvelli (380.000 árum) þegar alheimurinn var gríðarlega heitur. Þetta er örbylgjukliðurinn sem vísindamenn greindu fyrst árið 1965. Kliðurinn og útþensla alheimsins eru grunnforsendur Miklahvelliskenningarinnar. Allir geta upplifað örbylgjukliðinn með því stilla útvarps- eða sjónvarps-tæki á óvirka rás. Snjósuð má að hluta rekja til rafsegulgeislunar frá upphafi alheimsins.



Rúm og tími urðu til í Miklahvelli fyrir 13,8 milljörðum ára ásamt öllu efni sem finna má í alheiminum í dag. MYND/GETTY

## Flugskýli til leigu á Reykjavíkflugvelli

Skýli nr. 7 á Reykjavíkflugvelli er hér með auglýst til leigu. Samkvæmt skipulagsreglum flugvallarins er aðeins heimilt að vera með flugtengda starfsemi í flugskýlinu. Lögð er sérstök áhersla á að í skýlinu verði starfsemi tengd kennsluflugi.

Skýlið er í slæmu ástandi og reiknað er með að það þarf níst verulegra endurbóta áður en starfsemi geti hafist. Leigutaka verður gert að annast endurbætur í samráði við leigusala og verður það hluti af leigugreiðslu. Allar endurbætur verða eign leigusala í lok leigutíma. Að lágmarki verður leiga að standa undir opinberum gjöldum og öðrum kostnaði leigusala af skýlinu.

Áætlaður viðgerðarkostnaður er í kringum 40 milljónir. Skýlið er rúmlega 500 fermetrar að stærð og reiknað er með fimm ára leigusamningi, með möguleika á framlengingu.

Við gerð leigusamnings verður litið sérstaklega til eftirfarandi þátta:

1. Leigufjárhæðar og annarra þátta sem áhrif geta hafa á leigufjárhæð, þ.m.t. áform um endurbætur, tímasetning endurbóta og leigutíma.
2. Fjárhagslegrar stöðu leigutaka og trygginga vegna leigu.
3. Starfsemi leigutaka og áhrifa hennar á umferð á flughlöðum á flugvelli.
4. Tengsla við núverandi starfsemi á flugvelli og framtíðarsýn.


Áhugasamir hafi samband við Isavia ohf. á Reykjavíkflugvelli fyrir 27. janúar 2016

Jón Karl Ólafsson, sími 424 5355, jon.olafsson@isavia.is


Guðný Unnur Jökulsdóttir, sími 424 5351, gudny.jokulsdottir@isavia.is



## Hvernig heldur þú að heimurinn hafi orðið til?



## Uppruni heimsins eftir aldri



■ Heimurinn varð til í Miklahvelli  
■ Guð skapaði heiminn  
■ Veit ekki/hef ekki skoðun  
■ Annað

Heimild: Siðmennt/Maskína  
Könnun gerð af Maskínu daga 13. - 25. nóvember 2015. Karlar og konur á aldrinum 18-75 ára tóku þátt. Svarendur voru 821 og gögnin vigtuð með tilliti til kyns, aldurs og búsetu í samræmi við upplýsingar úr þjóðskrá.

## Fjölheimur og skipulag alheimsins

Aðrar kenningar um upphaf heimsins hafa verið víðræddar en færast byggja á traustum vísindalegum grundvelli. Siðstöðukenningin var helsti keppinautur kenningarinnar um Miklahvelli. Samkvæmt henni á alheimurinn hvorki upphaf né endi. Það sem útskýrir útþenslu alheimsins samkvæmt henni er sífelld sköpun efnis. Uppgötvun örbylgjukliðsins gerði út af við sistöðukenninguna. Kenningin um eilífa útþenslu byggir síðan á hugmyndinni um Miklahvelli en gerir ráð fyrir því að óþapensla alheimsins hafi í raun aldrei hætt og hafi verið í gangi óendanlega langan tíma. Óumflýjanleg afleiðingar þessarar kenningar er að mismunandi alheimar, með mismunandi náttúralögmál, eru sífelld að verða til (e. multiverse).

Önnur kenning fjallar um sveiflukenndan alheim sem er í grunninn endalaus röð af alheimum sem falla saman og verða til aftur í Miklahvelli. Nýjasta útfærsla kenningarinnar segir að alheimar verði til þegar tvær „himnur“ skella saman í æðri vídd. Að endingu ber að nefna að þyngdarskammtafræði og strengjakenningin bjóða upp á urmul tilgáta um uppruna heimsins. Mögulega er alheimurinn stafræn tilraun, forrit í stórkostlegri tölvu.

Miðað við könnun Siðmenntar er augljóst að margir velja vöngum yfir því hvað átti sér stað fyrir Miklahvelli og hvað orsakaði hann. Vísindin munu ekki svara þessum spurningum í bráð, ef nokkurn tíma. Þangað til er hollt að hafa í huga að vísindalegar útskýringar og aðferðir eru háðar takmörkuðum. Auðmýkt frammi fyrir hinu óþekktu er holl, enda hefur maðurinn ágæta reynslu af því sem virðist í fyrstu óútskýranlegt.

...LIFUN



# TRÚBROT

Tónlist hinnar goðsagnakenndu hljómsveitar **TRÚBROTS** verður flutt á sviði Eldborgar þann 12. febrúar. Þar verður einnig eitt helsta meistaraverk íslenskrar tónlistarsögu, **...LIFUN**, flutt í heild sinni, en verkið er 45 ára í ár. Meðlimir **TRÚBROTS**, þau Gunnar Þórðarson, Magnús Kjartansson og Shady Owens, skipa hljómsveitina ásamt þeim Eyþóri Gunnarssyni, Friðriki Karlssyni, Gunnlaugi Briem, Jóhanni Ásmundssyni, Péttri Grétarssyni, Stefáni Jakobssyni, Andra Ólafssyni og Stefaníu Svavarsdóttur. Ekki missa af sannkallaðri veislu í Hörpu þar sem tónlist **TRÚBROTS** fær að hljóma og andi hippakynslóðarinnar svífur yfir vötnum.

## 12. FEBRÚAR Í ELDBORG

Miðasala á [tix.is](http://tix.is), miðasölu Hörpu og í síma 528-5050.



HARPA

DÆGURFLUGAN

## Saga til næsta bæjar



**Stefán Pálsson** skrifar um sérkennilegustu svikamyllu íþróttasögunnar.


Í næsta mánuði verður nýr forseti FIFA, alþjóðaknattspyrnusambandsins, kjörinn á aukafundi í Zürich. Fimm frambjóðendur takast á um embættið, en í fljótu bragði virðist enginn þeirra sérstaklega líklegur til að endurreisa traust þessa öflugasta íþróttasambands í heimi.

Um árabíl hafa dunið á forystumönnum FIFA ásakanir um mútupægni, frændhygli og samsæri – ekki hvað síst í tengslum við ákvarðanir um hvar halda skuli stórmót í fótbolta. Sú ákvörðun að halda heimsmeistaramótið í Katar eftir sex ár má heita óskiljanleg nema að ráðamenn litla arabaríkisins hafi hreinlega keypt hnosið. En undirferlið í tengslum við Katar-keppnina 2022 bliknar þó í samanburði við samsærið mikla, HM í fótbolta 1958.

Söguþætur segja okkur að sextán þjóðir hafi mætt til leiks á heimsmeistaramótið í Svíþjóð sem stóð frá 8. til 29. júní árið 1958. Knattspyrnan var enn ekki orðin sú alheimsíþrótt sem síðar varð. Fjórðungur keppnisliðanna kom frá Bretlandseyjum, Austur-Evrópa og Vestur-Evrópa áttu hvor um sig fjögur lið og síðustu fjögur komu frá Rómönsku Ameríku. Alþjóðaknattspyrnusambandið hafði af raun sinni ætlað Afríku, Asíu og Ástralíu að deila einu sæti, en öll lið sem áttu að mæta Ísrael í forkeppninni gáfu leiki sína af pólitískum ástæðum. Að lokum stefndi í að Ísraelar kæmust til Svíþjóðar án keppni og varð því úr að lið þeirra lék aukaleiki við Wales. Walesverjar urðu því að lokum „fulltrúar“ Afríku og Asíu í úrslitakeppninni.

### Ekki allt sem sýnist?

Frakkar höfðu í þriðja sæti á móti og framherji þeirra, Marokkómaðurinn Just Fontaine, setti glæsilegt markamet sem líklega verður aldrei slegið: þrettán mörk í sex leikjum. Enn minnisstæðari var þó framgangur brasilíska liðsins sem varð heimsmeistari í fyrsta sinn með hinn sautján ára gamla Pelé í broddi fylkingar. Nafn Pelés varð þegar á



# Samsærið

vörum allrar heimsbyggðarinnar, því keppninni í Svíþjóð var sjónvarpað miklu víðar en nokkrum íþróttaviðburði fram að því. Nema – í raun gerðist ekkert af þessu.

Árið 2002 sýndi sænska ríkissjónvarpið heimildarmyndina „Konspirasjon 58“ sem hafði að geyma sláandi uppljóstranir. Heimsmeistarakeppnin í Svíþjóð var aldrei haldin. Þess í stað var um að ræða stórbrotið samsæri FIFA, sænskra stjórnvalda og bandarísku leyniþjónustunnar. CIA vildi kanna hvernig unnt væri að skapa blekkingavef með hjálp sjónvarpstækni og fjölmiðla. Markmiðið var að beita fjölmiðlum til að sannfæra

heilu þjóðirnar um að uppspunnir atburðir væru raunverulegir. Þegar fólk hefði lesið sömu frásagnirnar og séð sömu sjónvarpsupptökurnar nógu oft myndi það að lokum ímynda sér að það hefði sjálft verið viðstatt.

Aðalviðmælandinn í myndinni var fræðimaðurinn Bror Jacques de Wærn, sem varið hefur áratugum í að kanna öll möguleg gögn um keppnina 1958. Það eru einkum rannsóknir hans á myndefni sem leitt hafa í ljós glöppur í hinni opinberu sögu. Myndina sjálfa má finna í mörgum útgáfum, ýmist með sænskum eða enskum texta á YouTube og margvíslegt itarefni má skoða á vefsíðunni [www.konspiration58.com](http://www.konspiration58.com), sem haldið er úti af KSP58 sem eru samtök fólks sem reynir að koma sannleikanum fram í dagsljósið. Auk þess að ganga í félagsskapinn gefst áhugasömum þar kostur á að kaupa hvers kyns varning merktan honum, svo sem dómaratreyju í anda sjötta áratugarins.

Atriðin sem de Wærn bendir á eru bæði stór og smá. Þannig sést greinilega að fótábúnaður leikmanna er skringilegur og öðruvísi en tíðkaðist almennt hjá knattspyrnumönnum í lok sjötta áratugarins. Látbragð og líkamstjáning segja líka sína sögu. Þannig sést markvörður vesturþýska landsliðsins skælbrosa þegar sænska framherji skorar fram hjá honum í undanúrslitaleiknum. Hver myndi bregðast þannig við í alvöru kappleik?

### Gautaborg eða Hollywood?

Veigameiri vísbendingar felast þó í nákvæmri rannsókn á umhverfi og lýsingu á myndunum. Með því að rannsaka nákvæmlega lengd á skuggum er augljóst að myndirnar geta ekki verið teknar í Svíþjóð í júnimánuði, heldur hlýtur tókustaðurinn að vera mun sunnar á hnettinum. Og ef rýnt er í myndir sem sagðar eru teknar á Ullevi-vellinum í Gautaborg má greina í fjarska háhýsi með einkennandi turna. Enga slíka turna er að finna í borginni. Hins vegar hefur de Wærn grafið upp myndir af keimlíkum mannvirkjum: í Hollywood í Bandaríkjunum.

Þegar hér er komið sögu eru varfærnir lesendur Fréttablaðsins vonandi orðnir tortryggir og spyrja sig hvaða vitleysa sé hér á ferðinni? Og auðvitað er um hreinan uppspuna að ræða. Konspiration 58 var skálduð mynd af þeirri gerð sem enskumælandi kalla mockumentary og mætti þýða sem háðmildamynd.

Sænskir sjónvarpsáhorfendur höfðu hins vegar enga hugmynd um það þegar myndin hófst og það var ekki fyrr en að henni lokinni að hið rétta kom í ljós, en þá hafði drjúgur hluti áhorfenda slökkt á tækjunum eða skipt um stöð.

Af umræðum á athugasemdasherfum vefmiðla og könnunum sem gerðar voru að sýningu lokinni kom í ljós að drjúgur hluti áhorfenda taldi

að de Wærn setti ásakanir sínar fram í fullri alvöru. Margir komust ekki að hinu sanna fyrr en þeir mættu í vinnuna daginn eftir og fóru að ræða uppljóstranirnar við vinnufélagana. Aðrir brugðust illa við og sendu leikstjóranum líflátshótanir fyrir að reyna að gera lítið úr einhverjum merkasta atburði sænskrar íþróttasögu. Loks var litill hluti fólks sem trúði sögunni eins og nýju neti. Sá hópur olli leikstjóranum mestri skelfingu.

### Þunnir þræðir

Raunar er með ólíkindum að nokkur hafi látið gabbast. Drjúgur hluti myndarinnar fer í viðtöl við gamlar kempur úr silfurlíði Svía á heimsmeistaramótið, sem gefa engin tilefni til að ætla að þeir séu þátttakendur í viðamiklu samsæri. Sýnt var viðtöl við meintan sálfræðing sem útskýrði vænisyki og samsæriskenningsmiði og sömuleiðis voru kynntir til sögunnar skringilegir áhangendur de Wærns sem hikuðu ekki við að gripa til ofbeldis til að koma málstaðnum á framfæri. Jafnframt voru sviðsett mótmæli við bókabúð í Stokkhólmi, þar sem reidur stuðningsmenn sænska fótballtalandsliðsins gerðu aðsög að de Wærn þar sem hann bjó sig undir að árita bók sína um HM-samsærið mikla.

Kveikjan að Konspiration 58 var sú að kvikmyndagerðarmaðurinn Johan Löfstedt ræddi við félaga sinn um áróðursbrögð í myndum sem ætlað er að afsanna að helförin hafi átt sér stað. Þeir létu hugann reika um hvernig hafna mætti því að sögulegir atburðir í sænskri sögu hefðu gerst, svo sem Ólympíuleikarnir í Stokkhólmi 1912 eða einhver Eurovision-söngkeppnin. Fljótlega skaut þó HM 1958 upp kollinum og grunnurinn að handritinu varð að mestu til á einni kvöldstund.

Konspiration 58 er því öðrum þræði kennslumynd um hvernig hægt er að ljá jafnvel fráleitustu tilgátum trúverðugleika með rétttri notkun myndefnis. Samsæriskenningsmiðurinn de Wærn er sannfærandi í fasi og talar hægt en af festu. Með því að beita rétttri lýsingu og dramatískri tónlist þegar myndavélinni er beint að einhverju smáatriði á ljósmynd eða sjónvarpsmyndskaiði finnst áhorfandanum hann verða vitni að miklum uppljóstrunum. Með einföldum brellum er hæðarleikur að sá fræjum efasemda, þótt kenningin sé fjarstæðukennd og enginn hörgull sé á vitnum um hið gagnstæða.

Myndin er fyrir löngu orðin kennsluefni í sænskum skólum, til að minna nemendur á að beita gagnrýninni hugsun þegar kemur að kvikmyndum eða upplýsingum á netinu. Áhugasöfn um íþróttasögu getur líka notið hennar, vegna viðtalanna við gömlu sænsku landsliðsmennina, sem geta þó seint talist trúverðugir þátttakendur í leynilegri CIA-áætlun.



**ADRIK BRUGÐUST ILLA VIÐ OG SENDU LEIKSTJÓRANUM LÍFLÁTSHÓTANIR FYRIR AÐ REYNA AÐ GERA LÍTIÐ ÚR EINHVERJUM MERKASTA ATBURÐI SÆNSKRAR ÍÞRÓTTASÖGU.**



BYLGJAN989

#BYLGJAN

**GÓÐIR SUNNUDAGAR  
Á BYLGJUNNI**

FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ KL. 08:00 - 10:00  
SPRENGISANDUR KL. 10:00 - 12:00



SIJÓNVARP



BYLGJAN.IS



BYLGJUAPPIÐ



ÚTVARP

HLUSTADU  
HVAR SEM ER,  
HVENÆR SEM ER

BYLGJAN  
989



**FJÖLVARP**  
 Þeir sem fá sér  
**FJÖLVARPSPAKKA**  
 fyrir 1. febrúar fá  
 fyrsta mánuðinn  
 á **0 kr.**

Allt á milli himins og jarðar í tveimur sneisafullum pökkum

# FJÖLBREYTT ERLENT EFNI

# 365

Fjölvarp Veröld og Fjölvarp Evrópa veita þér aðgang að bíómyndum, íþróttum, fréttu- og fræðsluefni, skemmtipáttum, barnaefni og alls kyns öðru skemmtilegu og vonduðu sjónvarpsefni. Þú færð **1.000 kr. afslátt** á mánuði af Fjölvarpi Veröld og Fjölvarpi Evrópu ef þú ert með aðra sjónvarpsáskrift hjá 365.



**FJÖLVARP VERÖLD**



**6.590 kr.**  
Aðeins 220 kr. á dag


**FJÖLVARP EVRÓPA**



**3.290 kr.**  
Aðeins 110 kr. á dag

Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á [365.is](http://365.is)

# TÍMAMÓT



## Okkar yndislegi Leifur Þorvaldsson

Kálfhólum 15, Selfossi,

lést á heimili sínu þann 6. janúar síðastliðinn. Við munum minnst hans og kveðja við bálfför frá Grensáskirkju í Reykjavík miðvikudaginn 20. janúar kl. 15.00. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

### Sigríður Elin Leifsdóttir

Kristófer Smári Leifsson Sara Dröfn Valgeirsdóttir  
Snærós Glóey, Sólrún Ylfa og Laufey B. Kristófersdætur  
Árdís Flóra Leifsdóttir Ívar Ásgeir Agnarsson  
Írena Margrét Ívarsdóttir  
Freydis Ösp Leifsdóttir Matthías H. Pálsson Mogensen  
Gunnhildur Hjörleifsdóttir  
Þorvaldur Halldórsson Margrét Scheving  
Ása Lára Þorvaldsdóttir Kristján B. Arnason  
Þorvaldur K. Þorvaldsson Isabella Standl  
Viktor, Páll og Heiðrún Scheving  
Leifur Guðmundsson Sigríður Skúladóttir



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

## Þorvaldur Ingólfsson

Skipholti 64,  
Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Reykjavík sunnudaginn 10. janúar sl. Útför hans fer fram frá Hvítasunnukirkjunni Filadelfíu föstudaginn 22. janúar kl. 13.00.

### Dóra Steindórsdóttir

Steinunn Þorvaldsdóttir Hafliði Kristinsson  
Inga Hrönn Þorvaldsdóttir Jóhannes Ingimarsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

## Bjarni Sveinbjörnsson

yfirvelstjóri,  
Öldugötu 52, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 10. janúar síðastliðinn. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 18. janúar og hefst athöfnin kl. 15.

### Ragna Matthíasdóttir

Sveinbjörn M. Bjarnason Ebba Sverrisdóttir  
Elin B. Bjarnadóttir Adolf Arnason  
Matthías Æ. Bjarnason  
barnabörn og barnabarnabörn.



Við erum til staðar þegar þú þarft að okkur að halda

Hugrún Jónsdóttir

## Útfarar- og lögfræðipjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

### Útfararstofa Kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | [utfor.is](http://utfor.is)



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@365.is](mailto:timamot@365.is).



„Ég er nákvæmlega eins gömul og ég vil vera og meðan svo er, er gaman að lifa,“ segir Anna Pálina. MYND/FEYKIR

## Hefur aldrei stigið í fætur

Skagfirðingurinn Anna Pálina Þórðardóttir lætur ekki lómun spilla gleði sinni yfir lífinu. Hún gaf út bókina Lífsins skák á síðasta ári og var kosin Norðvestlendingur ársins 2015.

„Þetta var óvænt upphæfð,“ segir Skagfirðingurinn Anna Pálina Þórðardóttir sem lesendur Feykis kusu Norðvestlending ársins 2015. Tilefnið var það að hún gaf út bók í lok síðasta árs sem heitir Lífsins skák og geymir minningar hennar. „Líf mitt hefur reyndar verið allsérstakt því ég fékk lómunarveikina þegar ég var sex mánaða og hef aldrei stigið í fætur,“ viðurkennir Anna Pálina sem býr á dvalarheimilinu Sigurhæðum á Sauðárkróki og lætur vel af sér. Virðist reyndar ekki kvartar kona að eðlisfari.

„Ég er fædd árið 1935 og á þeim tíma lék lífið yfirleitt ekki við lamað fólk. Það var ekkert sjálfgefið að lömuð börn væru heima hjá sér, nema þá lokuð inni. En ég er svo heppin að foreldrar mínir voru á undan sinni samtíð. Faðir minn var húsasmiðameistari, hann smíðaði keru handa mér sem ég var keyrð í úti, svo ég gæti verið innan um hina krakkana. Ég er eina barn foreldra minna saman en á hálf systkini og ein systir mín, Elínborg, ólst upp með mér. Hún hlaut líka lómun því hún datt út um glugga á annarri hæð þegar hún var tveggja ára og náði sér aldrei að fullu, var hölt og hægri höndin alveg ónýtt. En við vorum aldar upp við þann hugsunarhátt að við gætum allt og værum fullgildar manneskjur.“

Móðir Önnu Pálinu hét Stefanía Guðbjörg Þorláksdóttir og faðir hennar

Þórður Guðni Jóhannesson. Hún kveðst minnst þeirra með afskaplega miklu þakklæti fyrir hvernig líf þau sköpu henni og Elínborgu, sem kölluð var Ella. Þær hafi líka alltaf átt góðar vinkonur. „Við vorum eiginlega alltaf fimm stelpur saman. Þær sem eru á lífi eru allra bestu vinkonur mínar í dag, við höfum aldrei sleppt höndum hver af annarri. Við lékum alls konar leiki, bæði úti og inni – meira inni að vetrinum. Þær minnst þess að eftir því sem stelpujökkunum fjölgaði í forstofunni heima því breiðar brosti mamma.“

Anna Pálina á líka hamingjuríkt hjónaband að baki, en missti eiginmanninn, Þórhall Filippusson, fyrir rúmum fimm árum. En hún kynntist honum á sjúkrahúsi.

„Það var engin heimilishjálp á Króknum á áttunda áratugnum og ef mamma fór á spítala fór ég líka því ég gat ekki verið ein. Þar hitt ég Þórhall, hann var frásakilinn, við höndumst hvort að öðru, giftum okkur og áttum saman 26 góð ár. Við ferðumst mikið, fórum til Reykjavíkur tvisvar til þrisvar á ári því okkur fannst svo gaman að fara í leikhús. Fórum bara það sem okkur langaði. Aldrei verið að hugsa eða tala um neina lómun, það hefur aldrei verið í mínu tilfelli. Eitt gaf lífinu sérstakan lit. Ég fór í svifflug með Þórhalli oft en einu sinni,

hann var einn af þekktustu svifflugmönnum Íslands.“

Anna Pálina er með lamaða hægri hönd og skrifaði ekki bókina sína sjálf. „Ég á góða vinkonu sem heitir Þóra Gísladóttir og hún stóð með mér í þessu verkefni, ég talaði og hún ritaði.“ Tölvun er Önnu Pálinu þó mikilvæg, enda notar hún vísingur vinstri handar til að pikka á hana. „Ég hef sambandi við fólk bæði gegnum síma og tölvu og er mikið á fésbók. „Svo hef ég verið bókaormur allt mitt líf,“ lýsir hún og kveðst alltaf hafa eitthvað fyrir stafni, meðal annars saumaskap. „Ég hef saumað dúka, púða, klukkustrengi og einn stóran dúk með harðangri og klaustri. Systir mín hefur aðstoðað mig með það sem með hefur þurft. En ég er líka sjálfstæð og vil bjarga mér sjálf. Nota mikið þjónustubíl, til dæmis í bókasafnsferðir. Bókasafnið er minn uppáhaldsstaður á Króknum. Vinir mínir eru mér mikils virði, ég á þeirra aðstoð og hjálpfýsi vísa. Á hinna árlegu sæluviku hér í Skagfirði hefur myndast sæluvikuklúbbur í kringum mig, í honum eru vinir og ættingjar sem fara með mér á viðburði og skemmtanir.“

Ellin er ekki áhyggjuefni hjá Önnu Pálinu. „Ég er nákvæmlega eins gömul og ég vil vera og á meðan svo er þá er gaman að lifa.“ [gun@frettabladid.id](http://gun@frettabladid.id)



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,  
**Guðmundur Kristjánsson**  
viðskiptafræðingur,  
Hnjúkaseli 10,

sem lést 9. janúar síðastliðinn, verður jarðsunninn frá Seljakirkju, miðvikudaginn 20. janúar kl. 13.00.

### Helga Zoëga

Alexander K. Guðmundsson Hildur R. Kristjánsdóttir  
Kristín Edda Guðmundsdóttir Halldór Halldórsson  
Guðrún H. Guðmundsdóttir Halldór Torfi Pedersen  
og barnabörn.



Ástkær faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Sveinn Eliasson**  
frá Ísafirði,

lést í faðmi fjölskyldunnar á hjúkrunarheimilinu Sóltúni, laugardaginn 9. janúar. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 22. janúar kl. 13.00.

Lára Helga Sveinsdóttir  
Eliás Jón Sveinsson  
Ingibjörg S. Sveinsdóttir  
Baldur S. Baldursson  
barnabörn og barnabarnabörn.

Karl Baldvinsson  
Baldur Jóhann Baldursson





Witold Bogdanski og Wiesław Grabowski, sonur skipstjórans sem fórst með Wirgy, á leið á slysstaðinn sumarið 2014 til að leggja þar blómsveig.

## Minnast merkrar sögu

Sýningin Minning þeirra lifir sem opnuð er í Sjóminjasafninu í dag heiðrar þá 25 menn sem fórust og tvo sem komust af þegar flutningaskipið Wigry fórst á Faxaflóa í janúar 1942.

„Við erum að minnast merkrar sögu. Einn þáttur hennar er afrek Braga Kristjánssonar, átján ára, sem synti og skreidd til bæjar og komst af, ásamt pólska stýrimanninum Ludwik Smolski, þegar pólska flutningaskipið SS Wirgy fórst í aftakaveðri út af Mýrum í janúar 1942. Tuttugu og sjö fórust, þar af tveir Íslendingar,“ segir Witold Bogdanski um sýninguna Minning þeirra lifir sem verður opnuð

í dag í Sjóminjasafninu á Grandagarði klukkan 16.

Witold lýsir atburðinum nánar. „Meirihluti skipverja komst við illan leik í björgunarbát en honum hvolfði og aðeins nokkrir komust á kjöl. Undir morgun reyndu þeir fjórir sem eftir voru að synda til lands. Braga og Smolski tókst það, hinir drukkuðu í flæðarmálinu. Bragi skreidd aðframkominn 1,2 km leið að Syðra-Skógarnesi og bóndinn,

Kristján Kristjánsson, náði að bjarga Smolski sem lá meðvitundarlaus í fjöruborðinu.“

Witold er sýningarstjóri, hann hefur rannsakað söguna, safnað myndum og heimildum. „Það var ekki mikið skrifað um þennan atburð,“ segir hann. Bæði var stríð og ritskoðun, svo var verkfall prentara og lítið um blöð svo þjóðin frétti ekki mikið af slysinu.“  
gun@frettabladid.id

## Merkisatburðir

**1947** Opnað er talsimasamband milli Íslands og Bandaríkjanna.

**1960** Selma Jónsdóttir listfræðingur ver doktorsritgerð við Háskóla Íslands, fyrst kvenna.

**1966** Metropolitan-óperan er opnuð í New York.

**1973** Fyrsti stóri skuttogarinn sem Spánverjar smíða fyrir Íslendinga, Bjarni Benediktsson RE 210, kemur til Reykjavíkur.

**1995** Snjóflóð fellur í Súðavík með þeim afleiðingum að fjórtán manns farast.



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

**Eyjólfs Davíðssonar**  
Sléttuvegi 23, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Vífilsstaða og hjúkrunarheimilisins Skjòls fyrir góða umönnun og hlýju.

Héðinn Eyjólfsson  
Guðrún S. Eyjólfsdóttir  
Sigríður Eyjólfsdóttir

Guðrún H. Fjalldal  
Snjólfur Ólafsson  
Ólafur Ó. Guðmundsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför elsku föður okkar, tengdafaður og afa,

**Arnar Helgasonar**  
Hagamel 41, Reykjavík,

sem lést á Hrafnistu þann 28. nóvember sl.

Stefán Már Arnarson  
Svala Arnardóttir  
Sigríður A. Arnardóttir  
Helgi Arnarson

Arthúr Björgvin Bollason  
Vilhjálmur Ó. Sigurhjártarson  
Erna Ólafsdóttir  
og barnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðriður Ósk Elíasdóttir**

fyrirverandi formaður verkakvennafélagsins Framtíðarinnar,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 9. janúar sl. Útförin fer fram frá Viðistaðakirkju fimmtudaginn 21. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

Sjöfn Jónasdóttir

Elías Jónasson  
Þóra Stefánsdóttir  
Silja Stefánsdóttir  
Jónas Stefánsson  
Klara Ósk, Ásta Júlía, Elin Lovisa  
Stefán Ottó, Regina Von, Unnur Sjöfn, Auður Odda



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afa, sonur og bróðir,

**Guðni Tómasson**

skrúðgarðyrkjumeistari,

lést á líknardeild Landspítalans 8. janúar. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeim sem vilja minnast hans er bent á heimahlyningu og líknardeild Landspítalans. Við þökkum sýndan stuðning.

Rita Eigminaite

Jónas Guðnason  
Hlin Guðnadóttir  
Helgi Guðnason  
Tómas Grétar Sigfússon  
Elíasa Ólafsdóttir  
Michael Hassing  
Helga Guðmundsdóttir  
Sigríður Gunnarsdóttir  
systkini og barnabörn.



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru eiginkonu, móður, dóttur og systur,

**Bjarkar Þórarinsdóttur**  
Hólmaþingi 8, Kópavogi.

Kristinn Pétursson

Alexander Kristinsson  
Þórarinn Ingi Jónsson  
Smári Þórarinsson  
Rósa Þórarinsdóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afa,

**Þór Halldórsson**

læknir,

sem lést 2. janúar síðastliðinn, verður jarðsunninn frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn 19. janúar kl. 13. Þeir sem vildu minnast hans láti Reykjavíkurdeild Rauða krossins njóta þess.

Auður Ingólfssdóttir

Guðlaug Þórsdóttir  
Jóna Þórsdóttir  
Bollí Þórssón  
Hjalte Þór Þórssón  
Ingólfur Kristjánsson  
Lars Peter Jensen  
Ásdís Hlökk Theodórsdóttir  
og barnabörn.



Elskuleg eiginkona mín, amma og langamma,

**Þórunn Eggþóra Andrésdóttir**

Furugerði 1,

andaðist á Landspítalanum Fossvogi þriðjudaginn 5. janúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 20. janúar kl. 13.00.

Bergsteinn Ólason

Steinunn Kristjánssdóttir  
Andrés Lars Kristjánsson  
Rán Bachmann Einarsdóttir  
Einar Valur B. Garðarsson  
Alexander Valur B. Garðarsson  
Ingvar Valur B. Garðarsson  
Garðar Ingi Ingvarsson  
Gardar Ingi Ingvarsson



Innilegar þakkir fyrir veitta samúð og hlýhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Ástu Valdemarsdóttur**  
Hraunbæ 103, Reykjavík,

sem lést 21. desember á Landspítalanum í Fossvogi.

Magnús Gissurarson

Jóhanna V. Magnúsdóttir  
Ásta Hallsdóttir  
Sigurveig Hallsdóttir  
Hanna Valdis Hallsdóttir  
Hallur Steinar Jónsson  
Jón Valentinsson  
Ingvar Karlsson  
Torstein Sivertsen  
og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afa,

**Kolbeinn Jakobsson**

bifreiðarstjóri, áður til heimilis að Gullsmára 9, Kópavogi,

lést mánudaginn 28. desember síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Eiríkur Kolbeinsson  
Ólafur Kolbeinsson  
Dagný Birta Dan Ólafsdóttir  
Brynjar Logi BaoFu Ólafsson

Arnþróður Karlsdóttir



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu í veikindum og við andlát og útför ástkærs eiginmanns og föður,

**Birgis Rögnvaldssonar**

Ásgarði 29, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Landspítalans í Fossvogi fyrir einstaka umönnun og allir þeir sem lögðu okkur lið þegar á þurfti að halda.

Guðrún Sigurbjörg Bergþórsdóttir  
Anna María og Bergþór Ingi Birgisbörn



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Unnur Guðrún Haraldsdóttir**

hárgreiðslukona og sjúkraliði, Skipastíg, Grindavík,

lést á líknardeild Landspítalans mánudaginn 11. janúar. Útför hennar verður gerð frá Grindavíkurkirkju miðvikudaginn 20. janúar kl. 14.00.

Jón Eyjólfur Sæmundsson

Kristinn Ingi Jónsson  
Halla Kristin Sveinsdóttir  
Stefán Sæmundur Jónsson  
Bjarnlaug Ósk Jónsdóttir  
Diana Sigurðardóttir  
Þórarinn Kristjánsson  
Dagný Ágústsdóttir  
Guðjón Gunnlaugsson  
barnabörn og barnabarnabörn hinnar látnu.

HEFST  
**31.**  
JANÚAR

# ÍSLAND GOT TALENT

## VIÐBURÐARÍKT ÁR



Framundan er svo sannarlega frábært ár á Stöð 2. Við bjóðum fjölda frumsýninga á íslensku og erlendu efni, kynnumst nýjum og áhugaverðum persónum ásamt því að fylgjast með sívinsælum góðkunningjum Stöðvar 2 út allt árið. Við byrjum með svakalegri bombu þegar leitin að næstu stórstjörnu í Ísland Got Talent hefst með nýjum hópi við stjórnvölinn. **Gleðilegt nýtt sjónvarpsár með Stöð 2.**



# Í VÆNDUM Á STÖÐ 2



Í Skemmtipakkanum eru sex fjölbreyttar og skemmtilegar sjónvarpsstöðvar með frábæru sjónvarpsefni fyrir alla fjölskylduna.

**365**



# KROSSGÁTA

### LÁRÉTT

- 1 Skyndipelar fyrir þær sem þjóta hjá (11)
- 7 Er þessi vegur á herðablöðunum? (3)
- 11 Burt með þig maður, nú er ræs! (6)
- 12 Höfuðlækning bætur skaðann (7)
- 13 Hænuklæddi haninn og hræranlegi hlerinn hans (9)
- 14 Gullhlíð gefur meiri arð (6)
- 15 Átökin voru svo persónuleg að líkið var drepið (7)
- 16 Ærsladraugur bætur geð og kætir (9)
- 17 Fóru í ranga röð og urðu of seinar, ferðalagið er byrjað! (6)
- 18 Ekki stærst en fjölmennast í sinni álfa (7)
- 20 Bibí og durrindí? Nei, bara kvak og krunk (9)
- 26 Hvorki algengar né hjálpuðar (13)
- 31 Sæti færís að stínga í feitan bita, milli skvaps rengis? (8)
- 32 Öll sund liggja að Menningartengslum Íslands og Ráðstjórnarríkanna segja háttsettir dátar (9)
- 33 Í rými með hressum gamlingjum og þeirra mágildum (8)
- 34 Heitir þú hjör? (5)
- 35 Leita að eggjum á rifflunum (9)
- 38 Af tygjatrixum og kærleikspukri (10)
- 41 Tittir sára telja fram (6)
- 42 Þýtt hefur veitt með vaði (6)
- 44 Fátt er um kvæðjur er slæmska sækir að (13)
- 45 Þvinga ruglaða til að gnauda (5)
- 48 Talið mikil ofan af því að mæta í fimmtugsfjörð (11)
- 49 Hér lifir ódaulegt ekki af (6)
- 50 Þolir þú að hann þjáist? (5)
- 51 Ævintýri um smáræði spretthlauparans (9)
- 52 Majór Bowies og ambátt hans, einingin (6)

### LÓÐRÉTT

- 1 Hlutkesti ræður hver kemst í lummuparti (8)
- 2 Blæs þá brún á framtíðarfróurfé (8)
- 3 Án allra langana til að skemmta sér? (8)
- 4 Aðeins þau þekkjá til þessara merkja (8)
- 5 Grynna gin sandrifja og setja þau úr skorðum (9)
- 6 Bönum brjáluðum á fákaslóð (9)
- 7 Bjór streymir ef liðamót hljóma gamaldags (7)
- 8 Leita fúavarinna fyrir þig en laga sterkt kaffi fyrir hina (7)
- 9 Ég hristi lömb en þið afbakið allt (7)
- 10 Sér ekki leið tvö vegna þeirra sem lokað var í annan endann (9)
- 19 Aum komast í eftirrétt sem er eins og grýlukertið (7)
- 21 Smáblettur á grunnsvævi, þar hefjast leikar (13)
- 22 Þetta er leiði, það tel ég nokkuð víst (7)
- 23 Kryddlegnar og fagurlega útskornar (7)
- 24 Látum blómin tala, en þau tala aldrei hreint út (7)
- 25 Klambra saman klaka til iðnaðarframléiðslu (9)
- 27 Skúli minn, þú útsmogni rugluðallur! (6)
- 28 Veitum hvíld þeim ungu sem slegnir eru spanskri sliktu (8)
- 29 Vatn, sykur, bragðefni og kolsýra er síað gegnum vikurinn? (8)
- 30 Fékk mér feitan fisk og bar á belg (8)
- 36 Drap á dínósára með kamb (8)
- 37 Inn með matsala sem starfar þó helst útvortis (8)
- 39 Skjögra á báða vegu milli skýla (7)
- 40 Myndabækurnar geyma vínlynn (7)
- 42 Ég mun vinna að því að fá meira fjör í ákveðna franska (6)
- 43 Sé þá væng rjúka upp, þvílíkt böll! (6)
- 46 Tautum tvisvar um stór (5)
- 47 Svona flaga er stórfín í stafna með smá tilfærslum (5)




### Lausnarorð síðustu viku var **FRAMHANDLEGGUR**



### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af **Lóaboratoríum** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Elisa Björg Þorsteinsdóttir, Reykjavík.**



--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--

### LAUSNARORÐ


Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist klassískt úthverfabit. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 20. janúar næstkomandi á [krossgata@frettabladid.is](mailto:krossgata@frettabladid.is) merkt „16. janúar“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.



YNWA - GGMU - BIÐIN ER Á ENDA

## LIVERPOOL-MAN. UTD.



Það er komið að uppgjörinu á Anfield þegar heimamenn fá Rauðu djöflana frá Manchester í heimsókn á sunnudag kl. 13:55.

Þú vilt ekki missa af þessum.

365.is | Sími 1817

365

## Þrautir

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### Lesið stöðuna

Bridgesamband Íslands hefur staðið fyrir landsliðskeppni með þátttöku 14 para. Spilað hefur verið 2 helgar til þessa, í október og janúar. Að loknum 2 helgum af 3 eru Sveinn Rúnar Eiríksson og Þröstur Ingimarsson efstir með 208 impa í plús. Í öðru sæti eru Sigurbjörn Haraldsson og Jón Baldursson með 189 og Aðalsteinn Jörgensen og Birkir Jónsson í þriðja með 185,5 impa í plús. Í þessu spili, síðari helgina, fengu Sveinn Rúnar og Þröstur verðlaun fyrir gott spilamat. Þeir sátu í NS, norður gjafari og AV á hættu:

- |   |  |   |
|---|--|---|
| <p><b>VESTUR</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>♠ KG83</li> <li>♥ 43</li> <li>♦ -</li> <li>♣ 1097642</li> </ul> | <p><b>NORÐUR</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>♥ D10976</li> <li>♠ 10</li> <li>♦ K97543</li> <li>♣ Á</li> </ul> <p><b>SUÐUR</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>♠ Á5</li> <li>♥ KD952</li> <li>♦ ÁD8</li> <li>♣ G85</li> </ul> | <p><b>AUSTUR</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>♠ 2</li> <li>♥ ÁG876</li> <li>♦ G1062</li> <li>♣ KD3</li> </ul> |
|---|--|---|

Sveinn Rúnar, sem sat í norður, ákvað að opna á einum spaða. Austur ákvað að dobla sem benti til þess að spaðinn lægi illa. Suður redoblaði til að sýna punkta-styrk og vestur sagði eitt grand sem var laufyfirfærsla. Sveinn sagði tvo tígla, Þröstur krafði með 3 laufum og Sveinn sagði 3 tígla. Miðað við þær upplýsingar valdi Þröstur að spila 5 tígla. Engu máli skipti að trompliturinn lá 4-0, samningurinn vannst eigi að síður. Spaðageim var spilað á 4 borðum af 7 og fór eðlilega niður. Sveinn Rúnar og Þröstur fengu 9 impa í plús fyrir spilið.

## Skák Gunnar Björnsson



Þröstur Þórhallsson (2.423) átti leik Jón Trausta Harðarsyni (2.059) á Nóa Sírius mótinu - Gestamóti Hugins og Breiðabliks.

### Hvítur á leik

**16. Bxh6! Bxb3 17. Bxg7! Rh7 (17...Kxg7 18. Rf5+ Kg8 19. Dh6) 18. Dh6! Be6 19. Rg5! Svartur gaf. 19...Rxxg5 er svarað með 20. Bf6! Glæsilega teflt hjá Þresti. [www.skak.is](http://www.skak.is): Guðmundur Gíslason í forystu á Gestamótinu.**

## Sudoku

### LÉTT

	6	5						3
9	8		3			2		7
2			4			9		
				1	8			2
6	2		9	3				
	3	5	8					4
3					9	1		
	9				7	6	5	

### MIDLUNGS

8		2			3			
1	9			4				
		5		2	8		9	
			7		4	5		
5				1		2		
2	3	9			7		6	
					3	8		1
9	4						7	
	2		9	5	6			

### PUNG

							5	6
4		8	2				9	3
	7			8			1	
			1				7	3
					9	8		
		6		4	7			
3	6							2
				4	6			5
	4				3			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

### LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

7	9	6	3	5	2	1	4	8
8	3	5	4	9	1	2	7	6
1	2	4	6	7	8	3	9	5
2	4	9	8	3	6	5	1	7
3	5	8	1	2	7	4	6	9
6	7	1	5	4	9	8	2	3
9	1	3	7	8	4	6	5	2
4	8	2	9	6	5	7	3	1
5	6	7	2	1	3	9	8	4
7	8	4	2	3	6	5	1	9
9	2	6	1	5	8	7	3	4
5	3	1	7	9	4	6	8	2
4	9	3	5	6	1	8	2	7
1	5	8	4	7	2	9	6	3
2	6	7	9	8	3	1	4	5
6	1	9	3	2	7	4	5	8
3	4	5	8	1	9	2	7	6
5	6	7	2	1	3	9	8	4
8	7	2	6	4	5	3	9	1
4	5	9	3	6	1	8	2	7
1	6	2	7	4	8	5	9	3
9	3	1	6	5	4	7	8	2
5	2	4	9	8	7	1	3	6
6	8	7	1	2	3	4	5	9
3	9	5	8	7	6	2	4	1
7	4	8	2	1	9	3	6	5
2	1	6	4	3	5	9	7	8



LÉTT ÖL KYNNIR:

Instagram Twitter Facebook #hlust2016



# HLUSTENDA VERÐLAUNIN 2016

KOMDU INN Á BYLGJAN.IS, FM957.IS, X977.IS EÐA VÍSIR.IS OG VELDU ÞAÐ SEM ÞÉR FANNST SKARA FRAM ÚR Í ÍSLENSKRI TÓNLIST Á ÁRINU 2015

HLUSTENDAVERÐLAUNIN VERÐA AFHENT Í KRAFTMIKILLI OG GLÆSILEGRI TÓNLISTARVEISLU Í HÁSKÓLABÍÓI 29. JANÚAR Í BEINNI ÚTSENDINGU Á STÖÐ 2

#### LAG ÁRSINS

HAILSLIDE - JÚNÍUS MEYVANT  
CRYSTALS - OF MONSTERS AND MEN  
SEE HELL - AGENT FRESCO  
NO MORE - GLOWIE  
ÁST SEM ENDIST - PÁLL ÓSKAR  
SKÁL FYRIR ÞÉR - FRÍÐRIK DÓR

#### PLATA ÁRSINS

GÍSLI PÁLMI - GÍSLI PÁLMI  
BENEATH THE SKIN - OF MONSTERS AND MEN  
DESTRIER - AGENT FRESCO  
TVÆR PLÁNETUR - ÚLFUR ÚLFUR  
EASY STREET - DIKTA  
18 KONUR - BUBBI & SPAÐADROTTNINGARNAR

#### SÖNGVARI ÁRSINS

JÓKULL JÚLIÚSSON  
PÁLL ÓSKAR  
ARNÓR DAN  
FRÍÐRIK DÓR  
HAUKUR HEIÐAR  
JÚNÍUS MEYVANT  
RAGNAR ÞÓRHALLSSON

#### NÝLÍÐI ÁRSINS

GLOWIE  
AXEL FLOVENT  
ALDA DÍS  
FUFANU  
MARÍA ÓLAFSDÓTTIR  
STURLA ATLAS

#### ERLENDI LAG ÁRSINS

THINKING OUT LOUD - ED SHEERAN  
UPTOWN FUNK - MARK RONSON  
GO - THE CHEMICAL BROTHERS  
DREAMS - BECK  
EX'S AND OH'S - ELLE KING  
CAN'T FEEL MY FACE - THE WEEKND  
HELLO - ADELE

#### FLYTIANDI ÁRSINS

OF MONSTERS AND MEN  
JÚNÍUS MEYVANT  
ÚLFUR ÚLFUR  
GÍSLI PÁLMI  
PÁLL ÓSKAR  
DIMMA  
KALEO

#### SÖNGKONA ÁRSINS

NANNA BRYNDÍS HILMARSDÓTTIR  
GLOWIE  
ALDA DÍS  
HULDA KAREN KOLBRÚNARDÓTTIR  
MARGRÉT RÚNARSDÓTTIR  
STEFANÍA SVAVARSDÓTTIR  
MARÍA ÓLAFSDÓTTIR

#### MYNDBAND ÁRSINS

GEGNUM DIMMAN DAL  
BRENNUM ALLT  
HÆPIÐ  
STRÁKARNIR  
CRYSTALS  
SEE HELL  
WAY DOWN WE GO  
ÍNÆSTA LÍFI

BYLGJAN 989



Tónlist

## Konráð og félagar á ferð og flugi 182

Teikningar og texti: Bragi Halldórsson

„Er það ekki enn ein stafasúpan,“ dæsti Róbert. „Ég skil bara ekki hvað er svona merkilegt við það að rugla stöfum fram og til baka.“ „Jú, það eru svo skemmtilegar þrautir,“ sagði Konráð glaður. „Því þegar maður er að lesa er öllum orðunum raðað upp í beinar línur og þess vegna er svo gaman að brjóta orðin upp og raða þeim einhvern veginn öðruvísi, raða þeim í þrautir.“ „Stafapraut, jáhá,“ rumdi í Kötú. „Og hvernig er þessi stafasúpa þraut?“

„Það er spurt,“ sagði Konráð, „hvaða þrjár stafir eiga að vera þar sem strikin eru.“ „En stafirnir eru bara bull,“ Kata var orðin æst yfir þessari gátu. „Þetta er ekki einu sinni orð.“ „Já, það er einmitt málið,“ sagði Konráð. „Það er regla á því í hvaða röð stafirnir eru og ef við finnum þá reglu, þá finnum við þessa þrjá síðustu stafi sem vantar.“

Getur þú fundið út hvaða þrjár stafir eiga að vera síðastir?

# J F M A M J J Á S \_ \_ \_



## Brandarar

Maggi fill og Büddi maur fóru saman í sund. Þegar Maggi fill var kominn ofan í laugina kom Büddi maur labbandi og sagði: „Hei, Maggi, ég held að þú hafir tekið sundskýluna mína.“

Einu sinni fóru mús og fill saman í bíó. Fillinn settist fyrir framan músina, hún sá ekki neitt, varð öskureið og settist fyrir framan filinn. Þá sagði hún: „Nú sérðu hvernig þetta er!“

Tvær kýr sátu uppi í tré og prjónuðu mjólkurfötu. Hestur flaug hjá. Önnur kýrin spurði: „Sástu þetta?“ „Nei,“ svaraði hin. Hesturinn flaug aftur hjá og aftur spyr sú fyrri: „Sástu núna?“ „Já, hann hlýtur að eiga hreiður hér í grenndinni.“



Ragnheiður Lóa fyrir utan Austurbæjarskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Er með veitingastað ásamt besta vini

Það fer eftir því í hvernig skapi hún Ragnheiður Lóa Ólafsdóttir er, hvaða tónlist hún hlustar á. Hún heldur upp á hljómsveitina One Direction og var svo heppin að komast á tónleika með henni í Köben.

**Hvað heitir þú fullu nafni og hversu gömul ertu?** Ég heiti Ragnheiður Lóa Ólafsdóttir og er 12 ára en verð 13 ára 2. febrúar.

**Hvar býrðu og í hvaða skóla ertu?** Ég bý til skiptis hjá mömmu og pabba, Kristjönu Stefánsdóttur og Ólafi Jens Sigurðssyni, viku hjá hvoru. Mamma býr í Mosfellsbænum og pabbi í Vesturbænum og ég er nemandi í Austurbæjarskóla.

**Hvað gerir þú yfirleitt eftir skólann?** Ég leik oftast við vini mína eða fer á körfuboltaæfingu, æfi með Val. En stundum fer ég í félagsmiðstöðina í skólann.

**Hver eru helstu áhugamálin?** Leiklist, körfubolti, tónlist og matreiðsla. Ég og Brynjólfur, besti vinur minn, erum með svona „pop up“ veitingastað sem heitir Le Panns. Ég er líka mjög heppin með foreldra því að ég fór fyrst í leikhús þegar ég var 10 daga gömul, þar sem pabbi var að leikstýra svo var ég mjög oft með honum á leikæfingum og svaf undir leikstjóraborðinu. Svo er mamma tónlistarkona og vinnur í Borgarleikhúsinu og ég hef farið á svo marga tónleika þar sem hún er að syngja að ég er löngu hætt að telja.

**Hvernig tónlist líkar þér best?** Það fer svolítið eftir því í hvernig skapi ég er en ég á mér uppáhalds

hljómsveit sem heitir One Direction og ég hlusta mikið á hana og líka bara alls konar tónlist.

**Áttu þér uppáhaldshlut?** Já, körfuboltann minn og nokkrar myndir af mér og besta vini mínum. Ég bjó líka til minningakassa og setti hluti í hann úr gamla skólanum mínum.

**Hefurðu farið til útlanda?** Já, ég hef farið einu sinni til Danmerkur og fór þar á geðveika tónleika með One Direction í Parken í Kaupmannahöfn.

**Hvað langar þig að gera í framtíðinni?** Mig langar mest að verða leikkona.

## UNDRABARNIÐ JOEY ALEXANDER

Joey Alexander er tólf ára indónesískur drengur sem er algert undrabarn þegar kemur að djassleik á píanó. Hann er einn þeirra sem tilnefndir eru til Grammy-verðlauna fyrir djass og er yngsti einstaklingur heims sem hefur hlotið þann heiður. Tilefnið er platan My Favorite Things sem kom út í maí á síðasta ári, þegar Alexander var bara 11 ára gamall.

Þegar Joey Alexander var sex ára fór hann að læra á píanó einn og sjálfur. Vegna þess hversu lítinn aðgang hann hafði að kennslu þar sem hann ólst upp æfði hann með þekktum djassistum á Bali og í Djakarta. Þegar hann var níu ára vann hann til aðalverðlauna á Grand Prix Master-Jam Fest sem haldin var í Úkraínu. Þátttakendur voru 43, frá sautján löndum og á öllum aldri.

Fjölskylda Joey Alexanders flutti til New York árið 2014. Þar hefur hann vakið athygli og meðal annars spilað fyrir Bill Clinton og á tónlistarhátíðum.



Hann hefur spilað fyrir Bandaríkjaforseta, þessi ungi maður.

NORDICPHOTOS/GETTY

# nettó

-25%



NETTÓ KJÚKLINGAÆNGIR:

299

ÁÐUR 398 KR/KG

# PAMPERS GÆÐABLEYJUR Á FRÁBÆRU VERÐI

Botnverð á Pampers bleyjum í Iceland



Pampers


ÓTRÚLEGT  
VERÐ



TILBOÐ Á BLEYJUM

**1199** kr. pakkinn

PAMPERS  
ALLAR STÆRÐIR - STÓRIR PAKKAR



**Borgaðu** með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró. Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að 14 daga vaxtalausán greiðslufrest. Skráðu þig á [www.netgiro.is](http://www.netgiro.is)

 **Netgíró**  
Betri leið til að borga

Úrval er breytilegt eftir verslunum




OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN  
ICELAND, ENGIHJALLA,  
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

# Iceland

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur



Fremur hæg suðaustlæg átt og slydda eða rigning af og til suðaustanlands, skýjað en yfirleitt þurrt annars staðar. Viða frostlaust við sjóinn um tíma, en síðan léttir til og kólnar um kvöldið, einkum í innsveitum norðaustanlands.

### Heimurinn

Kaupmannah. Oslo -3°	Stokkhólmur -12°	Gautaborg -6°	Helsinki -13°	Þórshöfn -1°	Nuuk -9°
London 1°	Amsterdam 5°	Paris 5°	Berlin 0°	Madrid 6°	Brussel 5°
Róm 10°	Boston 6°	New York 2°	Orlando 11°	Moskva -9°	Singapúr 27°
Tókyó 5°	Sydney 19°				

### Flóð & fjara

Flóð	Fjara
Reykjavík 10.57	04.38
3,73m	0,83m
23.32	17.15
3,51m	0,84m

Akureyri	
03.04	08.59
1,40m	0,43m
15.13	21.24
1,35m	0,32m

Ísafjörður	
00.29	06.46
1,93m	0,54m
12.59	19.31
2,06m	0,47m

### Tunglstaða



Vaxandi  
37%

Sólarupprás:  
10.53

Sólarlag:  
16.21

### Reykjavík

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
1° ← 11	-0° ← 12	3° ↖ 7	5° ↗ 8	5° ↑ 8

### Ísafjörður

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-2° ↖ 9	-3° ↑ 4	1° ↖ 5	1° ↖ 6	3° ↑ 12

### Akureyri

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-3° ← 5	-8° ↖ 6	-1° ↑ 6	2° ↑ 7	2° ↑ 9

### Egilsstaðir

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-2° ↖ 8	-4° ← 4	1° ↖ 11	3° ↑ 8	4° ↑ 16

### Kirkjubæjarklaustur

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
2° ← 8	0° ← 9	5° ← 11	6° ↑ 4	6° ↑ 7

## Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



### 12 spora námskeið í Háteigskirkju

Kynningarfundur verður í safnaðarheimili kirkjunnar þriðjudaginn 19. janúar kl. 19:30



FAGNAÐU LITLU

SIGRUNUM

Matthías greindist 15 ára með beinkrabbamein

#shareyourscar



# ÚTSAULA

BÍLMAGNARAR  
FERÐATÆKI MP3 SPILARAR  
MAGNARAR ÚTVÖRÞ  
BÍLTÆKI  
HÁTALARAR  
SJÓNVÖRÞ MYNDAVÉLAR  
DVD SPILARAR  
BÍLHÁTALARAR  
HEYRNARTÓL  
HLJÓMBORÐ  
REIKNIVÉLAR

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPPVOTTAVÉLAR  
HELLUBORÐ OFNAR  
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR  
KAFFIVÉLAR BLANDARAR  
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN  
RYKSUGUR  
ELDAVÉLAR  
FRYSTIKISTUR  
PVOTTAVÉLAR  
ÍS SKÁPAR  
SAMLOKUGRILL  
HÁFAR

### NOKKUR VERÐDÆMI

Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti  
Philips, Panasonic og LG sjónvörp með allt að 300.000kr afslætti  
Frystikistur frá 24.995  
Philips bluetooth hátalarar með allt að 67% afslætti  
Blu-ray DVD spilarar með allt að 33% afslætti  
Örbylgjuofnar með allt að 50% afslætti  
Ofnar, háfar og helluborð á frábærum verðum  
Panasonic þvottavélar frá 49.995  
Kæliskápar með allt að 46% afslætti  
Kaffivélar, brauðristar og önnur smátæki á miklum afslætti  
Philips heyrnartól með allt að 60% afslætti  
Pottar, pönnur og búsáhöld með allt að 75% afslætti

Sjá allt  
úrvalið  
á [ht.is](http://ht.is)

**TAKMARKAÐ MAGN**

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

Opið virka daga 10-18 og laugardaga 11-16



**Heimilistæki**


[www.ht.is](http://www.ht.is)

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic  
wilfa Melissa -friete elna VESTFRÖST exDO MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO



Jaroslav Andel sýningarstjóri framan við sandkassann í titli sýningarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



SPENNANDI

TÆKIFÆRI

Á RAUFARHÖFN!

Norðurþing auglýsir rekstur Hótel Norðurljósa til leigu frá 1. febrúar 2016 til 31. október 2016.

Hið leigða er hótellutinn að Aðalbraut 2, 15 herbergi, matsalur og íbúð, nafn hótelsins og rekstrarbúnaður samkvæmt lista. Hótelid var í fullum rekstri fram í nóvember 2015.

Óskað er eftir tilboðum í leigu á ofangreindu tímabili en skila þarf lýsingu á áformum rekstrararæðila með þjónustu og gæðaviðmið sem haft verður í huga við rekstur hótelsins. Gert er ráð fyrir að leigutaki greiði allan almennan kostnað af rekstrinum, svo sem rafmagn, viðhald

búnaður og minniháttar viðhald húsnæðis í samræmi við húsaleigulög 36/1994. Ekki er gert ráð fyrir neinum meiriháttar breytingum á húsnæðinu á leigutímanum. Eignin verður auglýst til sölu á leigutímanum.

Húsnæðið verður til sýnis **mánudaginn 25. janúar 2016 frá kl. 10 til 14**. Nánari upplýsingar gefur Tryggvi Finnsson, netfang: tryggvif@simnet.is, sími 4641349/8641343. Norðurþing áskilur sér rétt að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Skila skal tilboðum til Norðurþings, Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík eða [nordurthing@nordurthing.is](mailto:nordurthing@nordurthing.is) eigi síðar en **mánudaginn 31. janúar 2016**.

# Menntun á að gera okkur að manneskjum

**Sýningin Aftur í sandkassann: Listir og róttækar kennsluáferðir var opnuð í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur í gær undir stjórn Jaroslavs Andél.**

Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is



**ÞANNIG AD EF VIÐ HÖLDUM ÁFRAM AD LITA Á LIST SEM ANNADHVORT FEGURÐ EÐA SKEMMTUN ÞÁ ERUM VIÐ SVO SANNARLEGA AD MISSA AF EINHVERJU GRUNDFALLARATRIÐI Í LÍFINU.**

konar óþurft og á kostnað framleiðnimenntunar.

## Iðnvæðing menntunar

Ein hliðin á þessu snýr til að mynda að aðgengi að menntun og það er í raun lýsandi fyrir þá misskiptingu sem virðist vera sífellt að aukast í veröldinni. Misskipting er orðin eitt allra stærsta vandamál okkar dag og það sér ekki fyrir endann á henni. Þetta er eitthvað sem lýðræðinu stendur svo sannarlega mikil ógn af.

Það sem ég sé sem meginvanda menntunar og lista er að það er búið að framleiðnivæða þessar greinar. Innan menntunar er í sífellu leitast við að veita þér menntun sem er sniðin að því að þú getur aflað þér mannsæmami tekna í framtíðinni – séð vel fyrir þér og þínum. En þar með erum við líka að missa eitthvað mikilvægt því menntun á að snúast um það að læra og það að læra gerir okkur að manneskjum fremur en starfsmönnum. Gerir okkur að því sem við erum og getum orðið.

Þess vegna er það skammsýni að hafa alla áhersluna alltaf á framleiðnina og til lengri tíma litið mun það leiða okkur í miklar ógöngur. En við höfum í raun iðnvætt menntun enda á nútíma menntun sinar rætur í iðnvæðingunni.

## Mynda tengslanet

Í tengslum við sýninguna fer fram metnaðarfull fræðslu- og viðburðadagskrá fyrir almenning og fagfólk á sviði menntamála í dag kl. 15 með umræðum Jaroslavs Andél og listamanna sýningarinnar um listir og róttækar kennsluáferðir. Þá mun Biophilia-menntaverkefnið halda smíðjur meðan á sýningunni stendur.

